

ANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

Áhugasöm um framandi mat

matur tilboð

allt í MIÐJU BLAÐSINS



birta

KLIPPT OG SKORIÐ Í HLÍÐUNUM

Húmorinn í Sigtinu

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



PETTA BLAÐ ER EKKI FYRIR SKOLHÆRT FÓLK

ÖBÍ kynnir nýja hugmyndafræði um eitt samfélag fyrir alla.

Fylgstu með á næstu dögum!



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. apríl 2006 – 106. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Aldarafmæli Snorra

Snorri Hjartarson fæddist fyrir rétttri öld. Bróðursonur Snorra minnist skáldsins sem orti um hina heilögu þrenningu land, þjóð og tungu.

MENNING 54



Óttinn við innflytjendur

Það er ljótur leikur að ala á ótta fólks við hið óþekkt eins og Ásgeir Hannes Eiríksson gerir, segir Birgir Guðmundsson. Og jafnvel enn ljótari leikur í ljósi þess að ekkert tilefni er til þess.

Í DAG 26

Veðrið batnar eftir viku

Draumar Haralds Þórarinssonar, bifvélavirkja í Kvistási í Kelduhverfi, benda til að veðrið muni fari batnandi.


TILVERA 16

Samningur rift

Handknattleiksdeild FH hefur sagt upp samningum við alla leikmenn karla og kvennaliðs félagsins. Fjárhagsstaða deildarinnar er mjög slæm og aðgerðirnar nauðsynlegar.

ÍDRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTUTIÐ OG MILTI- Í dag verða suðlægar áttir, 5-13 m/s. Víða rigning eða skúrir en úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 3-11 stíg, hlýjast á Norðausturlandi.

Íslendingar 18-49 ára

Lestur föstudaga

67%

Fréttablaðið

49%

Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í janúar 2006.



SUMARKOMUNNI FAGNAÐ Í VESTURBÆNUM Ungir sem aldnir mættu í skróðgöngu sem farin var frá Melaskóla í gær í tilefni af sumardegnum fyrsta. Eins og sjá má skín sumarið úr augum þessara ungu fánabera enda fraus saman sumar og vetur í nótt og veit það á gott veður. Ungi maðurinn á milli þeirra er þó þyngri á svip og gæti verið að gera upp nýliðinn vetur í huganum.

Actavis býður 145 milljarða í Pliva

Yfirtökutilboð Actavis er hæsta tilboð sem íslenskt fyrirtæki hefur gert í annað félag. Sameinað félag yrði þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims.

VIÐSKIPTI Actavis hefur hækkað fyrra tilboð sitt í króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva, sem er skráð í kauphöllina í Lundúnum og Zagreb, um ellefu prósent. Tilboðið hljóðar upp á 630 HRK en verðmæti Pliva er samkvæmt því 145 milljarðar króna eða 1,85 milljarðar dala. Þetta er hæsta yfirtökutilboð sem íslenskt félag hefur lagt fram í annað fyrirtæki.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, segir að gangi tilboðið eftir verði sameinað félag þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims.

„Okkar iðnaður er að þjappast mikið saman. Það er mikil fjárfesting í verksmiðjum og lyfjum og því skiptir miklu máli að stækka.“

Róbert segir að Actavis hafi verið í viðræðum við stjórnendur Pliva og stærstu hluthafa frá því í mars. Stjórnendur hafa lýst því yfir að tilboð þetta sé í lægri kantinum, eins og það fyrra, en lögðu samt sem áður nokkrar spurningar fyrir forsvarsmenn Actavis sem svarað var í gærkvöld. Á næstu dögum ræðst hvort Actavis verði boðið að taka þátt í áreiðanleika-

könnun en Róberti líst vel á framhaldið.

Actavis hefur fengið bankana HSBC, JP Morgan og UBS til að fjármagna kaupin. „Við myndum svo endurfjármagna skuldir Actavis í leiðinni og erum því að tala um heildarpakka upp á þrjá milljarða dala. Ég met það þannig að það eru ekki mörg félög sem geta keypt svona stórt fyrirtæki. Okkar staða er því góð.“

Ætlunin er að Actavis skrái bréf sín í kauphöllina í Króatíu og leiti fleiri leiða til að skráningar. - eþa

Breytingar á Íbúðalánasjóði: Verði bakhjarl á lánamarkaði

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Í áfangaskýrslu stýrihóps félagsmálaráðherra um breytingar á Íbúðalánasjóði er gert ráð fyrir því að sjóðurinn breytist í lánabakhjarl banka og sparisjóða samkvæmt tillögum hópsins. „Hugmyndir stýrihópsins um hugsanlegar breytingar á sjóðnum voru skoðaðar með það að leiðarljósi að skerða ekki félagslegt hlutverk hans,“ segir Sigurjón Þórsson, formaður stýrihópsins.

Guðlaugur Þór Þórðarson segir ríkisrekin Íbúðalánasjóð tímaskekkju. „Það er ekki ríkisins að hafa eitthvert tæki sem yfir undir verðbólgu í landinu. Ég var mjög ósáttur við ákvörðun félagsmálaráðherra um að hækka hámarkslánin, einmitt þess vegna.“

- mh / sjá síðu 18

Frumvarp um réttindi samkynhneigðra afgreitt:

Fá að ættleiða

SAMFÉLAGSMÁL Frumvarp sem miðar að því að auka réttindi samkynhneigðra hefur verið afgreitt í allsherjarnefnd og mun fara í dreifingu í dag eða strax eftir helgi.

Að sögn Bjarna Benediktssonar, formanns nefndarinnar, felur frumvarpið í sér rétt samkynhneigðra til ættleiðinga og tæknifrjóvgunar. Auk þess verður samkynhneigðum gert kleift að skrá samvist sína í þjóðskrá sem mun þýða aukin réttindi þeirra varðandi almannatryggingar, skattalega meðferð á eignum, félagsþjónustu og fleiru.

Hins vegar féllst nefndin ekki á það að veita trúfélögum rétt til að staðfesta sambúð samkynhneigðra með borgaralegri athöfn. Það verður því enn um sinn einungis í höndum sýslumanns að staðfesta sambúð samkynhneigðra.

„Hins vegar geri ég ráð fyrir því að Guðrún Ögmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, leggi fram frumvarp þar sem þetta verður tekið upp,“ segir Bjarni.

Hann segist ekki trúá öðru en frumvarpið sem allsherjarnefnd hefur afgreitt verði afgreitt á þingi fyrir sumarleyfi. - jse



BJARNI BENEDIKTSSON



GEORGE W. BUSH OG HU JINTAO FORSETI KÍNA Bush lýsti yfir vonbrigðum með árangur fundar leiðtoganna sem fór fram í Hvíta húsinu í gær. - sjá síðu 2





SPURNING DAGSINS?

Bjarni, keyptir þú bók eftir tengdó?

Nei, en Þorgerður Katrín gerði það.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, fór ásamt Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í Bókabúð Máls og menningar í fyrradag að kaupa bækur í tilefni þess að vika bókarinnar hófst þá. Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrverandi þingmaður, er tengdamóðir Bjarna.

British Airways lækka fargjöld: Lægra verð til 65 áfangastaða

LONDON, AP Flugfélagið British Airways tilkynnti á fimmtudag að verð á fargjöldum yrði lækkað um allt að 50 prósent aðra leiðina til alls 65 áfangastaða.

British Airways hefur barist við að halda markaðshlutdeild sinni gagnvart laggjaldflugfélögum á borð við Ryanair og Easy-Jet.

Í tilkynningunni frá félaginu segir að þessar verðlækkanir séu hluti af heildarendurskoðun á fargjaldaskipulagi flugfélagsins og ekki einstakt tilboð að ræða. -sdg

Búseta í Reykjavík:

Menn sestir að fyrir árið 874

REYKJAVÍK Fornleifarannsóknir í Aðalstræti hafa leitt í ljós að fyrstu íbúar Reykjavíkur settist þar að allt að fimm árum fyrr en áður var talið.

Ingólfur Arnarson hefur lengst af verið talinn sá fyrsti sem settist að í Reykjavík, árið 874. Við endurbýggingu Aðalstrætis 16 og uppbyggingu á reitnum við Aðalstræti 14 til 18 komu í ljós leifar af skála frá tíundu öld og við norðurenda hans fundust veggjarbröt eða garðveggur og benda rannsóknir til að hann hafi verið reistur um 870.

Þetta er elsta mannvirki sem vitað er um að hafi verið reist í Reykjavík og þykir sanna að hér hafi fyrstu íbúarnir sest að í síðasta lagi árið 873. -sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Keyrði á staur Maður var fluttur á slysadeild í gær eftir að hann missti stjórn á bíl sínum við Flatahraun í Hafnarfirði og hafnaði á ljósastaur. Billinn var dreginn af vettvangi en maðurinn reyndist þó ekki mikið slasaður.

Fimmtán ára stúlka varð fyrir fólkskulegri líkamsárás í Laugardal í fyrrkvöld:

Slegin með hafnaboltakylfu

LÍKAMSÁRÁS Fimmtán ára stúlka varð fyrir hrottalegri árás við Holtaveg í Laugardal á nýnda tímanum í fyrrkvöld. Árásarmaðurinn var vopnaður hafnaboltakylfu og lét högginn dynja á stúlkunni, meðal annars höfði hennar.

Stúlkan var á heimleið eftir að æfing sem hún ætlaði á féll niður, þegar maðurinn réðst á hana og hrifsaði af henni svarta íþróttatösku sem hún hafði meðferðis. Í töskunni voru einungis íþróttaföt. Hann flúði síðan á hlaupum í átt að skautahöllinni Laugardal.

Stúlkan var flutt á sjúkrahús til skoðunar og að sögn lögreglu er

hún óbrotin en talsvert marin.

Samkvæmt lýsingu stúlkunnar var árásarmaðurinn á aldrinum 18 til 20 ára, um 180 sentimetrar á hæð, í kringum 80 kíló og kraftalega vaxinn. Hann var dökkhærður, frekar dökkur á hörund og hugsanlega með eyrnalokk í öðru eyra. Hann var klæddur í svarta peysu, sennilega hettupeysu, og dökkbláur íþróttabuxur.

Talsvert lið lögreglunnar leit aði mannsins í nágrenni árásarstaðarins til miðnættis en leitin bar engan árangur. Lögreglan lýsir eftir vitnum að árásinni og eins einhverjum sem kunna að hafa séð manninn eða telja sig



HOLTAVEGUR Í LAUGARDAL Stúlkan var á heimleið þegar maðurinn réðist á hana. Hann flúði í átt að skautahöllinni í Laugardal.

þekkja hann af lýsingu. Þeim er bent á að hafa samband í síma 444 1000 -sh

Vélsleðamaður slasaðist:

Ók fram af klettavegg

SLYSFARIR Vélsleðamaður handleggisbrotnaði þegar hann ók fram af tíu til fimmtán metra háum klettavegg í Gjástykkni norður af Kröflu í gærmorgun.

Maðurinn var ásamt þremur öðrum við mælingar á hitasvæði þegar slysið varð. Björgunarmenn sóttu manninn og fluttu hann til aðhlyningar á Akureyri.

Að sögn lögreglunnar á Húsvík er þetta svæði sérlega hættulegt vélsleðamönnum og ekki er nema rétt rúm vika síðan annar vélsleðamaður slasaðist á svipuðum slóðum. -sh

Aðeins foreldrar nýgreindra fá greiðslu

Óánægja ríkir meðal foreldra langveikra barna með lög um greiðslur til þeirra. Einungis foreldrar barna sem greindust eftir síðustu áramót eiga rétt á greiðslunum. Framkvæmdastjóri Umhyggju gagnrýnir frumvarpið og vill úrbætur.

SAMFÉLAGSMÁL Lög um greiðslur til foreldra langveikra barna miðast eingöngu við börn sem fengu greiningu fyrsta janúar 2006 eða síðar. Fréttablaðið sagði frá því í gær að foreldrar langveiks drengs á Bolungarvík, sem fékk greiningu árið 2003, væru afar ósáttir við það að fá ekkert í sinn hlut, þótt þau hefðu þurft að leggja niður störf í lengri tíma.

Ragna Kristín Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, stuðningsfélags langveikra barna og foreldra þeirra, segist einnig óánægð með frumvarpið.

Hún segir að þessi lög varði um 300 fjölskyldur á landinu og finnst sorglegt að foreldrum sé mismunað eftir því hvenær börn þeirra greinist. „Það sem okkur sviður eiginlega mest er að þessir foreldrar eru búnir að berjast jafnmikið og foreldrar þeirra barna sem greinast síðar.“ Hún vill að sérstaklega verði tekið tillit til þessara foreldra. „Við viljum að foreldrar sem geta hreinlega sýnt fram á það að þeir hafi ekki getað unnið í lengri tíma hljóti þessi sömu réttindi.“

Ragna segir að ekkert hafi verið hlustað á gagnrýni sem kom fram í umsögn Umhyggju um frumvarpið og jafnframt segir hún sams konar ábendingar hafa komið fram í umsögnum frá Umboðsmanni barna, Landlækni og Trygginga-



RAGNA KRISTÍN MARINÓSDÓTTIR Framkvæmdastjóri Umhyggju segist gáttað á niðurstöðunni í málinu.

stofnun. „Í umsögn okkar kom þessi gagnrýni berlega í ljós. Það var hins vegar greinilega ekki tekið tillit til þessara umsagna. Frumvarpið fór bara óbreytt í gegn eins og frumvörp gera gjarnan.“

Hún er gáttað á niðurstöðunni. „Það er í rauninni ótrúlegt að réttindin skuli ekki hafa verið látin ná lengra. Ég velti því stundum fyrir mér hvort þingmenn hafi almennt áttað sig á því hvað þeir voru að skrifa undir.“

Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, á sæti í félagsmálanefnd. Hann segir mikla vinnu hafa verið lagða í frumvarpið í nefndinni og að það sé alltaf

umdeilanlegt hversu langt aftur á að fara í lagasetningum sem þessum. „Þau lög sem við settum um greiðslur til foreldra langveikra barna voru og eru mikið framfaraspor.“

Hann vekur athygli á því að þessar greiðslur hafi hins vegar alltaf verið hugsaðar sem tímabundin aðstoð. „Þetta fólk hefur kost á því að fá umönnunarbætur, sem það hafði fyrir gildistöku þessara laga og geta varað í mjög langan tíma, en þessar greiðslur eru eingöngu ætlaðar til þess að koma til móts við tímabundinn og bráðan vanda hjá þessu fólki.“

stigur@frettabladid.is



KJARNORKUVER Rússar og Íranir eiga í samstarfi um smíði Bushehr kjarnorkuversins í Íran.

Kjarnorkudeilan í Íran:

Bygging kjarnorkuvers í Íran

RÚSSLAND, AP Rússar hyggjast ekki hætta samstarfi við Írana um byggingu kjarnorkuvers í Íran en Bandaríkin hafa óskað eftir því að ríki slíti öllu samstarfi við Íran í kjarnorkumálum.

Talsmaður rússneska utanríkisráðuneytisins sagði að kjarnorkuverið tengdist ekki tilraunum Írana til að auða úran. Hann benti jafnframt á að það væri á ábyrgð Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna að taka ákvarðanir um að slíta samstarfi við ríki í kjarnorkumálum sem hefur ekki gerst hingað til. -sdg

Íslendingur í haldi í Burnley:

Gæti flokkast sem barnsrán

BRETLAND Máli rúmlega tvítugs íslensks karlmanns, sem gefið er að sök að hafa tælt enska stúlku á vefnum, hefur verið vísað á æðra dómstigi í Englandi. Hann hefur setið þar í gæsluvarðhaldi í tæpa tvo mánuði.

Maðurinn var handtekinn 22. febrúar á hóteli í Burnley, heima bæ stúlkunnar, en hann er talinn hafa farið utan til að hitta stúlkuna, sem er fjórtán ára. Samkvæmt breskum lögum getur athæfið flokkast sem barnsrán.

Hann var þá úrskurðaður í gæsluvarðhald og situr nú enn í Prestonfangelsi í Burnley. -sh

Forseti Kína og forseti Bandaríkjanna funduðu í Hvíta húsinu:

Engar tímamótaákvarðanir

WASHINGTON, AP Engar tímamótaákvarðanir voru teknar á fundi Hu Jintao, forseta Kína, og George Bush, forseta Bandaríkjanna á fundi leiðtoganna í gær.

Markmið fundarins var að kæla niður þá spennu sem hefur skapast vegna aukins viðskiptagags milli ríkjanna.

Bush sagði að bandarísk stjórnvöld myndu halda áfram að þrýsta á kínversk stjórnvöld um að draga úr fastengisstefnu sinni en lagt gengi gjaldmiðils Kína skapar hömlur á útflutningi til Kína og hefur stuðlað að miklum viðskiptahalla milli ríkjanna.

Bush talaði einnig um þörf á meiri samvinnu ríkjanna til að fyrirbyggja kjarnorkufyrirætlanir Írana og Norður-Kóreumanna.

Hu lýsti því yfir að Kína myndi hjálpa við að draga úr spennu vegna Íran og Norður-Kóreu með



HU JINTAO FORSETI KÍNA OG GEORGE W. BUSH FORSETI BANDARÍKJANNA ÁSAMT EIGNKONUM SÍNUM Á SVÖLUM HVÍTA HÚSSINS Bush lýsti því yfir eftir fundinn að þeir væru ekki sammála um margt en gætu rætt ágreining sinn í vinnáttu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

diplómáttum leiðum. Varðandi fastengisstefnuna þá sagði Hu að unnið væri að því að leysa vandan en fór ekki út í nánari útskýringar.

Ræða Hu var trufluð af konu

sem var meðal tökuliðs á svæðinu og hrópaði ókvæðisorð að forsetanum. Mótmælandinn sagði meðal annars að forsetinn ætti að hætta að ofsækja Falun Gong og að dagur hans væru taldir. -sdg

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



✓ „Tryggjum að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni.“

1 sæti

Ólafur F. Magnússon, lækni og borgarfulltrúi





Hekklippa

B&D, 400W, 40 sm blað
5083599

Allt í vorverkin



Mosatæteri

B&D, 30 sm 400W,
3 hæðastillingar
5083610



Keðjusög

Texas, 2000W, 40 sm blað
5083575



Laufhrífa

5084337



Greinaklippa

Gardena
5087535



Greinaklippa

Gardena, 46 sm löng, klippir 30 mm
5087454



Hekklippa

Hipoint
5084672

Gleðilegt sumar



HÚSASMÍÐJAN

...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.4.2006

Bandaríkjadalur	77,36	77,72
Sterlingspund	138,1	138,78
Evra	95,46	96,95
Dönsk króna	12,794	12,868
Norsk króna	12,206	12,278
Sænsk króna	10,249	10,309
Japansk jen	0,6612	0,665
SDR	112,62	113,3

Gengivísitala krónunnar

133,012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eigandi bókaþverslunarinnar lðu gagnrýnir auglýsingar á bókaávisunum:

Segir bóksala niðurlægð

BÓKASALA „Þetta eru niðurlægjandi svik við okkur bóksala,“ segir Arndís Sigurgeirsdóttir, eigandi bókaþverslunarinnar lðu, en ávisanir sem gefnar voru landsmönnum vegna viku bókarinnar, Þjóðargjöfin, voru merktar Pennanum Eymundssyni, Máli og menningu og Hagkaupi. Það eru hins vegar flestar bókaþverslunir landsins sem taka þátt í verkefningu og greiða ávisanirnar ásamt Félagi íslenskra bókaútgefenda.

Penninn á bæði Eymundsson og Mál og menningu.

„Margir af mínum fastakúnum hafa komið að máli við mig og spurt af hverju við tókum ekki þátt í þessu átaki í ár en þá hafa þessar



ARNDÍS SIGURGEIRSDÓTTIR Arndís segist afar ósátt við það að stærri bóksalar geti tekið heildurinn af viku bókarinnar af þeim minni með auglýsingu á Þjóðargjöfinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

merkingar á ávisunum villt um fyrir fólki og einni bókaþverslun og matvörukeðju gefinn allur heid-

urinn af þessu á okkar kostnað. Menn halda að þeir geti einungis leyst út ávisanirnar í þessum merktu verslunum en þetta virðast þeir geta gert í krafti stærðar sinnar,“ segir Arndís. Hún segir enn fremur að viðskiptin hafi ekki verið meiri í þá tvo daga sem nota má ávisanirnar en venjulega.

„Ég tel svona eftir á að hyggja að það hafi verið óheppilegt að merkja ávisanirnar með þessum hætti en þessi aðilar sóttu það fast,“ segir Benedikt B. Jónasson, varaformaður Félags íslenskra bókaútgefenda. „Hins vegar var engin bókaþverslun merkt í öllu því auglýsingaefni sem við gáfum út,“ bætir hann við. - jse

Ný skýrsla frá Danske Bank:

Dómsdagsspáin ítrekuð

EFNAHAGSMÁL Ný skýrsla um íslenskt efnahagslíf var send frá greiningardeild Danske Bank í gær. Ástæðan fyrir skýrslunni er sögð vera að gengi krónunnar hafi lækkað fyrir og með meiri hraða en gert var ráð fyrir.

Spá Danske Bank frá fyrri skýrslu greiningardeildarinnar er óbreytt. Því er meðal annars spáð að alvarlegt samdráttarskeiði sé í vandum.

Enn fremur spáir Danske Bank að gengi krónunnar haldi áfram að falla gagnvart evru og dollara og því neyðist Seðlabankinn til að hækka stýrivexti héraðsins. - shá

Nýr leikskóli í Kópavogi:

Heilsuleikskóli í Kórahverfi

DAGVISTARMÁL Undirritaður verður í dag samningur Kópavogsbæjar við RV-ráðgjöf um rekstur nýs sex deilda leikskóla sem starfræktur verður í Kórahverfi.

Hinn nýi leikskóli nefnist Kór og er annar leikskólinn sem Kópavogsbær gerir rekstrarsamning um við sjálfstæðan verkta. Áður hefur Kópavogsbær gert samning við ÓB-ráðgjöf um rekstur leikskólans Hvarfs í Vatnsendahverfi. Leikskólinn Kór verður rekinn sem heilsuleikskóli eins og Leikskólinn Urðarhóll sem var fyrsti leikskólinn á landinu sem fékk viðurkenningu sem slíkur.

- shá

Forsetinn sótti háttíðarhöld:

Hveragerði er sextíu ára

AFMÆLI Hvergerðingar fögnuðu því í gær að sextíu ár eru liðin síðan Hveragerði varð til sem sveitarfélag. Skipulögð afmælisdagsskrá hófst klukkan tíu í gærmorgun og stóð til kvölds.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, veitti umhverfisverðlauna bæjarins og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra heiðursverðlaun garðyrkjunnar 2006. Að verðlaunaafhendingu lokinni var haldið í Listskálann þar sem mikil spennan ríkti á meðal barna því þar gátu þau hitt stórstjórnuna Silvíu Nótt, en hún átti lengi heima í Hveragerði. - shá

AKUREYRI

Hundraði yfir hámarki Tveir menn voru teknir fyrir kappakstur á Hörgárbraut á Akureyri í fyrri nótt. Sá sem hraðar ók mældist á 150 kílómetra hraða en hámarkshraðinn á Hörgárbraut er 50 kílómetrar á klukkustund. Hann má því búast við hárrí fjáreft og sviptingu ökuskipteinis.



BJÖRG DREGIN í BÚ Verðlag á Íslandi gæti færst nær því sem gerist í Evrópu ef evran yrði tekin upp hér í stað krónu. Einnig fengjast betri vextir á lán, hvort sem það væri til íbúðakaupa eða neyslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Evran er engin skyndilausn

Aðalhafgræðingur Danske Bank segir að Íslendingar vilji taka upp evru til „bjarga sér“. Hagfræðingur Alþýðusambandsins og formaður Samtaka iðnaðarins eru sammála um að evran sé ekki skammtímalausn. Samtök iðnaðarins telja að krónan sé ekki myntkerfi sem hentar Íslandi til frambúðar.

EFNAHAGSMÁL „Evran er engin skammtímalausn,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, og segir það ekki skipta máli fyrir efnahagslífið í landinu á þessum tímapunkti hvort að við séum með evru eða ekki. Það að taka upp evru tekur tíma og gagnast okkur því ekki í glímuni við efnahagsvandann í dag.

Þessu er Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, sammála og gefur lítið fyrir vagnaveltur danskra spekinga um íslenskt efnahagslíf, en aðalhafgræðingur Danske bank, Carsten Valgreen, segir í viðtali við Berlingske tidene í gær að stjórnvöld, stjórnendur fyrirtækja og hagfræðingar á Íslandi séu teknir að dreyma um að taka upp evruna til að bjarga íslensku efnahagslífi.

Greinin er undir fyrirsögninni „Íslendingar vonast til að evran bjarga þeim“, og þar leggur hann meðal annars út frá ræðu Halldór Ásgrímssonar, forsætisráðherra, þar sem hann kallaði eftir umræðu um Evrópusambandið og hugsanlega kosti af því að taka upp evru sem gjaldmiðil í stað krónu. Valgreen bætir því við að umræðan hér sé óraun-sæf áður en aðild að Evrópusambandinu kemur til.



ÓLAFUR DARRI ANDRASON Hagfræðingur ASÍ



HELGI MAGNÚSSON Formaður Samtaka iðnaðarins

Helgi Magnússon segir að Samtök iðnaðarins vilji fyrst og fremst stöðugleika en krónan sé veikt myntkerfi og gangi ekki fyrir Ísland til frambúðar. „Við lítum svo á að stöðugleiki bæti bæði hag fólks og fyrirtækja og eins og við höfum upplifað veikleika krónunnar þá teljum við að evran myndi auka stöðugleika. Við viljum því að athugað verði hvort mögulegt sé að taka upp evru án þess að ganga

í Evrópusambandið ef þess er nokkur kostur.“

Aðspurður um hverju evran myndi skipta fyrir kjör almennings segir Ólafur Darri, að ef evran yrði tekin upp myndi almenningur líklega fyrst finna fyrir lægra vaxtastigi þar sem hægt er að taka íbúðarlán eða neyslulán á sömu kjörum og fólki býðst í Evrópu. Hann gerir líka ráð fyrir því að verðlag myndi færast nær því sem gerist í Evrópu. Ólafur Darri segir að hafa beri í huga að ef illa tekst til í hagstjórninni þá sé það almenningur sem klemmist á milli. „Í dag fáum við verðbólguþot þegar við misstígum okkur í hagstjórninni en það eru miklu meiri líkur á því að við fáum atvinnuleysi í kjölfar mistaka ef við værum með evruna.“

svavar@frettabladid.is

BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY WAGON

Nýskr 02.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 3 þús km. - Allt að 100% lán.

Verð
2.550.000,-


Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

BROSIR GEGNUM TÁRIN
Það er úrkomusvæði á leið yfir landið og í kjölfar þess rofar nokkuð til með skúra-veðri. Það má því segja að sólin reyni hvað hún getur að brosa gegnum tárin. Á landinu norðan og austanverðu verður þungbúið en þar rofar til seinnpartinn. Vindar einkenna veður næstu daga.

HÖFUDBORGIN Í DAG
Suðaustan 8-13 nú í morgunssárið en síðan hægari suðvestan átt. Rigning og síðar skúrir. Hiti 3-6 stig í dag.

» á morgun	8°C hálfskýjað	London	15°C hálfskýjað	Torreveja	23°C léttskýjað
Kaupmannahöfn	10°C hálfskýjað	Paris	23°C hálfskýjað	Milano	19°C hálfskýjað
Osló	10°C hálfskýjað	Frankfurt	20°C léttskýjað	New York	14°C léttskýjað
Stokkhólmur	2°C skýjað	Madrid	14°C skýjað/skúrir	San Francisco	15°C hálfskýjað
Helsinki	10°C hálfskýjað	Barcelona	18°C hálfskýjað	Orlando/Florida	31°C léttskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Íslensk kjötsúpa



**35%
afsláttur**



Frosinn og sagaður
lambaframpartur

TILBOÐ

399 kr/kg

Verð áður 648,-

Ragnar Ómarsson
Yfirmatreiðslumaður
á Salt, Radisson 1919
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara



Fyrirtaks pizzur
3 tegundir

TILBOÐ

379 kr/stk

Verð áður 549,-



Kjöt & físktorgið

Lambafille
úr kjötbörði

TILBOÐ

2.698 kr/kg

Verð áður 3.095,-

KJÖTSÚPA

Sjóðið gömlu góðu kjötsúpuna eftir hefðum: Gott er að setja kjötið út í sjóðandi vatn, c.a. 2,5 l. Þegar suðan kemur upp aftur, er froðan veidd ofan af með gataspaða. Sjóðið kjötið í 15 mín. Setjið 80 gr. af grjónum út í og sjóðið áfram í 15 mín. Skerið niður rófur, kartöflur, gulrætur samtals um 700 gr. Látið út í og sjóðið við frekar vægan hita í c.a. 45 mín. Saltið og piprið eftir smekk. Skemmtileg tilbreyting er að þegar 10 mínútur eru eftir af suðutímanum er mjög gott að bæta smá tómataukki "púre" úti og auka skammt af góðu grænmeti svo sem broccoli, kirsuberjatómata, vorlauk, papriku svo eitthvað sé nefnt og bera svo fram með pestó.

Pestó
Hnefayfylli af fersku basilikum
5 msk parmesanostur (rifinn fínt)
2 stk hvítlauksgeirar
3 msk furuhnetur
2 dl ólívuólía
salt og pipar

Aðferð:
Allt maukað vel saman í matvinnslukönnu og smakkað til með salti og pipar.

Vinsælu þurrsteiktu grænmetisbuffin. Hefur þú smakkað?



TILBOÐ

397 kr/stk

Verð áður 699,-

Ben & Jerry's ís
- ektá amerísk ísblanda



TILBOÐ

149 kr/pk

Verð áður 249,-

Doritos snakk, 3 tegundir
- þegar þú vilt dúndur stemmingu



**30%
afsláttur við
kassa**

Philadelphia smurostur
- 3 tegundir, frábærir í alla matargerð

Gildir til 23. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Ætlarðu að nota bílinn minna vegna hækkandi bensínverðs?

Já	74,3%
Nei	25,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlarðu að eyða sumarleyfinu í útlöndum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Björn Friðfinnsson segir úttekt OECD á peningabætti hér hefðbundna rútínu:

Röðin komin að Íslandi

VIÐSKIPTI Danska dagblaðið Berlingske tidende fjallar um meint peningabætti á Íslandi í gær. Segir í frétt blaðsins að á sama tíma og íslenskir bankar og hagfræðingar eigi erfitt með að útskýra hvaðan fjármagnið til fjárfestinga erlendis komi hafi komið í ljós að peningabætti sé vaxandi vandamál á Íslandi. Er vitnað í frétt Ríkisútvarpsins um málið og sagt að von sé á sendinefnd frá OECD vegna þess. Í lok fréttarinnar er sagt frá því að á meðan Íslendingar hafi fjárfest í breskum og skandinavískum fyrirtækjum hafi margir spurt sig hvaðan peningarnir séu. Síðan er

talinn upp hluti þeirra fyrirtækja í Danmörku sem eru í eigu Íslendinga.

„Það er rétt að hingað er að koma sendinefnd til að gera úttekt á peningabætti hér á landi en það er hefðbundin rútína og samskonar nefnd hefur nýlega gert slíka úttekt í Danmörku,“ segir Björn Friðfinnsson sem er formaður samráðsnefndar á Íslandi um aðgerðir



BJÖRN FRÍÐFINNSSON

gegn peningabætti. Árið 1989 voru stofnuð alþjóðleg samtök, FATF sem flest OECD ríkin eiga aðild að, með það fyrir augum að koma í veg fyrir peningabætti. Björn segir að í hverju aðildarríki sé gerð úttekt á þessum málum og nú sé röðin komin að Íslandi.

Hann segir að í erlendum dagblöðum og vefsíðum hafi það verið haft ranglega eftir sér að mikið af nýfengnum auði á Íslandi sé fenginn með peningabætti á fjármunum frá Rússlandi. Sendi hann nokkrum þeirra kvörtun og hefur þegið afsökunarbeiðni frá vefréttaðið Wealthebriefing.

- ks/jse

Blaðamannafélag Íslands:

Frumvarpi ákaft mótmælt

STÉTTARFÉLÖG Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands í gærkvöldi mótmælti harðlega fyrirætlunum um að þrengja starfsskilyrði blaðamanna, sem fram koma í frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um dómstóla. Í ályktun fundarins er varað við þróun í þá átt að takmarka upplýsingar til almennings um opinber mál.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að myndatökur verði bannaðar í dómhúsum. Einnig að dómur Hæstaréttar verði framvegis birtir sólarhring eftir uppkvaðningu, en ekki samdægurs eins og verið hefur.

- shá

Vesturbæingar fagna sumri:

Átak gegn veggjakroti

UMHVERFISMÁL Veggjakroti var sagt stríð á hendur við Hjarðarhaga í gær. Átakið er til að fagna 50 ára afmæli húsanna við götuna og var byrjað að mála yfir veggjakrot. Nemendur í Vesturbæ, lögregla, Reykjavíkurborg, 10-11 og Málning hf. standa að áttakinu. -sh

BANDARÍKIN

Bannað að vera í Playboy Baptista-háskóli hótar að reka nemendur fyrir að sitja fyrir hjá klámtímaritinu Playboy. Skólinn hefur áður rekið fólk fyrir að sitja fyrir hjá klámtímaritum.

Reknir fyrir að sýna klám Þrír nemendur voru reknir úr grunnskóla fyrir að hafa sýnt klámmynd í kennslustund. Kennslumyndband hafði verið í gangi en nemendurnir skiptu um mynd þegar kennarinn sneri baki við skjánum.



FLÓÐ Í BÚLGARÍU Búlgarskur heimavardliðsmaður fer á báti til að kanna götur og hús í bænum Nikopol. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóð í Dóná valda miklum skaða og virðast ekki í rénun:

Dóná ekki vatnsmeiri í öld

BÚLGARÍA, AP Vatnsyfirborð í Dóná hefur ekki verið hærra í rúma öld. Bráðnun snjós og linnulausar rigningar undanfarið hafa valdið miklum flóðum í ánni og hafa þúsundir manna þurft að yfirgefa heimili sín í kjölfarið.

Dóná er aðal siglingaleiðin milli Vestur-Evrópu og svæðisins við Svartahaf og markar 450 kílómetra löng landamæri Búlgaríu og Rúmeníu.

Miklar rigningar og hagléi riðu yfir norðvesturhluta Búlgaríu í gær sem hefur farið illa út úr

flóðunum. Margir vegir og brýr hafa skemmt og nokkur þorp á svæðinu kaffærðust að sögn yfirvalda þar en engin meisl hafa verið tilkynnt. Uppskeyra á stórum hluta ræktarlands er ónýt vegna flóða annað árið í röð en mikil flóð áttu sér einnig stað þar í fyrra.

Í Rúmeníu halda yfirvöld áfram að flytja hundruð íbúa frá heimilum sínum á flóðasvæðunum. Tölf sýslur í landinu hafa orðið fyrir skaða vegna flóðanna. Forsætisráðherra landsins kallaði saman lykílráðherra í gær þar sem farið

var yfir leiðir til að takast á við vandann.

Vatnsyfirborð Dónár hefur lækkað lítillega í Serbíu en þúsundir hektara eru enn undir vatni. Stjórnvöld eru nú að reyna að meta skaðann sem hefur orðið og gera þau ráð fyrir að hann hlapi á milljónum evra. Auk þeirra umtalsverðu skemmda sem hafa orðið á heimilum þá óttast stjórnvöld að landbúnaðarframleiðsla geti dregist saman um allt að 30 prósentum í norðurhluta Serbíu sem hefur orðið hvað verst úti. -sdg

Skoðanakönnun um stuðning við þjóðernisflokk:

Telur þjóðernisflokk tímabæran

SAMFÉLAGSMÁL Þriðji hver kjóandi gæti hugsað sér að kjósa stjórnvalaflokk sem hefði það á stefnuskrá sinni að draga úr komu innflytjenda til landsins samkvæmt skoðanakönnun Gallup sem Ásgeir Hannes Eiríksson, fyrrverandi þingmaður, lét gera.

„Ef einhverjir tækju sig til og stofnuðu flokk sem hefði það að baráttumáli að hefta komu innflytjenda væri ég fyrsti maðurinn til að koma þeim til hjálpar,“ segir Ásgeir Hannes. „Þessi könnun sýnir það að þriðji hver kjóandi er munaðarlaus þar sem ekki er til flokkur sem samsvarar þeirra skoðunum og það er tímabært að bæta úr því,“ bætir hann við.

„Ég efast um að þeir sem svara á þessa lund hafi hugsað út í heildarmyndina,“ segir Einar Skúlason framkvæmdastjóri Alþjóðahúss. „Sá flokkur sem hefði þetta að stefnu sinni þyrfti einnig að berjast fyrir því að



ÁSGEIR HANNES EIRÍKSSON Ásgeir segir að tímabært sé að stofna þjóðernisflokk svo þriðji hver kjóandi þurfi ekki að vera munaðarlaus í stjórnmálum. Hann yrði fyrstur til að koma til hjálpar ef menn hyggðust stofna slíkan flokk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Ísland rifti EES samningnum og segði sig úr Schengen þar sem kveðið er á um frjálst flæði fólks á svæðinu. Einnig myndu þeir sennilega vilja að þeir 30 þúsund Íslendingar sem eru búsettir erlendis kæmu til baka eða gerðust ríkisborgarar í því landi sem

þeir eru búsettir. Einnig kom fram í könnuninni að eldra og menntaðra fólk væri síður líklegra til að styðja slíkan flokk og það sýnir okkur það að eftir því sem fólk er fróðara og lífsreynara þeim mun síður hugnast þeim svona einangrunarstefna.“ -jse

NÁM SAMHLIÐA STARFI

Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun

NÝTT OG ENDURBÆTT

Viðskiptaumhverfi nútímans leitar að fólki sem hefur færni til að taka þátt í og stjórna margvíslegum verkefnum. Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun er fjölbreytt nám, ætlað öllum þeim sem vilja öðlast þekkingu og þjálfun á sviði verkefnastjórnunar og efla leiðtogaþæfileika sína. Námið gagnast stjórnendum og millistjórnendum fyrirtækja, stofnana, félagsamtaka og í daglegu lífi.

Umsóknarfrestur fyrir næsta vetur er til 10. maí

Umsjónarkennarar:

- Dr. Haukur Ingi Jónasson cand. theol., M.Phil. og sálgreinin
- Dr. Helgi Þór Ingason, véla- og iðnaðarverkfræðingur
- Tryggvi Sigurbjarnarson ráðgjafarverkfræðingur
- Auk þeirra koma fleiri fræðimenn og fagaðilar að kennslunni

- Námsstími 25. ágúst 2006 - 15. júní 2007
- Nánari upplýsingar og umsóknir á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- að vaxa og dafna

Mér finnst eðlilegt að traustir viðskiptavinir fá betri kjör – það finnst bankanum mínum líka

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að bjóða Vörðufélögum 15% afslátt af þóknun við kaup í sjóðum Landsbankans.

GOTT FOLK MCCANN



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í **Vörðunni**



VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir fæðubótarefnið sem hefur verið innkallað?

2 Hvað heitir forseti Kína?

3 Enska knattspyrnusambandið hefur dæmt íslenskan knattspyrnumann í þriggja leikja bann fyrir olnbogaskot. Hvern?

SVÖR Á BLS. 54

Dæmi eru um að Hæstiréttur hafi staðfest dóm um skerðingu virkra eftirlauna:

Eftirlaun varin í stjórnarskrá

EFTIRLAUN Dómar Hæstaréttar benda til þess að torkerki séu á því að skerða eftirlaun eftir að hafin er taka þeirra. Sú er einnig niðurstaðan í lögfræðiálitum því sem gert var í fyrra fyrir forsætisráðherra vegna áforma um að breyta nýlegum lögum um eftirlaun ráðherra, þingmanna og dómara.

Þrátt fyrir þetta dæmi Hæstiréttur í október síðastliðnum í máli Jóhanns Ingjaldssonar fyrrverandi aðalbókara Seðlabankans að skerðing á lífeyriskjörum samkvæmt reglugerð frá árslokum 1997 skyldi standa. Jóhann hóf að taka eftirlaun árið 1991 og fylgdu þau svonefndri eftirmannsreglu sem afnumin var



HÆSTIRÉTTUR Hæstaréttardómur hefur gengið um skerðingu á virkum lífeyrisréttindum en í lögfræðiálitum forsætisráðherra eru talin torkerki á að gera slíkt.

með hlutafélagavæðingu ríkisbankanna.

Í séráliti dóms Hæstaréttar er reifað að jafnvel þó að verðmæti lífeyris hefðu haldist þrátt fyrir breytingar á reglum hefði það ekki ráðið úrslitum, enda sé varinn í stjórnarskrá sá eignarréttur að fá að njóta lífeyris samkvæmt þeirri reglu sem

gilti við upphaf eftirlaunagreiðslna. Að gefnum ákveðnum forsendum telja dómarnir þó ekki loku fyrir það skotið að skerða megi virk réttindi einnig. Nýju lögum um eftirlaun ráðherra og þingmanna hafa nú gilt í meira en tvö ár og höfðu þegar árið 2004 valdið 650 milljóna króna ófyrirséðum úgjaldaauka. - jh

Atvinnuleysi 2,4 prósent:

Fjögur þúsund án atvinnu

VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysi mældist 2,4 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2006. Það merkir að 4.000 manns hafi verið án vinnu og í atvinnuleit, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Atvinnuleysi mældist 2,2 prósent hjá körlum en 2,5 prósent hjá konum. Atvinnuleysi er mest á meðal fólks á aldrinum 16 til 24 ára eða 7,7 prósent.

Meðalfjöldi vinnustunda voru 41,2 klukkustundir á viku. Karlar unnu í 46,2 klukkustundir á viku en konur í 35,2 klukkustundir. Á sama tíma í fyrra var meðalfjöldi vinnustunda 40,7 klukkustundir. Karlar unnu í 46,6 klukkustundir á viku en konur í 34,0 klukkustundir. - jab

Vildarbörn Icelandair úthlutar styrkjum í fjórða sinn:

Vildarbörn á faraldsfæti

LÍKNARMÁL Tuttugu og fimm börnum og fjölskyldum þeirra var úthlutað ferðastyrk úr sjóðnum Vildarbörn Icelandair í gær og hefur aldrei verið úthlutað til jafn margra frá því sjóðurinn var stofnaður árið 2003. Tilgangur Vildarbarna Icelandair er að gefa langveikum börnum og börnum sem búa við sérstakar aðstæður kost á því að fara í draumaferð. Alls hafa nú 80 börn og fjölskyldur þeirra fengið úthlutað úr sjóðnum frá stofnun og er heildarfjöldi farþega með þessari úthlutun orðinn á fjórða hundrað.

Fjölskyldunum sem fá styrk Vildarbarna er boðið í utanlandsferð að eigin vali til áfangastaða Icelandair. Vinsælasta ferðin hefur verið til Flórída til að heimækja Disney World. Áslaug Thelma Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Vildarbarna, segir



GLÆSILEGUR HÓPUR Það má lesa gleði og tilhlökkun úr svip allra í þessum hópi. Það er skiljanlegt því framundan eru góðir tímar í frí erlendis. MYND/HALLDÓR

að eins og allir viti hafi veikindi barns gífurleg áhrif á alla fjölskylduna, foreldra jafnt sem systkini. „Gott fjölskyldufrí er því ómetanleg hvíld og gefur fjölskyldum kost á því að njóta lífsins saman.“

Sjóðurinn er fjármagnaður af farþegum Icelandair sem gefa afgangsmýnt og félögum í Vildar-klúbbi Icelandair sem gefa af vildarpunktum sínum. Icelandair styrkir svo sjóðinn með sérstöku fjárframlagi á hverju ári. - sha

Komdu við á MAX-einum

Kauptu Nexen sumardekk Nýr valkostur lægra verð

Nexen dekkín eru afbragðsgóð akstursdekk, endingargóð, hljóðlát, rásföst og með einkar stutta hemlunarvegalegd. Dekkin frá Nexen hafa fengið feykigóðar móttökur meðal bíleigenda um allan heim, bæði vegna góðra eiginleika og hagstæðs verðs. Komdu við á Max1. Veldu Nexen sumardekk.

Ótrúlegt verð
frá 4.390 kr. stk.

Tími þinn
er dýrmætur

Forðastu óþægindi.
Komdu með bílinn til okkar.

REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN
Bíldshöfða 8. Símar 515 7097 og 515 7098
Opnunartími virka daga frá kl. 8 til 18


REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN
Breiðhófa 1. Símar 515 7095 og 515 7096
Opnunartími virka daga frá kl. 8 til 18
Laugardaga 9-13 nema í júní, júlí og ágúst.

AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN
Tryggvabraut 5. Sími 462 2700
Opnunartími virka daga frá kl. 8 til 18

MAX1
BÍLAVAKTIN

Skoðuðu: www.max1.is

NISSAN PATROL



ENDIST
ENDALAUST

Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnubjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Lítu inn og sjáðu alvöru jeppa!

Verðið á Nissan Patrol er frá 4.170.000 kr.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opni: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

Til hamingju hönnuðir og útgefendur!

Prentsmiðjan Oddi ehf. verðlaunaði á dögnum íslenska hönnuði fyrir bestu bókarkápur ársins 2005 úr þeim bókum sem prentaðar voru hjá Odda á síðastliðnu ári. Einnig voru veittar sérstakar viðurkenningar fyrir athyglisverða bókagerð.

Dómnefnd skipuðu þau Guðmundur Oddur Magnússon frá Listaháskóla Íslands, Sigrún Sigvaldadóttir frá Félagi Íslenskra teiknara og Halldór Guðmundsson rithöfundur og fyrrum útgáfustjóri.

1. sæti

Barndómur

Útgefandi: Bjartur
Hönnun: Ásta S. Guðbjartsdóttir

Hönnuður þessarar bókarkápu kann þá list að blanda saman ást og kærleika við einfaldleikann. Kápan er hversdagsleg en heit og áhugaverð. Segir manni að einfaldleikinn er ekki endilega óvinur þess forvitnilega.

2. sæti

Eldgos

Útgefandi: Vaka-Helgafell
Hönnun: Magnús Arason

Hönnun þessarar bókarkápu er til mikillar fyrirmyndar. Snyrtileg og örugg vinnubrögð. Öflug mynd og létt letur í góðu jafnvægi. Falleg kápa á fallega bók.

3. sæti

Rokland

Útgefandi: Mál og menning
Hönnun: Bjarney Hinriksdóttir

Kraftmikil og hrá grafík. Titilskrift talar beinskeytt til lesanda. Viðeigandi valdsmannsleg litanotkun.

Viðurkenningar fyrir athyglisverða bókagerð:

Skáldlegur barnshugur

Útgefandi: Mál og menning

Hér er á ferðinni afturhvarf til gamalla gilda - 19. aldar rómantik svífur yfir vötnum í handverki/ hönnun sem innihaldi.

Material time, work time, life time

Útgefandi: Eiðar ehf & Revolver

Ögrandi verk sem vekur athygli fyrir efnisnotkun og litaval - hæfir vel inntaki.

Fuglamyndir

Útgefandi: Útgáfufélagið Natura

Heiðarlegar og tilgerðarlausar umbúðir utan um frábærar myndatökur.

Norrænar bókmenntir - bókaflokkur

Útgefandi: Nýhil

Hér er á ferðinni ögrandi myndmál nýrrar kynslóðar sett fram á þann hátt að allri upphafningu er gefið langt nef.

Netkosning 1. sæti

Eldgos

Útgefandi: Vaka-Helgafell
Hönnun: Magnús Arason



– allt til framkvæmda

Kraftur, gæði og öryggi

Þegar fjárfesta á í tækjum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða fagþjónustu.

MEST býður upp á Metabo rafmagnsverkfæri fyrir fagaðila og framkvæmdafólk. Hafðu samband við söluráðgjafa okkar fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.



– allt til bygginga

MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Æ meira ber á kynþáttafordómum í Rússlandi:

Níu ákærðir fyrir morð á sígaunum



RÚSSNESKUR SÍGAUNI Hundruð árása vegna kynþáttafordóma hafa átt sér stað í Rússlandi undanfarnin ár.

RÚSSLAND, AP Níu menn hafa verið ákærðir fyrir morð byggt á kynþáttafordómum eftir árás á sígauna-byggð í suðurlhuta Rússlands þar sem maður og kona voru myrt.

Ákærðu voru í fimmtán manna hópi sem er talinn hafa barið íbúa byggðarinnar með járnstöngum og steinum í árásinni. Áttræð kona og 14 ára stelpa slósuðust einnig í árásinni.

Í Rússlandi ber í auknum mæli á kynþáttafordómum þar sem ráðist er á innflytjendur sem eru dökkir á hörund.

- sdg

Ætla að opna nasistaskrár

Þjóðverjar hafa samþykkt að opna skrár sem nasistar héldu um afdrif milljóna manna í seinni heimsstyrjöldinni. Þær hafa að mestu verið lokaðar til þessa.

ÞÝSKALAND, AP Þýsk stjórnvöld hafa samþykkt að opna skjalasafn nasista yfir 17 milljónir gyðinga, vinnubræla og önnur fórnarlömb Helfararinnar, og hleypa bæði sagnfræðingum og almenningi í skrárnar. Brigitte Zypries, dómsmálaráðherra Þýskalands, tilkynnti þetta á blaðamannafundi í Helfararsafninu í Washington á þriðjudag.

Stjórnvöld í Þýskalandi hafa hingað til staðið í vegi fyrir opnun þessara tilteknu skjala, en nasistar héldu afar nákvæmar skrár yfir verk sín í seinni heimsstyrjöldinni.

Fram til þessa hefur Rauði krossinn einn haft aðgang að þessum skrár, sem eru á milli 30 milljónir og 50 milljónir talsins og eru hýstar í bænum Bad Arolsen í Þýskalandi. Hefur starfsfólk hans notað þær til að leita afdrifa týndra og látinna gyðinga og vinnubræla.

Ellefu ríki hafa umsjón með skjalasafninu og þurfa þau öll að samþykkja ákvörðunina, og vonast Zypries til þess að það gerist innan sex mánaða. Þó getur hvert og eitt land komið í veg fyrir birtingu skráanna.

Auk Þýskalands hafa Bandaríkin, Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísrael, Ítalía, Lúxemborg og Pólland umsjón með skjalasafninu. Lög um persónu-



SKRÁR OPNAÐAR Sara Bloomfield, t.v., yfirmaður Helfararsafnsins í Bandaríkjunum, og Brigitte Zypries, dómsmálaráðherra Þýskalands, á fundi í Bandaríkjunum á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

vernd eru einna ströngust í Þýskalandi af löndunum ellefu, og því hafa þýsk yfirvöld hingað til verið einna helst á móti opinberun skráanna.

Til greina kemur að setja hömlur á notkun skráanna í nafni persónuverndar, svo sem að banna ljósritun skráanna eða notkun á nafni einhvers sem nefndur er í skránum, án leyfis viðkomandi. Jafnframt er líklegt að settar verði strangar reglur um notkun skjalanna á internetinu.

smk@frettabladid.is

Með kröftugt drif á öllum hjólum og veit hvert á að beina þeim



LEGACY

SUBARU

SYMMETRICAL AWD

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan 2.370.000,- Sjálfskiptur Sedan 2.540.000,- Beinskiptur Wagon 2.560.000,- Sjálfskiptur Wagon 2.690.000,-

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453
-------------------------	----------------------	----------------------	----------------------	-------------------------------	-------------------------

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku veg- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Ándvirði 96.550,-



Einróma ályktun samþykkt á félagsfundi Eflingar: Krefjast leiðréttingar á kjörum strax

KJARAMÁL Efling-stéttarfélag hélt félagsfund í fyrrkvöld þar sem staðan í kjaramálum á hjúkrunarheimilum var til umræðu.

Samþykkt var einróma ályktun um að kjör verði leiðrétt til jafns við kjarasamning Reykjavíkurborgar frá síðastliðnu hausti. Fundurinn beindi því til samninganefndar hjúkrunarheimilanna og heilbrigðis- og fjármálaráðuneytis að ganga þegar í stað að kröfum launafólks á vinnustöðunum til að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir starfsmanna sem eru



FRÁ FUNDINUM Krafa um lausn deilunnar var samþykkt einróma á fundi Eflingar í fyrrkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

yfirvofandi ef kjörin verða ekki leiðrétt hið fyrsta. - shá



STYRKURINN AFHENTUR Ólafur Vilhjálmsson, formaður Rauðu fjarðarnefndarinnar og Erna Gísladóttir, forstjóri B&L.

Söfnun Rauðu fjarðarinnar: Bifreiðar fyrir langveik börn

STYRKUR Rauða fjöður Lionshreyfingarinnar veitti nýlega viðtöku tveimur sérútbúnum Renault Trafic bifreiðum. Hreyfingin mun fá vistheimilunum Rjóðrinu í Kópavogi og Skammtímvistun Akureyri bílana til afnota, en sú ákvörðun var tekin í samráði við regnhlífarsamtök langveikra barna.

Fjöldi fyrirtækja lagði Rauðu fjöðrinni lið vegna bílanna tveggja eða B&L, SP fjármögnun, TM tryggingar, Orkan, Frank og Jói merkingar og J. Eiríksson ehf.

Að sögn formanns nefndar Rauðu fjarðarinnar munu bílarnir koma starfsfólki vistheimilanna sem og fjölskyldum barnanna að mjög góðum notum. -sh



MARGRÉT II DANADROTTNING Flutt í sumar-bústað konungsfjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Margrét Danadrottning: Flutt í sumar-bústaðinn

DANMÖRK Íbúar Fredensborgar á Sjálandi buðu Margréti drottningu og Hinrik prins velkomin til sumarvalar sinnar í höllinni við bæinn í fyrrkvöld. Er koma þeirra til Fredensborgar einn af vorboðunum í Danmörku. Við þetta tilefni hélt drottningin smá tölu og þakkaði íbúunum fyrir að hafa virt einkalíf Friðriks prins og fjölskyldu hans en þau búa í nálægð við bæinn. Sagði hún það mikilvægt að unga barnafjölskyldur eins og þau fengju frið til að vera saman. - ks

LÖGREGLUFRÉTT

Óhapp í Nauthólsvík Umferðar-óhapp varð við Nauthólsvík í fyrinótt þegar ökumaður ók bifreið sinni á bjarg. Ökumaðurinn slasaðist ekki en bíllinn er mikið skemmdur og jafnvel ónýtur.

Létt spjall á laugardegi

B-listinn í Reykjavík býður þér í létt spjall alla laugardaga frá kl. 10.00-12.00 fram að kosningum á kosningaskrifstofunni Suðurlandsbraut 24. Líttu við og hittu frambjóðendur.

Sérstakur gestur á morgun er Sigrún Magnúsdóttir fyrrverandi borgarfulltrúi.

Allir velkomnir



Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Sími: 599 3900 · Netfang: reykjavik@xb.is

exbé

www.toyota.is

Umhverfisvænn lúxus á vingjarnlegu verði



DANMÆLI: LUCAS/STEFANUS/AVANLIS - 101 3218 8421/16

Prius – Framtíðin hefst í dag

Prius sameinast frábæra akstursegineika og umhverfisvernd. Samspil rafmagns- og bensínvélar gerir að verkum að útblástur sem bifreiðin gefur frá sér er í lágmarki án þess að nokkuð sé slegið af kröfum um gæði og aksturshæfni. Þetta setur Prius í fyrsta sæti á meðal allra sem hafa sterka meðvitund um umhverfisvernd. Í þeim flokki eru margar

Verð **2.560.000 kr.**

af frægustu stjörnum Hollywood, Cameron Diaz, Leonardo Di Caprio, John Travolta og fleiri. Við bjóðum hann hins vegar á þannig verði að þú þarft ekki að vera nein stjarna til að eignast, aka og njóta Prius.

Bensíneyðsla aðeins 4,3 l/100 km í blönduðum akstri.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjanæsbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanæsbær
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000



Á GÖNGUFÖR MEÐ MÖRGÆSUM Elísabet prinsessa var tólf ára þegar hún fékk ásamt félagi sínum, Shaun Plunket, að fara með mörgæsirnar í dýragarðinum í London í stutta gönguferð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sænska neytendastofnunin kærir lánaþyrftækni fyrir okur:

Okrað á lánum gegnum sms

NEYTENDAMÁL Sænska neytendastofnunin Konsumerverket hefur kært lánaþyrftækni eitt fyrir okur. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna.

Fyrirtækið Short Money Services Scandinavia, sem beinir auglýsingum sínum að ungu fólki, auglýsir vaxtalaus lán gegnum farsíma en himinhár lántökukostnaðurinn er okur að mati umboðsmanns neytenda í Svíþjóð sem hefur vísað málinu til saksóknara.

Auglýsingar um lán, án tryggingar fyrir greiðslu, ganga út á það hversu hratt lánsféð er afgreitt til lántakanda og það nýjasta er að fá lán í gegnum farsíma.

Með því að senda sms er hægt að sækja um allt að 30.000 króna lán og fá það afgreitt inn á banka-reikning á fimmtán mínútum. Þess er krafist að lánið sé greitt innan mánaðar og þá með himinháum lántökukostnaði. Lántökukostnaður af 30.000 króna láni hjá þessu fyrirtæki, sem auglýsir vaxtalaus lán, er 6.000 krónur eða 20 prósent. Fyrir lægri lánsupphæð verður árleg hlutfallstala kostnaðar enn hærri.

Sænska neytendastofnunin hefur áhyggjur af því að markaðssetningu þessara lána er beint að ungu fólki sem hefur oft veikan efnahag og hætta er á að fjárhags-



LÁN Í GEGNUM SMS Nýjung í starfsemi lánaþyrftækja er að bjóða upp á lán í gegnum smáskilaboð úr farsíma.

erfiðleikar aukist við auðvelt aðgengi að lánum. -sdg

Bæjarstjórnin í Montgomery:

Biðst forláts á ranglætinu

BANDARÍKIN, AP Bæjarstjórnin í Montgomery í Alabama í Bandaríkjunum hefur beðist afsökunar á þeirri meðferð sem hörundsökkt fólk mátti þola þar í bæ, einkum á sjötta áratug síðustu aldar.

Meðal íbúa bæjarins var Rosa Parks, kona sem barðist fyrir réttindum svartra, meðal annars með því að neita að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni. Parks lést í október á síðasta ári.

Bæjarstjórnin, sem að meirihluta er skipuð hvítu fólki, samþykkti einróma að biðja Rosu Parks og félagi hennar afsökunar, þótt seint væri. -gb

Stjórnsmál í Hvíta-Rússlandi:

Vill stuðning frá Noregi

HVÍTA-RÚSSLAND, AP Leiðtogi stjórnarandstæðinga í Hvíta-Rússlandi, Alexander Milinkevich, vill stuðning frá norskum stjórnvöldum til að binda enda á einræðið í Hvíta-Rússlandi.

Milinkevich segist bjartsýnn á að það geti orðið á næstu fimm árum. Þetta kom fram eftir fund hans með norska forsætisráðherranum sem lýsti yfir fullum stuðningi við stjórnarandstöðuna í Hvíta-Rússlandi. -sdg



VERÐLAUNIN AFHENT Athöfnin fór fram með viðhöfn á Bessastöðum.

Útflutningsverðlaunin:

3X-Stál hlaut verðlaunin í ár

VERÐLAUN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti á miðvikudag fyrirtækinu 3X-Stál ehf. útflutningsverðlaun forsetaembættisins við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Eigendur fyrirtækisins, Albert Marzelíus Högnason og Jóhann Jónasson, veittu verðlauninum viðtöku.

Valur Valsson, formaður úthlutunarnefndar, lét þess getið að fyrirtækið hlyti verðlaunin nú fyrir ágætán árangur á stuttum tíma í sölu og markaðssetningu á sérhönnuðum tækjum fyrir matvælaíðnaðinn. Verðlaunin voru veitt í átjándá sinn. -shá

Elísabet drottning áttræð

Í Bretlandi fagna menn nú áttræðisafmæli Elísabetar drottningar, sem hefur setið á valdastóli frá því hún var 25 ára. Margir spyrja hvort hún ætli loks að víkja fyrir syni sínum, Karli, en hún er ekkert á förum.

BRETLAND, AP Elísabet Englandsdrottning fagnar áttræðisafmæli sínu í dag og efnir af því tilefni til gestamóttöku í Windsorkastala. Bretar gera sér ýmislegt til hátíðarbragða og hafa verið duglegir við að rifja upp ævi drottningarinnar.

Á sunnudaginn mætir Elísabet í sérstaka afmælisguðsþjónustu, sem haldin verður í kapelli í Windsorkastala, en á miðvikudaginn var gerði hún sér lítið fyrir og bauð 99 manns til veislu, sjöttu konum og 29 körlum sem öll eiga það sameiginlegt að vera fædd sama dag og drottningin, 21. apríl árið 1926.

„Þetta hefur alltaf verið brandari í fjölskyldunni, að mér hafi aldrei verið boðið í afmælisveislu drottningarinnar, þótt við værum fæddar sama daginn, og aldrei datt mér í hug að það myndi rætast,“ sagði Betty Kay frá bænum Doncaster í norðanverðu Englandi, einn veislugestanna.

Elísabet varð drottning árið 1952 þegar faðir hennar, Georg sjötti, andaðist. Formleg krýningarathöfn var haldin árið eftir, en það ár var hún 26 ára en Karl sonur hennar aðeins fimm ára. Hann varð 58 ára á þessu ári og hafa margir velt því fyrir sér síðustu ár og jafnvel áratugi hvenær drottningin ætli að víkja fyrir honum, svo hann geti orðið konungrur Bretlands.

„Þetta er það sem fólk veltir fyrir sér í kringum þessa stóru viðburði,“ sagði talsmaður konungsfjölskyldunnar í gær, en hann vildi þó ekki segja til nafns. „Það kemur ekki til greina að drottning-



DROTTNING Á GÆGIUM Myndin er tekin þegar hún var að skoða Albert Hall að loknum endurbótum árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

in láti af embætti. Hún heldur áfram eins og venja er til.“

Frænka drottningarinnar, Margareth Rhodes, sagði í viðtali við BBC-útvarpið núna í vikunni að hún væri sannfærð um að Elísabet muni aldrei stíga af valdastóli sínum.

„Þetta er ekki eins og venjulegt starf, þetta er ævistarf,“ sagði hún.

Elísabet er meira en bara drottning í Englandi, því hún er enn þjóðhöfðingi í sextán af þeim 53 löndum sem tilheyra Breska

samveldinu, arftaka Breska heimsveldisins. Á valdatíma sínum hefur hún haft nóg að gera, og meðal annars farið í meira en 250 opinberar heimsóknir til 129 landa. Einnig hefur hún jafnan átt vikulega fundi með forsætisráðherra landsins hverju sinni. Þeir eru orðnir tíu talsins, allt frá Winston Churchill til Tonys Blair.

Hún hyggst þó fækka aðeins verkefnum sínum á næstunni og mun Karl prins taka að sér að sinna sumum þeirra.

gudsteinn@frettabladid.is

21. apríl, 1926: Elísabet Alexandra María prinsessa fædd í London, elsta dóttir hertogans og hertogayjunnar af York.

Desember 1936: Játvarður áttundi segir af sér konungstign, og faðir Elísabetar tekur við og nefnist Georg VI.

20. nóvember, 1947: Elísabet prinsessa giftist Philip Mountbatten liðsforingja í Westminster Abbey.

Nóvember 1948: Karl prins fæðist.

6. febrúar, 1952: Georg konungur deyr, Elísabet dóttir hans verður drottning.

2. júní 1953. Krýning Elísabetar í Westminster Abbey.

Febrúar 1960: Andrés prins fæðist.

Mars 1964: Játvarður prins fæðist.

14. júní, 1981: Sex þúðurskotum er skotið að drottningunni á krýningarafmæli hennar. Hún heldur áfram eins og ekkert hafi í skorist.

29. júlí, 1981: Karl prins gengur að eiga lafði Díönu Spencer.

9. júlí, 1982: Maður brýst inn í svefnbergi drottningarinnar

1992: Árið hryllilega, „annus horribilis“, þegar Anna prinsessa skildi við mann sinn og hjónaband bæði Karls og Andrésar voru í molum

1993: Elísabet drottning byrjar að eigin frumkvæði að greiða skatta.

1996: Diana og Karl fá skilnað.

31. ágúst, 1997: Diana prinsessa ferst í bílslysi í París.

1989: Elísabet drottning vígir skoska þjóðþingið og velska þjóðþingið

2002: Elísabet fagnar hálfra aldar drottningarafmæli sínu. Systir hennar Margrét og Elísabet drottningamóðir deyja báðar þetta ár.

2005: Karl prins kvænist Camillu Parker Bowles.

Rólegt í dag – lokað á morgun

Vegna árshátíðar starfsmanna HEKLU, ÖSKJU og KIA í Barcelona verður starfsemi fyrirtækjanna í lágmarki í dag.

Síðan verður lokað á morgun, laugardag.

Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta gæti skapað viðskiptavinum okkar.

Gleðilegt sumar



KIA MOTORS



ASKJA



HEKLA

Gledilest sumar!



**SPARIÐ
10.450**

BORÐ + 4 STÓLAR

17.500,-

„BRADFORD“ BORÐ + 4 „MARINE“ STÓLAR

Falleg gæðasmíði úr gegnheilum harðviði, sem þolir íslenska veðráttu. Settið samanstendur af fjórum háum stólum, sem hægt er að leggja saman og áttthyrndu borði. Borðið er 110 sm í þvm. Borðið er einnig hægt að leggja saman. Borð 7.990,- Stóll 4.990,-

**SPARIÐ
12.120**



BORÐ + 4 STÓLAR + 4 SESSUR

29.900,-

**„SANTA FE“ BORÐ + 4 „PORTLAND“ STÓLAR
ÁSAMT 4 „DERBY“ SESSUM**

Glæsilegt harðviðarsett á góðu verði. Í settinu er borð sem hægt er að leggja saman ásamt 4 góðum samleggjanlegum stólum og 4 fallegum sessum. Stærð á borði er 85x150 sm. Borð 12.900,- Stóll 5.990,- Sessa 1.290,-

**SPARIÐ
12.920**



BORÐ + 4 STÓLAR + 4 SESSUR

49.900,-

**„DAKAR“ BORÐ + 4 „OREGON“ STÓLAR
ÁSAMT 4 „OXFORD“ SESSUM**

Stórt og gott harðviðarborð með stækkunarplötu ásamt 4 stólum úr gegnheilum harðviði og 4 þykkum sessum. Hægt að leggja stólana saman. Stærð á borði er 100x180/230 sm. Borð 24.900,- Stóll 6.990,- Sessa 2.490,-

SESSUR

Mikið úrval af sessum í allar gerðir af stólum. Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur! Verð frá 590,-

-góð kaup

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGID • BAÐID • HEIMILID

www.rumfatalagerinn.is



„ORÐRÉTT“

Halda áfram?

„Við viljum halda áfram að efla heimaþjónustu og heimahjúkrun, byggja fleiri hjúkrunarheimili og tryggja örugg úrræði þegar fólk þarf á þeim að halda.“

DAGUR B EGGERTSSON SAMFYLKINGUNNI UM STEFNUSKRÁ FLOKKSINS. FRÉTTABLAÐIÐ.

Hefur þetta heyrst áður?

„Ég hvet til samkomulags og samráðs við stjórnarandstöðuna því að þingið er núna komið í fullkomið uppnám.“

ÖGMUNDUR JÓNASSON VINSTRI GRÆNUM UM ÁSTANDIÐ Á ALÞINGI. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær tilveran

Arnarstapi á Mýrum:

Kiðlingar koma í heim

LANDBÚNAÐUR Tveir kiðlingar litu dagsins ljós að Arnarstapa á Mýrum í fyrradag. Ásgerður Pálsdóttir var að huga að þeim þegar blaðamaður bar að garði og var huðnan við góða heilsu en þó áhyggjufull þegar bóndinn tók kiðlingana í fangið til að sýna þá litlu sem einnig eru huðnur.

Sjö geitur eru á bænum og eiga tvær eftir að bera. Hinsvegar er Ásgerður að undirbúa sig fyrir miklar annir þar sem sauðburður gengur senn í garð en um 150 ær eru á Arnarstapa. Ásgerður segist henda geitakjötinu þegar þær gefa upp öndina en slíkt kjöt er ekki í hávegum þar á bæ.

- jse



ÁSGERÐUR MED KIDLINGANA Huðnan fylgdist vel með nýbornum afkvæmum sínum í höndum bóndans á Arnarstapa en Ásgerður kann á þeim tókin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS

Bjart yfir stúdentum þessa dagana

„Allt mjög gott að frétta.“ segir Sigurður Örn Hilmarsson sem er staddur á skrifstofu Stúdentaráðs Háskóla Íslands þegar blaðamaður slær á þráðinn.

„Það er spennandi að vera stúdent í dag þar sem margt er að eiga sér stað í málefnum háskólans.“ Um þessar mundir er stefnumótunarvinna í gangi í háskólanum þar sem starfsfólk og nemendur vinna að því að bæta skólann með það að markmiði að koma skólanum í hóp 100 bestu háskóla í heimi. Allt starfið er í endurskoðun og virkilegur samhugur í fólk að sögn Sigurðar.

Fyrir um mánuði endurvakti Stúdentaráð Háskóla Íslands réttindaskrifstofu stúdenta. „Við tókum að okkur að aðstoða stúdenta og reka mál fyrir þá innan skólans.“ Sigurður segir að 50 mál hafi komið inn á borð réttindaskrifstofunnar nú þegar þar sem stúdentar telja brotið á rétti sínum. Sem dæmi má nefna réttinn til að skoða gömul próf og að fá útskýringar frá kennurum á einkunum. „Ég legg mikla áherslu á að þó að það sé mikilvægt að Stúdentaráð Háskóla Íslands hugsi um stóru málin þá séu litlu málin sem koma upp einnig mikilvæg, sem

lúta að beinni hagsmunagæslu stúdenta.“

Af öðrum málum sem eru í deiglu hjá formanni stúdentaráðs þessa dagana er samstarf sem hefur verið tekið upp við Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri en skólarnir eiga við sambærileg vandamál að stríða að sögn Sigurðar sem telur að með samvinnu geti þeir áorkað miklu sameiginlega.

Um páskana skellt Sigurður sér með tengdajölskyldunni í sumarbústað í Borgarfirði og náði að slaka á frá annasamri vinnu við hagsmunagæslu stúdenta. Huti páskafrisins fór einnig í vinnu við stúdentakort sem veita nemendum aðgang að byggingum Háskóla Íslands. „Þau eru algjör bylting í þjónustu við stúdenta en við erum núna að taka í gagnið stærsta aðgangsstýringakerfi landsins.“

Spurður um áhrif vinnunnar á námið segir Sigurður að það sitji óneitanlega á hakanum. „En ég hika ekki við að fresta náminu þar sem þetta er það spennandi starf.“ segir Sigurður áður en hann kveður blaðmann og snýr sér aftur að vinnu.



Sigurður Örn Hilmarsson



DREYMIÐ FYRIR VEÐRINU Haraldur Þórarinnsson í Kvistási er mikill áhugamaður um veðurfar og dreymir oft fyrir tíðinni. Hann býst við að veðrið batni fyrir næstu helgi en veit ekki hve lengi það veður gott.

Veðrið batnar eftir eina viku

Draumar Haraldar Þórarinnssonar, bifvélavirkja í Kvistási í Kelduhverfi, benda til að veður fari batnandi undir næstu helgi.

„Einhvern veginn fannst mér að það yrði 27. eða 28. sem veðrið

ætti að batna.“ segir Haraldur sem jafnan er kallaður Mannsi. Hann hefur dreymt fyrir veðrinu um áratugaskeið en eins og gengur hefur allur gangur verið á hvort draumarnir hafi ræst.

Harald dreymdi síðast fyrir veðrinu um síðustu mánaðamót. „Þessi draumur var einhvern veginn skýrari en aðrir og þegar ég vaknaði hugsaði ég sem svo að þetta yrði langur og leiðinlegur mánuður.“ Óhætt er að segja að það hafi gengið eftir, tíðin hefur verið í samræmi við drauminn. Og nú er að sjá hvort breyting verði á tíðarfari undir lok næstu viku. „Það á eftir að koma í ljós hvort ég

hafi ráðið þetta alveg rétt.“ Haraldur gerir ráð fyrir að veðrið batni um land allt en sér þó ekki fyrir hreint og klárt blíðviðri. „Nei, nei, það er nú ekki þannig enda hefur mér alltaf fundist snöggur bati heldur vondur.“

Haraldur á erfitt með að útskýra með hvaða hætti veðráttta framtíðirinnar birtist honum í draumum og hefur engar skýringar á reiðum höndum. Segir þetta bara koma. „Mig hefur oft dreymt og dreymir mikið en sennilega gleymi ég meirihlutanum og kann svo ekki að ráða í hitt.“ segir hann af hógværd.

bjorn@frettablaði.is

Hluthafafundur Dagsbrúnar hf.

Dagsbrún hf. tilkynnir um frestun áður boðaðs hluthafafundar hinn 24. apríl nk. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 28. apríl 2006 kl. 16:00 á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:

1. Tillögur stjórnar um hækkun hlutafjár.
2. Kjör stjórnar.
3. Önnur mál.

Stjórn Dagsbrúnar hf. leggur fyrir fundinn eftirfarandi tillögur:

1. Tillaga um breytingu á gr. 2.01.4 í samþykktum félagsins. Hækkun hlutafjár allt að 1.450.000.000 kr. vegna samruna eða yfirtöku á öðrum félögum. Hluthafar falli frá forgangsrétti. Réttur hluthafa til forgangs að þessum hluta hlutafjárukningarinnar skv. hlutafélagalögum og samþykktum skal ekki eiga við, sbr. heimild í 34. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
2. Tillaga um breytingu á gr. 2.01.5 í samþykktum félagsins. Hækkun hlutafjár að fjárhæð 413.333.333 kr. vegna kaupa á hlutum í Kögun hf. Hluthafar falli frá forgangsrétti. Réttur hluthafa til forgangs að þessum hluta hlutafjárukningarinnar skv. hlutafélagalögum og samþykktum skal ekki eiga við, sbr. heimild í 34. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
3. Stjórnarkjör.

Dagskrá og fundargögn verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, Síðumúla 28, Reykjavík, viku fyrir fundinn. Aðgöngumiðjar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað.

Stjórn Dagsbrúnar hf.

DB
DAGSBRÚN



SVAMLAÐ Í LAUGINNI Ísbjörninn í dýragarðinum í Albuquerque í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum kældi sig í vorhitunum í lauginni sinni, gestum garðsins til ánægju. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Athafnastjórnsmál

Margir stjórnsmálsmenn vilja ástunda samræðustjórnsmál. Við erum hins vegar athafnastjórnsmálsmenn. Við höfum lausnir. Við framkvæmum.


- ✓ Þjóðarsátt um flugvöll á Lönguskerjum
- ✓ Spornum gegn einelti og efnamun með skólafatnaði
- ✓ Fjögurra akreina Sundabraut í botngöngum alla leið
- ✓ Fjölskyldugreiðslur til foreldra barna 9 til 18 mánaða
- ✓ Samþætting grunnskóla, listnáms og íþróttar
- ✓ 40 þúsund króna frístundakort með hverju barni 5-18 ára
- ✓ Vatnagarður – skemmtigarður fyrir alla fjölskylduna
- ✓ 1.200 lóðir fyrir sérbyli á næstu átján mánuðum
- ✓ Aukin hverfalöggæsla og öflugri forvarnir
- ✓ Ókeypis í strætó fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja
- ✓ Aukin heimaþjónusta, uppbygging hjúkrunarheimila
- ✓ Allir eiga rétt á heimilislækni

Ertu með?

exbé

SVONA ERUM VIÐ

> Krabbamein, ný tilfelli á ári



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: OLÍUVINNSLA ÍSLENDINGA

Ekki jafn fjarlæggt og ætla mætti

Ætla má að sjaldan eða aldrei hafi verið meiri gróðavon í olíuvinnslu og um þessar mundir þegar hver tunna af þessu svartagulli selst á yfir 70 dollara og sérfræðingar spá frekari hækkunum. Með tilliti til þess að miklar olíulindir við strendur Noregs hafa gert Norðmenn að einni ríkustu þjóð veraldar er alls ekki fjarlæggt að ætla að olíu megi einnig finna innan lögsögu Íslands.

Hvað þarf til að leit hefjist?

Stjórnvöld þurfa að setja skýrar reglur bæði almenns eðlis og ekki síður reglur um veitingu leyfa. Sú vinna hófst fyrir allnokkru og er langt komin. Standa vonir til að Orkustofnun ljúki vinnu við það um mitt næsta ár og eftir það ákveða stjórnvöld hvort gefa á út leyfi eður ei. Ekki er gefið að olíufyrirtæki sýni áhuga jafnvel þó leyfi séu auðsött en það er



líklegra eftir því sem verð á olíu hækkar og hækkar.

Hvaða svæði koma til greina?

Löngum hefur verið horft til Jan Mayen en Íslendingar skipta lögsögu á svæðinu með Norðmönnum. Frumathuganir hafa

bent til að þar sé að finna kolvetni í vinnlegu magni en frekari rannsóknir er þörf til að staðfesta það. Finnist olía fá Norðmenn fjórðung alls ágóða vegna þess og sama gildir um Ísland finnst olía í lögsögu Norðmanna. Tvö önnur svæði koma til greina en litlar rannsóknir hafa farið þar fram enn sem komið er.

Hvenær gæti vinnsla hafist?

Í besta falli eftir eftir nokkur ár. Gangi vinna Orkustofnunar vel gætu stjórnvöld sett formlegar reglur í lok næsta árs og áhugasamir óskað leyfa eftir það. Það færi síðan eftir fjármagni og áhuga viðkomandi fyrirtækja hvenær boranir myndu hefjast. Sú vinna tæki góðan tíma og vinnsla hæfist ekki fyrir alvöru nema fullvissa væri um að nægjanlegt magn olíu væri til staðar.

SJÓNARHÓLL
LINSUVÖKVIVið bíðum
upplýsingaANNA BJÖRG
ARADÓTTIR

Yfirhjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu

Talið er að linsuvökvi frá fyrirtækinu Bausch and Lomb geti valdið sveppasýkingu í hornhimnu augna. Tilvik hafa komið upp erlendis og hefur sölu linsuvökvans verið hætt í Bandaríkjunum og Asíu. Landlæknisembættið fylgist grannt með gangi mála að sögn Önnu Bjargar Aradóttur yfirhjúkrunarfræðings.

Hvernig er eftirliti með svona tilvikum háttáð hjá embættinu?

Við erum hluti af eftirlitskerfi á Evrópska efnahagssvæðinu og erum í samstarfi við eftirlitsvöld þar. Ekki hafa nein tilfelli komið upp hérlendis.

Hafa tilvik komið upp í Evrópu?

Það er verið að svara fyrirspurnum miðlægt í þessu samstarfi sem verður svo miðlað til allra eftirlitsaðila. Við búumst við upplýsingum mjög fljótlega.

Hverjar eru afleiðingar sveppasýkingar í hornhimnu augna?

Í mjög slæmum tilfellum getur þessi tegund sveppasýkingar leitt til blindu. Í verstu tilfellunum gæti þurft að skipta um hornhimnu.

Verði bakhjarl á lánamarkaði

Vinna við breytingar á Íbúðalánasjóði er langt á veg komin. Gert er ráð fyrir því að Íbúðalánasjóður verði bakhjarl íslenskra banka og sparisjóða á húsnæðislánamarkaði, samkvæmt tillögum stýrihóps félagsmálaráðherra.

Þriggja manna stýrihópur sem félagsmálaráðherra skipaði til þess að efna til víðtæks samráðs um hlutverk og aðkomu stjórnvalda að íbúðalánamarkaðnum, gagnrýnir í áfangaskýrslu sinni að orðið heildsölubanki skuli vera notað um breytingu á Íbúðalánasjóði, sem miðar að því að draga sjóðinn út af smásölumarkaði. Í stýrihópnum eru Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Jóhann G. Jóhannsson, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, og Sigurjón Þórsson sem er formaður hópsins.

Í áfangaskýrslunni segir að orðið heildsölubanki feli í sér væntingu um að slíkur banki „hefði með höndum víðtæka lánsfjáröflun fyrir smásala, sem ekki væri raunin í sambærilegum kerfum í vestrænum ríkjum.“

Íbúðalánasjóður bakhjarl lánveitinga

Líklegar breytingar á Íbúðalána-



ÍBÚÐAVERFI Í REYKJAVÍK Breytingar á Íbúðalánasjóði skipta miklu máli fyrir Íslendinga. Sérstaklega skiptir framtíð íbúðalánakerfisins miklu máli fyrir ungt fólk sem er að koma yfir sig þak.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sjóði felast í því að hann verði bakhjarl lánveitinga vegna húsnæðis-kaupa. Hlutverk hans yrði að fjármagna íbúðalán banka og sparisjóða á markaði.

Sigurjón Þórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, segir mikilvægt að breytingarnar á Íbúðalánasjóði feli ekki í sér skerðingu á félagslegu hlutverki Íbúðalánasjóðs. „Félagsmálaráðherra, þá Árni Magnússon, lagði til að ekki yrði farið í hugsanlegar breytingar á Íbúðalánasjóði nema að vel athuguðu máli. Félagslegt hlutverk sjóðsins, sem er að tryggja Íslendingum jafnan aðgang að húsnæðislánum, á að haldast óskert ef af breytingum á sjóðnum verður. Það er vilji félagsmálaráðherra, og hugmyndir stýrihópsins um hugsanlegar breytingar á sjóðnum voru skoðaðar með það að leiðarljósi.“

Horft út fyrir landsteinana

Við undirbúningsvinnu að breytingum á Íbúðalánasjóði hefur verið horft til íbúðalánakerfa í Skandinavíu og Bandaríkjunum. Aðstæður sem skipast hafa hér á landi eftir bankar hófu að veita íbúðalán hafa kallað á endurskoðun á því hvernig íbúðalánakerfið er uppbyggt.

Sigurjón segir viðskiptalegt umhverfi hér á landi að mörgu leyti svipað því sem þekktist í Bandaríkjunum. Þar þykir bakhjarlshugmyndin hafa heppnast vel. „Við teljum að hugmyndafræðin sem að baki bandaríska kerfinu liggur



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON Segir mistök að hækka hámarkslán íbúðalánasjóðs á þeim þenslutímum sem nú eru.

sé heppileg fyrir fyrirhugaðar breytingar á Íbúðalánasjóði, þar sem hún er byggð á mikilvægi félagslegs hlutverks sjóðsins. Það eru sambærilegar áherslur og við leggjum upp með hér á landi í okkar vinnu.“

Ríkið hverfi af markaðnum?

Sérfræðingar úr íslensku fjármálalífi hafa margir hverjir haldið því fram að ríkið hafi ekki lengur hlutverki að gegna í smásölu á fjármálamarkaði, í harðri samkeppni við einkarekna banka. Þeir hafa sagt, að ef Íbúðalánasjóði yrði breytt þá yrði að gæta þess að sérréttindi slíks bakhjarls verði ekki til að trufla eðlileg markaðsviðskipti í fjármálaþjónustu og trufla ekki samkeppnisstöðu á markaðnum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lýst því yfir að nauðsynlegt sé að breyta Íbúðalánasjóði til þess að aðlagga hann að breyttu landslagi í íslensku efnahagslífi. Hann telur að félagslegt hlutverk sjóðsins þurfi ekki að skerðast við breytingu. „Það er hægt að ná félagslegum markmiðum með einfaldari og skilvirkari hætti heldur en að reka sérstakan ríkisbanka sem veitir íbúðalán. Framganga Íbúðalánasjóðs hefur verið með þeim hætti að hún hefur oft verið á skjön við efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar. Það er ekki ríkisins að hafa eitthvað tæki, í þessu tilfelli Íbúðalánasjóð, sem ýtir undir verðbólgu í landinu. Ég var mjög ósáttur við ákvörðun félagsmálaráðherra fyrir skömmu, að hækka hámarkslánin.“

Bakhjarlshugmyndin löguð að íslenskum aðstæðum

Stýrihópur félagsmálaráðherra komst að þeirri niðurstöðu að rétt sé að þróa hlutverk Íbúðalánasjóðs í þá átt að hann verði bakhjarl fyrir lánveitingar íslenskra

banka og sparisjóða til almennings og fyrirtækja. Markmið breytingarinnar yrði að auka á fjármálalegan stöðugleika, styðja við samkeppni á íbúðalánamarkaði, tryggja jafnræði í aðgangi landsmanna að húsnæðislánum og draga úr notkun ríkisábyrgða í húsnæðislánakerfinu.

Til þess að markmiðin með breytingunum náist þarf víðtæk sátt að nást um breytingar á Íbúðalánasjóði. Þverfagleg nálgun ýmissa stofnana og fjármála-fyrirtækja, eins og stýrihópur félagsmálaráðherra hefur lagt til, er líkleg til þess að leggja grunninn að nútímavæðingu Íbúðalánasjóðs.

Tillögur stýrihópsins um hlutverk og skipulag Íbúðalánasjóðs verða tilbúnar eigi síðar en í lok næsta mánaðar.

GRUNNHUGSUNIN AÐ FRAMTÍÐ-ARHLUTVERKI ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

- Íbúðalánasjóður bjóði bönkum og sparisjóðum að veita lán samkvæmt skilmálum hans.
- Bankar og sparisjóðir sjái um afgreiðslu lánanna.
- Lánaskilmálar tryggja að lántakar geti fengið lán á sömu kjörum óháð búsetu og félagslegri stöðu.
- Lántakar njóti sömu réttinda til úrræða við greiðsluferðleika og nú eru tryggð við lánatökur hjá Íbúðalánasjóði.
- Íbúðalánasjóður njóti ekki almennrar ábyrgðar ríkisins á skuldbindingum sínum. Sú fyrirgreiðsla sem hann myndi að öðru leyti njóta af hálfu ríkisins væri í beinu samhengi við þær skyldur sem honum væri falið að uppfylla. Vel útfærð fjármögnunarleif sjóðsins ætti að geta skilað sambærilegum eða betri útlánkjörum en boðið er upp á í dag.




FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
ritstjorn@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

VÍGBÚNAÐARKAPPHLAUP
GÆSLUNNARGeorg og félagar
vilja danskar
vélbyssur



20. - 24. apríl

Vorútsala

í Smáralind


15-50% afsláttur af völdum vörum

Komdu og gerðu frábær kaup fyrir sumarið!



Sumarsýningin Vorboðinn 2006
er í fullum gangi í Vetrargarðinum





landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: FJÓSIÐ Á HUNDASTAPA

Kýrnar sífelld að greiða sér og nudda

Í febrúar í fyrra var nýtt fjós reist við Hundastapa en þar eru nú um 50 kýr. Ólafur Egilsson og Ólöf Guðmundsdóttir hafa verið bústólpar þar en nú eru þau hægt og smátt að draga sig í hlé en Agnes dóttir þeirra er að taka við.

„Við getum mjólkað 10 kýr í einu og það tekur okkur um klukkustund og svo annað eins að ganga frá á eftir,“ segir Agnes. Hún flutti aftur á sínar bernskulóðir árið 2003 frá Borgarnesi og tekur við búi full eftirvæntingar.

Stór gulur bursti í miðju fjósi vakti athygli blaðamanns svo Ólafur útskýrði til hverra hluta hann er notaður. „Þessi bursti er tengdur við mótur og snýst þegar þær byrja að nudda sér í hann. Hann er í miklu eftirlæti hjá þeim og voru þær alveg ómögulegar þegar það þurfti að taka hann niður fyrir

skemmstu.“ Búkolla bætti svo um betur og sýndi blaðamanni hvernig tækið er notað meðan hún fékk nudd og lét bursta sig með þessu rafknúna apparati. Því fæst þó ekki svarað hvort ásókn kúnna í þetta tæki sé frekar tilkomin af hégómagirnd eða af nautn sem þæglagt nudd getur vakið.

Ólafur og Ólöf hafa nú flutt úr bænum á Hundastapa og eru að koma sér fyrir í nýju timburhúsi þar skammt frá. Gamli bærin blásir þó við þegar horft er þaðan út um stofugluggann „Þó við séum ekki langt frá er þetta ósköp skrítið að koma hérna að gamla bænum líkt og gestkomandi,“ segir Ólöf. „Það er mesta furða þó við höfum ekki flutt nema hundrað metra frá,“ bætir hún við hugsu.



ÓLAFUR EGILSSON Í FJÓSINU

STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Mýrar

Íbúafjöldi: Um það bil 90.

Sveitarfélag: Borgarbyggð

Sveitarstjóri: Páll S. Brynjarsson.

Skólar: Grunnskóli Borgarnesi, börnin fara með skólabil.

Börn sækja einnig leikskóla í Borgarnesi.

Helsti atvinnurekstur: Kúabúskapur á Lambastöðum, Hundastapa, Laxárholti og fleiri bæjum.

Grásleppuútgærd frá Hvalseyjum.

Hestaferðir fyrir ferðamenn frá Kálfalæk.

Athyglisverðir staðir: Borg á Mýrum, þar bjó Egill Skallagrímsson, Knarrarnes, eyja með fjölskrúðugu fuglalífi, kirkjújörðin á Ökrum, Vegalengd frá Reykjavík: 193 kílómetrar, miðað við Arnarstapa.

KIRKJUSTAÐURINN Á ÖKRUM Á góðum degi verða menn ekki sviknir um fegurðina á Mýrum. Árni Böðvarsson, sem talinn er eitt af helstu rímnaskáldum Íslands á 18. öld, var bóndi á Ökrum og hefur sjálfsagt fengið næga andagift frá þessu fallega umhverfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SVIÐIN JÖRD Á MÝRUM Ummerki sinubrunans minna sveitunga á óskemmtilega lífsreynslu en eldurinn fór yfir 70 til 80 ferkílómetra og verður þess víða lengi að bíða að gróðurinn nái sér aftur á strik.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sátt í sviðinni sveit

Snæfellsjökull trónir tignarlegur yfir Mýrum svo Gunnar V. Andrésson ljósmyndari verður að hafa sig allan við að láta þetta augnakonfekt ekki fipa sig við aksturinn. Jón Sigurður Eyjólfsson blaðamaður gónir hins vegar á sviðna jörð þegar þeir tvímenningar beygja af þjóðveginum til að taka hús á Mýramönnum.

Um 90 manns búa á Mýrum sem ná frá Hítará í norðri, sem nefnd er eftir tröllkonunni Hít sem bjó í helli þar skammt frá, og suður að Langá. Sú skilgreining er þó ekki alheilög því oftast er talað um Borg á Mýrum þó hún sé sunnan Langár. Fyrir stuttu ógnuðu sinueldar samfélaginu þarna en um 70 ferkílómetrar lands brunnu og voru nokkrir bæir í verulegri hættu. En Mýramenn hafa frá fleiru að segja en bruna og gantast með það að sveitin og íbúarnir hafi verið til áður en sinueldarnir geisluðu þó flestir borgarbúar hafi ekki verið meðvitaðir um það fyrir en þá.

Heilsan bág en hugur stefnir hátt

„Ef þú ætlar að hitta mig verður þú að hringja þegar þú ert kominn því ég er alveg hættur að heyrja þó einhver banki,“ segir Pétur Jónsson á Sveinsstöðum þegar blaðamaður gerir boð á undan sér. Gekkt þetta eftir og var tvímenninum boðið til stofu á Sveinsstöðum. Í fyrstu kvartaði bóndi sáran yfir heilsubresti en þegar hugðarefni hans voru reifuð var engan bilbug á honum að finna. „Ég þyrfti endilega að fá mér svifflugvél en það er ekki hlaupið að því að fá lán hjá bönkunum ef þeir sjá ekki fram á það að maður geti greitt það daginn eftir.“ Þetta kemur nokkuð flatt upp á blaðamann þar sem Pétur gengur við hækju og virðist

ekki líklegur til þeirra stórræða að taka á loft. En hugurinn stendur til enn fleiri verka. „Svo þyrfti ég að koma gröfunum sem eru úti á hlaði í gang sem fyrst, í það minnsta annarri.“ Hljómar þetta álfka undarlega enda eru gröfurnar í mjög hrörlegu ástandi og hafa greinilega staðið í allnokkur ár.

Túnfiskveiðar á Mýrum

Steinsnar frá Sveinsstöðum er Vogalækur en þar býr Jóhannes Sigurbjörnsson. Hann er vanur að líta inn í morgunkaffi til Péturs nágranna síns en þeir hafa unnið og baslað ýmislegt saman í gegnum tíðina. Pétur segir að margir sveitungar hafi gantast með það þegar þeir félagar ásamt þriðja nágrannanum, Jóni Friðjónssyni á Hofstöðum, tóku allir pungapróf og fengu sér svo trillu. „Skrifræðisþrjótar hjá Siglingamálastofnun gerðu okkur svo ókleift að skrasetja báta og því voru þeir bara á úti á túni hjá okkur. Höfðu margir orð á því í gamni að við gerðum út á túnfisk,“ segir Pétur.

Húsin í hættu

„Þetta er það skelfilegasta sem ég hef upplifað,“ segir Ólöf Guðmundsdóttir á Hundastapa þegar hún er spurð út í sinueldana sem geisluðu á Mýrum fyrir skemmstu. „Já, manni var ansi illa við þetta,“ bætir húsbóndinn, Ólafur Egilsson, við. „Það var 12 kílómetra eldveggur frá þjóðvegi og niður að sjó sem átti hér yfir allt því vindurinn var svo mikill og enginn réði neitt við neitt,“ segir hann svo. Þá tekur húsfreyjan aftur við: „En flugvél bjargaði húsinu okkar því lengi vel varði okkur klettaninn hér fyrir framan en í honum eru skörð og eldurinn var kominn í

þau. Hefði hann komist alveg yfir hefði ekki verið spurt að leikslökum en flugvél náði að slökkva eldinn í skörðunum og varna því að hann kæmist yfir klettaranann.“

Útlitið var jafnvel enn tvísýnna við bæinn Hólmakot en ófáar kýr hefðu brunnið inni hefði ekki tekist að stöðva framrás eldsins þar.

Hefðum þurft áfallahjálp

Unnsteinn S. Jóhannsson frá Laxárholti sýndi vaska framgöngu, líkt og margir sveitungar hans, þegar sinueldarnir ógnuðu íbúum á Mýrum. Hann gagnrýndi einnig margt sem honum þótti miður fara við slökkviliðsstarfið en vill nú fátt um það segja. „Við íbúar áttum mjög góðan fund með slökkviliðsmönnum, lögreglumönnum, sýslumanni og fulltrúum frá bæjarstjórn þar sem farið var yfir þessi mál,“ segir Unnsteinn. „Þar með var búið að skapa réttan vettvang fyrir okkur til að þústa út og þar voru þessi mál afgreidd svo nú hef ég ósköp lítið um þetta að segja annað en það að við hefðum þurft áfallahjálp. Þeir sem hana veita létu hins vegar ekki sjá sig sem er í raun óskiljanlegt því við vorum í sjokki þó maður hafi kannski ekki gert sér grein fyrir því strax.“

En allir eru sammála um að sveitungar hafi staðið vel saman þegar þennan vágast bar að. „Það voru allir boðnir og búnir til að hjálpa,“ segir Unnsteinn. „Það komu meira að segja bændur á traktorum sínum frá Dalasýslu til að leggja sitt af mörkum. Oft hefur það verið sagt um bændur að þegar kemur að pólitík sé hver höndin uppi á móti annarri en því er þverfugt farið þegar hætta stöðjar að.“ ■

LÉTT PEPPERONI

55% MINNI FITA



SS fremstir fyrir bragðið



PÉTUR JÓNSSON Á SVEINSDÖÐUM Bóndinn á Sveinsstöðum kvartar nokkuð yfir heilsubresti en kemst allur á flug þegar hugðarefni eru reifuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

PURÍÐUR GÍSLADÓTTIR, DILJÁ SIF ERLENDSDÓTTIR OG UNNSTEINN S. JÓHANSSON Afa- og ömmubarnið var komið í sveitina til að gleðja alla í Laxárholti með verkum sínum og nærveru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Gledilegt sumar!

Sænsku gæða garðhúsgögnin eru komin!

afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við



Afar þægileg og endingargóð garðhúsgögn á veröndina, svalirnar, sumarbústaðinn eða sólstofuna - 25 ára reynsla á Íslandi



www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga 10-18 Laugardaga 11-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375



30% Afsláttur
Gourmet rauðvinslegið lambalæri
1.312 kr./kg.



698 kr./pk.
Móa kjúklingapita

392 kr./pk.
FRESCHETTA P
2 TEG.



599 kr./pk.



30% Afsláttur
Móa Gordon bleu
965 kr./kg.



25% Afsláttur
Goða lamba- og nautahakk
798 kr./kg.



Fjörfskur frosin linuýsa
398 kr./kg.



Myllan Brallarbrauð
99 kr./stk.



Oreo Nabisco hjúpað 2 teg.
199 kr./pk.



Oreo Nabisco
119 kr./pk.



Dvergbitur / zucchini
199 kr./kg.



Kostar minna



Greip hvítt / rautt
99 kr./kg.

Konfektepli 1,36 kg
119 kr./pk.



30% Afsláttur
Álegg 3 tegundir

Virk
Sam-
keppni

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI



30% Afsláttur
Ali BBQ steik
Grisa hryggjarvöðvi
1.539 kr./kg.



30% Afsláttur
Ali
Pork Roast steik
1.049 kr./kg.



Happy Day 2 L
ávxatasafar 3 teg.
249
kr./stk.



**GOTT Á
GRILLIÐ**

Hunt's grillísósar 4 teg.
198
kr./stk.



30% Afsláttur
SS Kaj P's
Lambamjálavöðvi
1.643 kr./kg.

Gleðilegt sumar!

Góðir
kaupaukar
fylgja Scholl
fótavörunum



Leikföng
fyrir
sumarið



**FÖRUM
ÚT AÐ
LEIKA**

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



SKÁTAR Í SKRÚÐGÖNGU í vesturbænum mátti sjá skátafélagið Ægisbúa arka frá Melaskóla við undirleik lúðrasveitarinnar Svans.

SUMARGLEÐI Í HÖFUÐBORGinni

Sumarið er tíminn

Sumarið gekk hljóðlega í garð í höfuðborginni í gær eins og annars staðar á landinu. Borgarbúar fögnuðu sumarkomunni með útiveru af ýmsum toga en víða um borgina voru hátíðahöld í tilefni dagsins. Skrúðgöngur marseruðu um hverfin, hljómsveitir stigu á svið og skátar reistu sér búðir. Víða var boðið upp á kaffi og kleinur, fánar voru dregnir að húni, blásið var í blöðrur, krakkar klæddir í

spariföt og einhverjir fengu sumargjafir í tilefni dagsins. Enn aðrir nýttu daginn í tiltekt í garðinum og drógu reiðhjólin úr geymslunni og pumpuðu í dekkinn. Í miðbænum heilsuðust menn með orðunum „gleðilegt sumar“ á meðan sólin reyndi að brjótast í gegnum skýin og hafði hún nokkrum sinnum erindi sem erfiði og tóku höfuðborgarbúar hinum dauðu sólargeislum fagnandi.

-snæ



FJÖR Í HÚSDÝRAGARÐINUM Hér áður fyrr voru krakkar sendir í sveit á vorin en nú fara borgarbörn bara í Húsdýragarðinn til þess að njóta samveru við ferfætlingana.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



SUMARIÐ HLAUPIÐ INN Íþróttafélag Reykjavíkur hélt sitt árlega vorhlaup á sumardaginn fyrsta þar sem lagt var upp frá Ráðhúsi Reykjavíkur.



ÚTIVERA Það er gaman að leika sér utandyra jafnt um sumar sem vetur. Þessir hressu krakkar voru að leika í Húsdýragarðinum en vorhátið Tónabæjar var haldin í garðinum fyrsta dags sumars.

VORIÐ GENGUR Í GARÐ



LÓÐAHREINSUN Í REYKJAVÍK 2006 21.–29. APRÍL

Starfsmenn Reykjavíkurborgar verða á ferðinni á tímabilinu og fjarlægja garðaúrgang sem fólk hefur sett út fyrir lóðarmörk. Athugið að garðaúrgang má ekki setja í sorptunnur.

- Garðaúrgang skal setja í poka
- Greinaafklippur skal binda í knippi
- Ekki verða fjarlægð stór tré eða trjástofnar

Nánari upplýsingar í síma 4 11 11 11



Reykjavíkurborg

Virkjum okkur!

www.reykjavik.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Er kominn tími endurskipulagningar?

Hafrannsóknir og Háskólinn

Hafrannsóknastofnunin er stærsta og öflugasta vísindastofnun sem rekin er á vegum íslenska ríkisins. Á þeim vettvangi hefur í gegnum tíðina starfað fjöldi afbragðs vísindamanna. Margir þeirra hafa á heimsvísu verið í fremstu röð á sínu sviði.

Sú var tíð að allar rannsóknir í þágu atvinnuveganna tengdust Háskólanum. Á sjöunda áratugnum þótti rétt að gera skipulagsbreytingar þar á. Stofnanirnar voru þá færðar undir atvinnuáráðuneytið og síðar einstök atvinnuvegaráðuneyti þegar þau urðu formlega til.

Að baki þessum breytingum hvíldi sú eðlilega hugsun að tengja rannsóknir betur atvinnulífinu. Háskólinn var þá mikil embættismannastofnun og í meiri fjarlægð frá atvinnulífinu en nú er. Enginn vafi er á að þessi háttur hefur styrkt þetta rannsóknastarf. Það á ekki síst við um hafrannsóknirnar.

Glögg dæmi eru um þetta. Hér á landi hafa störf vísindamanna á þessu sviði almennt notið trausts bæði útgerðarmanna og sjómanna. Þessu er öfugt farið í öllum öðrum löndum. Öflug, hygginn og framsýn forysta í hagsmunasamtökum hefur ráðið miklu þar um.

Annað dæmi af fjárhagslegum toga er bygging nýja hafrannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar á síðasta áratug. Útgerðarmenn voru einhuga um að kosta það verk. Þessi tengsl hafa því verið mikilvæg.

En tímarnir breytast. Í fyrsta lagi er fyrirsjáanlegt að aðskilin atvinnuvegaráðuneyti munu brátt heyra sögunni til. Í öðru lagi hefur Háskóli Íslands breyst í grundvallaratriðum. Hann er ekki lengur filabeinsturn embættismanna, heldur vísindastofnun í lifandi tengslum við atvinnulífið.

Í þriðja lagi hefur Háskólinn nýverið kynnt áform um að komast í fremstu röð slíkra vísindastofnana. Það er metnaðarfullt stefnumið. Ljóst er að Háskólinn þarf á öllu því afli að halda sem til er ef það markmið á að verða að veruleika. Ef hagsmunir annarra vísindastofnana geta tengst því markmiði er allsendis óvitaust að skoða það.

Hafrannsóknastofnunin er vísindastofnun sem nýtur alþjóðlegrar virðingar. Á síðasta áratug var byrjað að tengja stofnunina Háskólanum á ný, með því meðal annars að tengja prófessorsembætti í líffræði við starf á stofnuninni. Það var skref fram á við.

Í nýju umhverfi þarf Hafrannsóknastofnunin að njóta óskoraðs og víðtæks trausts. Hún hefur vissulega notið vísindalegs sjálfstæðis en það yrði um margt trúverðugra og öruggara í vísinduumhverfi Háskólans. Breytt háskólaumhverfi þarf ekki á nokkurn hátt að rjúfa eðlileg og sjálfsögð tengsl við atvinnugreinina. Í þeim efnum blása nýir vindar í háskólasamfélaginu.

Hafrannsóknastofnunin gæti lagt grundvöll að doktorsnámi vísindamanna á þessu sviði, jafnt innlendra sem erlendra. Sameining við Háskólann gæti þannig orðið upphaf að nýjum tíma fyrir báðar stofnanirnar og leyst úr læðingi endurnýjaðan kraft í þessu mikilvæga vísindastarfi.

Að ýmsu er að hyggja í þessu sambandi, bæði tæknilegum úrlausnarefnum og vísindalegum markmiðum. Sjávarútvegsráðherra hefur á stuttum ferli sýnt að hann er maður nýrra viðhorfa. Það væri ómaksins vert fyrir ráðherra af þeim toga að láta skoða þetta álitæfni og hugsanlega koma því á framkvæmdastig ef honum og menntamálaráðherranum sýndist svo. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Dagur og Steinar

Samfylkingin í Reykjavík kynnti á miðvikudag stefnuskrá sína fyrir kosningararnar í vor. Auglýsing Samfylkingarinnar í Fréttablaðinu þann sama dag vakti mikla athygli en í henni er mynd af borgarstjóraefni flokksins Degi B. Eggertssyni brosmildum og keikum með sjö mánaða son sinn Steinar Gauta í fanginu. Bæði þótti athyglisvert að Dagur væri einn frambjóðenda á myndinni en ekki síður að sonurinn væri með.



Fram til þessa hafa stjórnmálamenn að mestu haldið börnum sínum utan við hinn pólitíska vettvang en nú kann að verða breyting þar á og ekki

óhugsandi að börn frambjóðenda fari að spila rullu í kosningabaráttu.

Slysin burt

Meðal stefnumála Samfylkingarinnar er að gera Reykjavík að þeirri höfuðborg í Evrópu þar sem fæst slys verða. Á það að gerast árið 2012 og eru því sex ár til stefnu. Vitaskuld lítur þetta vel út á pappír en eins og Guðjón Þórðarson orðar það gjarnan er auðveldara um að tala en í að komast. Rifjast upp svipuð markmið sem sett hafa verið fram, til dæmis að gera Ísland að eiturlyfjalusa landi árið 2002. Er skemmt frá því að segja að það gekk ekki eftir.

Fábrotin sjónvarpssaga

Í nýjasta Mannlífi er flett ofan af hneykslismáli af stærri gerðinni. Í opinskáum viðtali

greinir Steingrímur batsjelor frá því að hann hafi ekki verið einráður um hvaða stúlkum var vísað úr leik í íslenska Bachelornum á Skjá einum í vetur. Segir hann aðstandendur þáttarins hafa haft hönd í bagga. Þó málið sé grafalvarlegt er ólíklegt að eftirmál verði þó einhverjar stúlkanna og dyggir áhorfendur kunni að telja sig svikin. Það er annars til marks um álit blaðamanns Mannlífs á þáttaröðinni að hann segir eina uppákomuna í þáttunum „eitt eftirminnilegasta atvik í íslensku sjónvarpi“. Hlýtur þar gjörvöll fjórútu ára saga íslensks sjónvarps að liggja til grundvallar og má hún teljast heldur fábrotin ef atvik úr batsjelornum er meðal þeirra eftirminnilegustu. bjorn@frettabladid.is



Gengið í Blásteinsbjörg

Málefni innflytjenda voru áberandi í Kastljósi Sjónvarpsins síðustu tvo daga þessa vetrar, þótt með gjörólíku hætti væri. Á þriðjudag var athyglisverð umfjöllun um sýninguna um Útlendinga í Eyjafirði sem fjölmiðlafræðinemar við Háskólann á Akureyri stóðu fyrir á dögum. Í fyrrakvöld, síðasta vetrardag, sat Ásgeir Hannes Eiríksson fyrrum þingmaður fyrir svörum vegna Gallupkönnunar sem hann lét gera um hugsanlegt fylgi stórnámaflokks sem beitti sér gegn frekari fjölgun innflytjenda. Niðurstöðurnar voru vissulega sláandi, en næstum þriðji hver Íslendingur taldi líklegt að hann gæti stutt slíkan flokk.

Segja má að nálgun námsmannanna á Akureyri hafi verið í samræmi við viðtekinn pólitískan rétttrúnað, sem leggur áherslu á þá jákvæðu viðbót sem innflytjendur færa Íslendingum og íslensku mannlífi og viðurkenningu að fjölmenning sé lífsmynstur framtíðarinnar í síðuðum samfélögum.

Sjónarmiðin sem Ásgeir Hannes dró fram eru hins vegar mun óvenjulegri og segir Ásgeir þau spröttin upp í umræðum fastagesta á veitingahúsi hans, Blásteini í Reykjavík. Ásgeir er þekktur fyrir uppreisnir sínar gegn valdakerfum og rétttrúnaði í stjórnmálum og birtist nú eftir nokkuð margra ára hlé í opinberri umræðu og er enn að storka. Hann segist vera að draga fram mál sem bannað hefur verið að tala um opinberlega - það sem hann kallar „flóð innflytjenda“. Í framhaldinu nefnir hann nauðsynina á að spyrna við fótum og takmarka þennan straum, ekki síst í ljósi þess að nú um mánaðamótin muni opnast fyrir frjálsum flutning fólks frá nýju ESB-löndunum. Lausnina sér Ásgeir Hannes og aðrir Blásteinungar í nýjum stjórnmálaflokki sem væntanlega yrði í stíl Danska þjóðarflokksins undir leiðsögn Piu Kjærsgaard og annarra flokka af því sauðahúsi. Nú er

Í DAG
ÓTTI VIÐ INN-
FLYTJENDUR

BIRGIR
GUDMUNDSSON



En það er ljótur leikur að ala á ótta fólks við hið óþekkta og framandi eins og Ásgeir gerir og það er jafnvel enn ljótari leikur að ala á þessum ótta og þessari neikvæðni án þess að neitt sérstakt tilefni sé til...

Þetta ekki í fyrsta sinn sem Ásgeir Hannes er þátttakandi í uppbroti á flokkakerfinu á Íslandi. Stundum hafa þessar tilraunir borðið árangur eins og t.d. í Nýjum vettvangi og Borgaraflokknum á sínum tíma og stundum hafa þær verið lítið annað en vangaveltur eins og sérstakt Breiðhóls- eða úthverfaframbod sem einhverju sinni var fréttamál í nokkra daga. Líklegast er - og vonandi - að þetta þjóðernisflokkstal sem nú er komið fram sé í seinni hópnum.

Þó oft hafi í gegnum árin verið gaman að fylgjast með því hvernig Ásgeir Hannes ögrar pólitískum rétttrúnaði og viðurkenndum pólitískum gildum er hætt við að honum hafi að þessu sinni fatast illa flugið. Ásgeir dregur að því leyti rétta ályktun af skoðanakönnuninni að hann bendir á að fólk sé hrætt. Augljóslega er margt fólk óttaslegið, og samkvæmt könnuninni ekki síst það sem er ungt og lítið menntað. En það er ljótur leikur að ala á ótta fólks við hið óþekkta og framandi eins og Ásgeir gerir og það er jafnvel enn ljótari leikur að ala á þessum ótta og þessari neikvæðni án þess að neitt sérstakt tilefni sé

til og án þess að bjóða upp á nokkra einustu raunverulega leið til að draga úr þessum ótta. Það eru einfaldlega engin stórfelld innflytjendavandamál komin upp á Íslandi og hugsanleg vandkvæði vegna frjálstra fólksflutninga innan EES-svæðisins alls eftir 1. maí eru á engan hátt leyst með því að gera innflytjendur sem slíka að einhverju vandamáli. Ásgeir hefur því gengið í björg í þessu máli, eins konar Blásteinsbjörg!

Skoðanakönnun Gallup og útspil Ásgeirs Hannesar eru þó - þrátt fyrir allt - ekki veitingahúsarabb sem ekki á erindi í almenna umræðu. Þvert á móti er bæði nauðsynlegt og gagnlegt að fá þetta fram í dagsljósið því augljóslega er mikilvægt að vita af duldu ótta þriðja hvers landsmanns við nýja innflytjendur. Það er augljóslega verk að vinna á þessum vettvangi, verk sem stjórnmöld þurfa að hafa forustu um.

Öfugt við yfirlýsingar Ásgeirs hefur verið talsvert talað um innflytjendamál að undanförunu og nú síðast kvaddi Einar Skúlason forstöðumaður Alþjóðastofu sérhljóðs og kallaði eftir endurskoðun á stefnu varðandi íslenskukenslu. Alþýðusambandið hefur haldið uppi málefnalegri gagnrýni vegna EES-málsins. Stjórnmöld hafa heldur ekki setið aðgerðarlaus og af þeirra hálfu hefur ýmislegt verið vel gert. Þannig hefur innflytjendaráð tekið til starfa þar sem verið er að samræma aðgerðir til að auðvelda aðlögun innflytjenda og stefnumótunaryvinna er í fullum gangi. Framlag Ásgeirs og Blásteinunga felst fyrst og fremst í því að sýna að miklu, miklu meira þarf að koma til ef sefa á ótta og fyrirbyggja fordóma og fortíðarhyggju. Sýningin Útlendingar í Eyjafirði dró einmitt fram það sem er mikilvægast af öllu: við erum hér að tala um samskipti fólks, einstaklinga af holdi og blóði sem auða líf hvers annars. Í því felst einfaldlega eftirsóknarverður rétttrúnaður. ■

VIKA BÓKARINNAR

Notaðu þína ávísun!



Notaðu þína ávísun til bókaþaua, því lestur er líkamsrækt hugans!

Hvaða bækur vilt þú?



FÉLAG ÍSLENSKRRA
BOKAÚTGEFENDA

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson STEFÁNSDÓTTIR RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Kauptu nýja bílinn á gamla genginu

Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði.
Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.

Komdu núna



Sjálfskiptur. 153 hestöfl.

Kauptu. 2.690 þús.

Vertu á stæðilegri bíl. Escape. Nýr og falletgri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseginnleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Veldu Ford

Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV4. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape.



Veldu stæðilegri sportjeppa.

Skiptu um bíl. Komdu í dag. Vertu á Ford Escape.



● Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 49.250 kr.



● Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 42.480 kr.
Rekstrarleiga 56.620 kr.



● Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.250.000 kr.
Bílasamningur 44.250 kr.
Rekstrarleiga 58.820 kr.




● Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.460.000 kr.
Bílasamningur 47.110 kr.
Rekstrarleiga 62.390 kr.

GG ALMANNENGLI - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



Öruggur staður til að vera á

Frítt í stæto - frítt í hverfisvagninn

UMRÆÐAN
ALMENNINGSSAMGÖNGUR



KJARTAN EGGERTSSON

Eitt mikilvægasta verkefni nýrrar borgarstjórnar eftir kosningarnar í vor verður að koma almenningssamgöngum í lag. Núverandi borgarstjórn, R-lista flokkunum, hefur algjörlega mistekist að þróa strætókerfið í takt við breytta tíma.

Frambjóðendur F-listans hafa á undanförunum árum bent á mikilvægi hringaksturs um hverfi borgarinnar (hverfisvagna) en fengið lítinn hljómgrunn. Tillaga Ólafs F. Magnússonar í borgarstjórn um að börn, ungmenni, öryrkjar og eldri borgarar fengju frítt í strætó var felld þrisvar sinnum af R-lista flokkunum. F-listinn undir forystu Ólafs ætlar samt sem áður að hrinda þessari tillögu í framkvæmd fái hann umboð til þess eftir sveisitarstjórnarkosningarnar í vor.

Við í F-listanum viljum umbylta leiðakerfi strætisvagnanna með það að markmiði að það þjóni þeim sem þurfa fyrst og fremst á því að halda, þ.e.a.s. börnum, ungmenni, öryrkjum og eldra fólki. Við viljum að í hverju hverfi verði hverfisvagn sem fari ekki út úr hverfinu. Hraðvagnar aki á milli hverfa og eftir aðalleidum en fari ekki um íbúðahverfin. Markmiðið með því að hafa hverfisvagn í

hverju hverfi er að íbúarnir komist leiðar sinnar innan hvefisins. Þannig er það ekki í dag, því strætisvagnarnir fara ekki inn í alla afkima hvers hverfis, aka ekki framhjá öllum þjónustustöðvum og stoppa með alltof löngu milli-bíli.

Fyrsta atriðið sem almenningssamgöngur þurfa að uppfylla er að flytja fólk þangað sem það getur sinnt erindum sínum. Þess vegna þarf hverfisvagn að leggja leiðir sínar í alla hluta hvers hverfis. Það er mikilvægt fyrir íbúana að þessar breytingar nái fram að ganga, því eins og ástandið er núna er undir hælinn lagt fyrir þessa þjófslagshópa að nýta þá þjónustu sem er í heimahverfinu. Með því að hafa hverfisvagn gætu íbúarnir t.d. komist á milli allra grunnskóla í hverfinu, þeir kæmst í verslanir hverfisins, íþróttahúsin, sundlaugin, kirkjuna,

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu

SJÓNARHORN



Hann var ekki smeykur við fuglaflensuna þessi ágæti smyrill sem gripinn var glóðvolgur að gæða sér á þresti í Reykjavík á dögnum.
Fréttablaðið/Vilhelm



TOPP 5: WOODY ALLEN

1. Annie Hall (1977). Myndin átti upprunalega að fjalla um morðráðgátu en á klippiborðinu ákvað Allen að láta myndina í staðinn fjalla um rómantik. Þrátt fyrir að um rómantíska mynd sé að ræða segjast aðalpersónurnar aldrei elska hvor aðra með beinum orðum. Eina myndin sem Allen hefur fengið óskartilnefningu fyrir leik í og eina skiptið sem Allen hefur fengið sjálf verðlaunin fyrir leikstjórn.

2. Bananas (1971). Myndin átti upprunalega að heita El Weirido. Þegar Allen var eitt sinn spurður um nafngiftina sagði hann að það væri vegna þess að það væru engir bananar í myndinni. Flestöll atriðin í myndinni voru leikin af fingrum fram.

3. Manhattan (1979). Fyrsta mynd Allens sem hann kvikmyndaði í Widescreen. Allen skrifaði handritið

ásamt Marshall Brickman en þeir áttu eftir að vinna saman oft. Sú mynd sem er í minnstu upphaldi hjá Allen en samt sem áður ein vinsælasta mynd hans frá upphafi.

4. Hannah and Her Sisters (1986). Allen fékk innblástur fyrir myndina eftir að hafa lesið Önnu Karenínu eftir Tolstoy. Sú kvikmynd Allens sem skilað hefur mestum hagnaði. Eiginkona og fyrrverandi fósturdóttir Allens, Soon-Yí Previn, kemur fram í myndinni. Allen fékk óskarsverðlaunin fyrir handrit í annað sinn.

5. Manhattan Murder Mystery (1993). Mia Farrow átti upprunalega að leika aðalkvenhlutverkið en eftir skilnað hennar og Allens fékk Diane Keaton hlutverkið. Notaði morðráðgátuna sem hann hafði klippt úr Annie Hall í þessari mynd.

Bætt líðan
með betra lofti

Kynningarverð
kr. 29.900

Listaverð kr. 39.900

Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepur bakteríur

Opið 10-18 alla virka daga 12-16 á laugardögum
Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík

Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001

ECC

Tónleikar Ray Davies í Háskólabíó

UMRÆÐAN
TÓNLEIKAR



ÞORLEIFUR ÁSGEIRSSON
TÖLVUKENNARI

Sá sem þetta skrifar er sennilega Kinks-aðdáandi númer eitt á Íslandi og þó víðar væri leitað. Ég fór mér til mikillar ánægju á tónleika Ray Davies í Háskólabíó á föstudaginn langa. Lengri föstudegi man ég ekki eftir enda tilhökkunin í sögulegu hámarki.

Enginn sem þarna var varð fyrir vonbrigðum, því líkir tónleikar eru

ekki á hverjum degi. Meistarinn lét ekki bíða eftir sér og byrjaði á lagi sem er í miklu uppáhaldi hjá flestum sem þekkja feril The Kinks. Lagið heitir I'm Not Like Everybody Else og var upphaflega á b-hliðinni á Sunny Afternoon, en hefur hlotið ótrúlegar vinsældir síðan, því að sennilega lýsir enginn texti Ray jafn vel.

Síðan komu gömlu perlurnar hver af annarri: Where Have All the Good Times Gone, Till the End of the Day og síðan lag af nýju plötunni Other People's Lives, After the Fall. Geipilega gott lag eins og reyndar nýja platan er öll. 20th Century Man kom síðan og þarnaest kom lag sem náði engum sérstökum vinsældum nema hér á landi;

I'm on an Island var spilað á þessum tónleikum í fyrsta skipti síðan 1968. Ray Davies lét þess einu sinni getið að lagið hefði verið samið í til efni fyrstu Íslandsferðar hljómsveitarinnar, en hefur nær ekkert talað um það í 30 ár, hvað þá spilað það.

Eftir þetta rak hver perlan aðra, nýjar og gamlar í bland: Oklahoma U.S.A. tileinkað systur hans alkóhólistanum Rosie, síðan kom Village Green, Picture Book, Sunny Afternoon, Dead End Street og nýr konfektmoli, Next Door Neighbour. Merkilegt nokk var 15 mínútna hlé á tónleikunum. Eftir hléið byrjaði Ray á nokkrum nýjum lögum, sem grein-arhöfundi finnst með því besta sem hefur heyrst lengi: Stand Up Comic,

og þynnkubragurinn Things Are Gonna Change (the Day After), og svo hélt Ray áfram með nýja efnið, sem er hreint afbragð að mínu mati, Creatures of Little Faith fjallar um hvað við eigum erfitt með að treysta öðrum, þar næst Over My Head og svo kom að mínu mati eitt albesta lagið af nýju plötunni The Tourist, þar trúði hann okkur fyrir því að hann væri alltaf með lítið segulband hvert sem hann ferðaðist og tæki upp svona hljóðmyndir, eins og aðrir taka ljósmyndir þar sem hann ferðast.

A Long Way From Home af Lola vs. Powerman kom næst tileinkað Dave bróður hans og gítarleikara Kinks frá upphafi til enda. Þá var kominn aftur tími á gullkornin og þá

streymdu Tired of Waiting for You, Lola, Set Me Free og All Day and All of the Night. Upplöppunarlagið var You Really Got Me í því líkri snilldarútfæringu að unun var að heyra. Hljómsveitin var snilldargóð og ótrúlegt hvað þessir tiltölulega nýju spilafélagar hans virtust hafa mikla tilfinningu fyrir gamla efninu. Það voru ánægðir tónleikagestir sem þyrptust út úr Háskólabíó eftir tónleikana og mátti þar sjá marga eldri kappu úr íslensku tónlistarlífi sem voru sýnilega sáttir við frammistöðu meistarans. Ég vil þakka Einari Bárðar fyrir að gefa okkur þessa sumargjöf og mig langar að enda þetta með tilvitnun í Ray: Þetta hét ekki þungarokk þegar ég fann það upp. ■



BRÉF TIL BLAÐSINS

Virðing fyrir fólki

Að kvöldi páskadags sýndi Stöð 2 viðtal Jóns Ársæls Þórðarsonar við Óskar Bergmann Albertsson í þætti um „okkar minnstu bræður“, eins fram kom í kynningu. Þó Jóni hafi án efa gengið gott til tel ég rangt að byggja umfjöllunina á eins konar „aumingjagæsku“ líkt og orðalagið „okkar minnstu bræður“ gerir ráð fyrir. Í því felst ákveðin vorkunn og það viðhorf að fólk með þroskahömlun sé fórnarlömb harmleiks. Það segir sig sjálf að það er erfitt að virða þá sem við vorkennum en slíkur hugsunarháttur kemur í veg fyrir að fólk með þroskahömlun njóti sömu virðingar og aðrir.

Sömu sögu er að segja af orðalaginu „þroskaheftur piltur“, sem einnig var vísað til í umfjölluninni. Það virðist mjög algengt að líta á fólk með þroskahömlun sem eilíf börn, þrátt fyrir að það hafi náð fullorðinsaldri. „Maður með þroskahömlun“ hefði frekar verið við hæfi eða einfaldlega „maður“, því það er jú það sem viðmælandinn er fyrst og síðast, óháð öllum þeim stimplum sem skellt hefur verið á hann.

Árni Viðar Þórarinnsson þroskaþjálfari

Brot úr Sóleyjarkvæði endurflutt

Á Herkveðjuhátíð, sem haldin verður á veitingahúsinu Ránni í Keflavík laugardaginn 22. apríl, verður sá sögulegi atburður að nokkur þeirra sem frumfluttu Sóleyjarkvæði árið 1965 munu flytja valda kafla úr því. Sóleyjarkvæði eftir Jóhannes úr Kötlum var fyrst gefið út árið 1952. Þar segir í ljóðum í þjóðlegum stíl frá Sóley sólufegri sem gengur milli manna og vætta að fá þá til að vekja riddarann sinn sem var stunginn svefnþorni af finngálkni úr vestri. Þannig segir Jóhannes sögu þjóðar sinnar á umbrotatímum í ljóðrænu ævintýri.

Vorið 1965 var Sóleyjarkvæði frumflutt í tóngerð Péturs Pálssonar og vakti mikla athygli. Hópurinn hélt nokkra tónleika í Reykjavík og á Norðurlandi. Hljóðupptaka var gerð tveimur árum síðar og gefin út tvisvar á vínplötu og síðan á hljómdiski 2001 af Samtökum herstöðvaandstæðinga. Einnig flutti Stúdentakórinn verkið 1985. Upprunalegir flytjendur rifja upp hluta verkisins á Herkveðjuhátíð laugardaginn 22.4. kl. 13 til 17 á Ránni í Keflavík. Aðgangur er ókeypis.

Þorvaldur Örn Árnason, formaður VG á Suðurnesjum

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísu eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

PETTA BLAÐ ER
AÐEINS
FYRIR FÓLK MEÐ
ÚTSTÆÐ EYRU

ÖBÍ kynnir nýja hugmyndafræði um eitt samfélag fyrir alla
Fylgstu með á næstu dögum!



Hvalir, skógur og refir: Vistfræði óskast

UMRÆÐAN
VISTFRÆÐI



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON
JARÐEÐLISFRÆÐINGUR

*Hugmyndir manna um refa-
dráp, stórfelldar selveiðar,
mávadráp eða óparfar hval-
veiðar kalla á fræðslu. Hug-
myndir fólks um að ýmis tré
stofni náttúru landsins í hættu
kalla á fræðslu og rökræður.
Fræðslu um sambýli rándýra
og manna er þörf.*

Fyrir löngu fjallaði þekkt skáld um hernaðinn gegn landinu og gagnrýndi þar með eitt og annað sem menn kalla nú umhverfisskaða. Af ýmsu er að taka: Svæðisbundin ofbeit, óþörf lagning vega og slóða, of mikil framræsla mýra, ofveiði á völdum dýrastofnum, ofsóknir gegn ránfuglum og urðun hættu-

legra efna. Margt var til komið af þekkingarskort, sem má minna á en ekki álasa mönnum fyrir, en annað sprettið af rangri hugmyndafræði. Landgæði okkar eru ekki eins og best væri á kosið. Með ræktun, mannvirkjagerð og reitun lands er ásýnd stórra svæða óparflega mörkuð mannum.

Annars staðar ríkir óparfa landeyðing sem erfitt er að hamla. Við þessar aðstæður er ekki farsælt að hafa sem leiðarstef að leyfa náttúrunni skilyrðislaust að hafa sinn gang. Hún þarf stundum aðstoð. Til dæmis hefur reynst vel að moka ofan í óparfa framræsluskurði, loka óæskilegum ökuslóðum, hefta sandfok, friða birkiskóga og gæta arnarhreidra.

Útlönd, innlönd.

Þegar skógrækt er annars vegar hafa sum okkar tilhneigingu til að finna að mörgu: Útlendar trjategundir, takmarkað útsýni, ónýtt mófuglavarp og fleira. Oftast sjá menn þá ekki skóginn fyrir trjámum, jafn agnarlíttill og hann er. Trjategundir nágrannalandsanna eru ekki fjær en svo að fyrir en síðar skytu þær hér rötum vegna nútímasamgangna, fugla, eða veðra og vinda. Engum dytti í hug að upp-



REFUR Greinarhöfundur telur að væri refurinn látinn í friði næði stofninn ákveðnu jafnvægi sem hægt væri að setta sig við.

FRÉTTAÐLADÍD/VILHELM

ræta neitt sem er aðkomið á þann máta. Hið sama ætti að gilda ef tré eru flutt inn og látin mynda gróður-
svæði, þó ekki væri nema vegna þess að fjölbreytnin og eftirsótt umhverfið bætir landgæði í smáum stíl en ógnar ekki meginásýndum landsins. Hér óx elri (ölur) fyrir um 200 þúsund árum. Er sú trjategund útlend bannvara? Ekki má heldur gleyma gagnsemi trjáa við að binda kolefni úr lofti.

Tvö eða fjögur þúsund ferlómetrar?

Um þriðjungur lands utan jökla er auðn og af þeim verða 70-80% það áfram þó hér hlýni verulega. Á lítt grónum svæðum, yfir 300-400 metrum, þrífst aðeins birki en á völdu láglendi geta erlendar trjategundir þrífist. Þeir staðir eru og verða langt innan við 10% landsins. Skortur á viðernum er í órafjarlægð tímans. Og hvað útsýni varðar gildir einu hvort skógur er hávaxið birki eða lerki. Þar sem hann er, myndar hann eigið, innra útsýni og er það einmitt einn tilgangurinn með vexti hans og nýtingu. Innvera í birtu-
brigðulum og grónum skógi er jafngild upplifun á við að njóta útsýnis yfir heiðar, sanda, vötn eða fjöll.

Tvöföldun skóg- og kjarrlendis merkir að skóglendi stækkar úr 2% landrýmis í 4% en það er svæði sem er rúmur 60 km á hverja hlið, dreift á tugi staða í landinu. Íslenskir mófuglastofnar eru ekki það stórir eða aðþrengdir að þeir skaðist þá, auk þess sem nýtt mólendi verður þá víða til. Skógurinn sjálfur styrkir nokkra fuglastofna. Hvernig ætli mófuglum hafi reitt af fyrir þúsund árum, þegar kjarr- og birkiskógar voru stærri en nú, hvað sem öllum mannabúsvæðum líður? Sennilega vel og það í sambýli við sjálfan refinn.

Er það misskilningur?

Ég hef oft velt því fyrir mér hvað mörg refapör hafi gist Ísland í árdaga og af hverju fuglar þrífust í góðu meðallagi innan um refi (og tré). Af hverju ætli ekki hafi verið hér landauðn af völdum refa? Gæti það verið af því að refurinn er óðalsdýr og ekki sé rými fyrir nema tiltekinn parafjöldi í landinu? Er

það skýringin á því af hverju örfá refagreni hafa alla tíð verið í Þjórsárverum (600 ferkm) þar sem gæsin er í þúsundatali? Það er ekki refurinn sem hefur afgerandi áhrif á fuglalíf í friðlöndum, sveitum eða sumarbústaðabygðum. Miklu fremur eru það stofnsveiflur, rýsjóttara veðurfar, aukin en svæðisbundin búseta, nýir ránfuglar og landdýr (minkur) og mannlegt fönður, allt í flóknu samspili, án þess að eitt verki sem náttúruhamfarir.

Mig grunar að væri refurinn látinn í friði, næði stofninn ákveðnu jafnvægi sem við sættum okkur við. Takmarkað tjón af hans völdum getur samfélagið bætt eða komið í veg fyrir enda hafa refaveiðar aldrei stöðvað miska í sauðfjárbúskap eða æðarrækt. Er ekki hugmyndin um offjölgun í gömlum rándýrastofnum byggð á nýlegum misskilningi? Ég er viss um að hrafnar voru ekki drepnir til að koma í veg fyrir áætlað tjón af þeirra völdum fyrir en á 19. og 20. öld. Einhvern tíma skildist fólki að fuglaflóra flestra landa er fjölbreytt og fugla- eða spendýrategundur tekur ekki upp á að fjölga sér stjórnlaust, nema í sárásaldgæfum tilvikum.

Nýir fuglastofnar

Merkilegt er að heyra fólk amast við starra og sílmaávi sem aðkomnum vargi.

Íslensk fuglafána tekur breytingum vegna náttúrulegra skilyrða. Sjaldgæft er að tegundir hverfi (nema fyrir ofveiði eða snöggbreyttra skilyrða) en algengast að nýjar birtist. Starrinn kom sjálfviljugur og það hafa aðrir smáfuglar og sílamáður gert nýlega. Fráleitt er að leggja í herferðir gegn skepnunum eða í stórfelldar aðgerðir til að halda slíkum stofnun niðri.

Fyrirferðarmiklir fuglar eins og krían eða ránfuglar eins og fálki eiga þegnrétt, ný aðkomnir eða seinkomnir, og hvorug þessra tegunda hefur fjölgað sér úr hófi. Gildir einu hvort fuglinn sest hér að 8000 f. Kr.(?) eins og krían, á miðri 20. öld eins og hettumáður eða fyrir stuttu síðan eins og starri. Lífrikið

leitir jafnvægis og við verðum að setta okkur við það. Aðstoð við náttúruna er ekki stjórnum sem miðar að því að strádrepa eða útrýma svæðisbundni nema þegar neyð eða lífshætta manna kallar á slíkt.

Veidum 15 þúsund hvali á ári!

Af sama misskilningi á vexti og viðkomu stofna eru upphrópanir um að nú þurfi að ganga að hvalastofnunum því dýrin fjölgi sér stjórnlaust. Engar hvalveiðar voru stundaðar árbúsundum saman. Þá ætti að hafa verið ördeyða fiskjar í höfnunum. Sjálfbærar hrefnuveiðar á 20. öldinni skiluðu örfáum hundruðum dýra á ári. Þær höfðu ekki teljandi áhrif á stofnstærðina. Ekki fremur en veiðar síðustu áratuga hvalveiðanna höfðu á sandreyði og langreyði. Þegar veiðum var hætt gátu stofnar stækkað lítilllega vegna óveiddu dýranna. Miklar veiðar geta haft áhrif á stofnstærð og auðvitað væri hægt að veiða hvali svo miklu minna færi af lífverum í skepnurnar en þá þarf að veiða 10-30% helstu stofna ár hvert. Þegar þess er gætt að hrefnustofnin er um 50 þúsund dýr og helstu veiðanleg stórhveli eru mörg þúsundum saman við landið, geta menn gert sér í hugarlund hverju farga þyrfti af hvólum.

Meiri nærvera dýranna skýrist ekki endilega af lítilllegri fjölgun þeirra, heldur af hlýnun sjávar og minna áreiti. Hitt er svo annað mál að sjálfbærar hvalveiðar og afurðasala eru ásættanlegar og hvalaskoðun og sjálfbærar veiðar ættu að fara saman. Af tveimur helstu selastofnunum eru tugþúsundir dýra við landið. Er þá tilefni til að drepa hið minnsta um 20 þúsund skepnur á ári en ekki fáein hundruð eða þúsund? Hugmyndir manna um refadráp, stórfelldar selveiðar, mávadráp eða óparfar hvalveiðar kalla á fræðslu. Hugmyndir fólks um að ýmis tré stofni náttúru landsins í hættu kalla á fræðslu og rökræður. Fræðslu um sambýli rándýra og manna er þörf. Og hvernig væri að endurskilgreina hugtakið vargur? Hér með er beðið um vistfræði handa almenningi. ■

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Firein Fjárfesting ehf



Dalbraut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalan
kr. 20.107 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Vertu á öruggasta bílnum*

Vertu á flottum bíl

Veldu Renault



Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, álfelgur

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.



Sumardekk á ótrúlegu verði

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Skeifunni og á Akureyri

25 fyrstu sem
kaupa heilan umgang
fá fría umfelgun í
kaupauka.

Dekkjastærðir

Fólksbíladekk

Stærðir	
155R13	3.999,-
165/70R13	4.499,-
175/70R13	4.499,-
175/65R14	4.999,-
185/65R14	5.499,-
175/70R14	4.999,-
185/70R14	5.499,-
185/65R15	5.999,-
195/65R15	6.499,-
205/55R16	8.999,-
215/55R16	9.999,-
215/70R16	6.999,-

Jeppadekk

Stærðir	
205/75R15	8.999,-
235/75R15	9.999,-
30X9,50R15	9.999,-
31X10,50R15	10.999,-
32X11,50R15	12.999,-
33X12,50R15	13.999,-
35X12,50R15	14.999,-
225/70R16	10.699,-
255/70R16	12.999,-
265/75R16	13.999,-
285/75R16	14.999,-
315/75R16	17.999,-
265/75R17	13.999,-
33X12,50R17	19.999,-
285/65R18	29.999,-

Sendibíladekk

Stærðir	
195/70R15	7.999,-

Afsláttarmiði

Chaparral Jeppadekk www.vdo.is **SUNNY** Fólksbíladekk

Gegn framvísun þessa miða fæst umfelgun
á fólksbil á aðeins kr 3.999,-
Hjá VDO Borgardekk

VDO Borgardekk
Fljót og góð þjónusta

Borgartún 36 s:588-9747

Gildir til 1. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

NINA SIMONE (1933-2003)
LÉST PENNAN DAG.

„Djass er orð sem hvítir nota
til að skilgreina svart fólk.
Tónlistin mín er sígild svört
tónlist.“

Djassöngkonan og pianistinn Nina
Simone hafði ákveðnar skoðanir á
orðnotkun í tónlistarheiminum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 21. APRÍL 1971

Fyrstu handritin koma heim

Á þessum degi árið 1971 komu Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða til Íslands. Voru það fyrstu handritin sem Danir afhentu Íslendingum eftir samning milli landanna tveggja um skil handritanna sem undirritaður var árið 1961.

Mikið var um dýrðir á hafnarbakkanum í Reykjavík þegar handritin voru borin úr dönsku freigátunni Vædderen sem hafði siglt með þau frá Danmörku. Talið er að um fimmtán þúsund manns



DANSKIR SJÓLIÐAR BERA HANDRITIN HEIM

hafi fylgst með atburðinum en skólum, skrifstofum og ýmsum fyrirtækjum var lokað í tilefni dagsins. Eftir að sjóliðar höfðu borið handritin úr herskipinu var þeim ekið í Háskólabíó þar sem eiginleg afhending fór fram. Þar afhenti Helge Larsen, menntamálaráðherra Danmerkur, Gylfa Þ. Gíslasyni menntamálaráðherra handritin tvö.

Á árunum sem fylgdu komu fleiri handrit til Íslands. Afhendingu þeirra lauk þó ekki fyrr en 19. júní 1997.


MERKISATBURÐIR

- 1912 Hafnaboltaliðin New York Giants og New York Yankees eigast við í góðgerðarleik til styrktar eftirlifandi fórnarlömbum Titanic-sjólýssins.
- 1944 Konur í Frakklandi öðlast kosningarétt.
- 1960 Höfuðborg Brasilíu, Brasília, er vígð klukkan 9.30 árdægsurs þegar allar þrjár greinar ríkisvaldsins eru fluttar frá gömlu höfuðborginni Rio de Janeiro.
- 1965 Lög um útgáfu nafnskírteina eru staðfest en allir Íslendingar eldri en tólf ára áttu að fá slík skírteini.
- 2002 Í fyrstu umferð frönsku forsetakosninganna komast forsetinn Jaques Chirac og hægriöfgamaðurinn Jean-Marie Le Pen áfram.

AFMÆLI




Auður Eir Vilhjálmsdóttir
prestur er 69 ára.



Fanný Jónmundsdóttir
listakona er 61 árs.




Stefán Friðfinnsson
stjórnarformaður ÍAV er 58 ára.



Guðrún (Rúna) Jónsdóttir
talskona Stígamóta er 52 ára.



Jóhann Sigurðarson
leikari er fimmtugur.



Lúðvík Geirsson
bæjarstjóri í Hafnarfirði er 47 ára.



JARÐARFARIR

- 10.30 **Þorsteinn Jón Þorsteins-son** vélstjóri, Nesbala 62, Seltjarnarnesi, verður jarðsönginn frá Seltjarnarneskirkju.
- 11.00 **Gunnhildur Ásta Steingrimsdóttir** verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.
- 11.00 **Sigurður Gíslason**, Fífumóa 3e, Njarðvík, verður jarðsönginn frá Keflavíkurkirkju.
- 13.00 **Björg Ólína Júlíana Eggertsdóttir**, Meistaravöllum 29, verður jarðsöngin frá Neskirkju.
- 13.00 **Gísli K. Sigurðsson** bifreiðarstjóri, Mjósundi 15, Hafnarfirði, verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.
- 13.00 **Jónína Guðmundsdóttir**, Hjallahlíð 31, Mosfellsbæ, áður til heimilis á Miklubraut 72, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Lágafellskirkju.
- 13.00 **Magnea Þorkeldsdóttir** verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju.
- 13.00 **Sigurður Demetz Franzson** verður jarðsönginn frá Kristskirkju í Landakoti.
- 13.00 **Valdimar Þ. Einarsson** skipstjóri og útgerðarmaður verður jarðsönginn frá Áskirkju.
- 13.30 **Pálmi Pálmason**, Þórunnarstræti 112, Akureyri, verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju.
- 14.00 **Þorbjörg Sigfúsdóttir**, Blikabraut 11, Keflavík, verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju.
- 14.00 **Pálmi Reynir Valdimarsson**, Meyjarhóli, Svalbarðsströnd, verður jarðsöngin frá Svalbarðskirkju.
- 15.00 **Magnúsína Guðrún Sveinsdóttir**, Gnoðavogi 20, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Langholtakirkju.
- 15.00 **Svava Magnúsdóttir**, Þverbrekku 2, Kópavogi, verður jarðsöngin frá Digraneskirkju.

ANDLÁT

Elín Guðmundsdóttir, áður til heimilis í Mávahlið 1, lést á dvalarheimilinu Grund miðvikudaginn 19. apríl.
Sigríður Arnfinnsdóttir, Hraunbæ 170, Reykjavík, lést á heimili sínu aðfaranótt 18. apríl.
Þórhalla Gísladóttir frá Skógargerði, til heimilis á Bergþórugötu 27, Reykjavík, lést á Landspítalanum þriðjudaginn 18. apríl.

Stofnun Rómar

Samkvæmt rómverskri goðafræði var borgin Róm stofnuð á þessum degi árið 753 fyrir krist. Það voru tvíburarnir Rómulus og Remus sem stóðu að stofnuninni og voru þeir afkomendur Eneasar frá Tróju. Rómulus drap þó Remus í rifridli við byggingu borgarinnar og var hún því nefnd eftir honum. Hann ríkti yfir Róm í þrjátíu og sjö ár og var fyrstur í röð sjö rómverskra konunga.

Samkvæmt goðsögninni er tuttugasti og fyrsti apríl er nefndur afmælis- eða fæðingardagur Rómar í



RÓM Borgin á afmæli í dag.

ítölsku almanaki. Tvíbura-bræðrana er einnig minnst í borginni þar sem reist hefur verið stytta þeim til heiðurs.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Þegar andlát ber að

Síastaliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning úttara. Allhliða úttarafþjónusta
Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020
Úttarafþjónustan ehf. Stofnað 1990



ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR SÖNGKONA Óperan Tosca var fyrsta hlutverkið sem Elin Ósk söng á sviði og miðar hún söngafmælið sitt við þau tímamót.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR: 20 ÁRA SÖNGAFMÆLI

Flugeldasýning í kvöld

Mikið er um að vera hjá Elínu Ósk Óskarsdóttur í ár. Hún heldur upp á tuttugu ára söngafmæli með margvíslegum hætti en í kvöld og á morgun syngur hún nokkrar af sínum uppáhaldsárum með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„Ég tel afmælið frá því þegar ég söng mitt fyrsta óperuhlutverk á sviði. Það var titilhlutverkið í óperunni Tosca eftir Puccini í Þjóðleikhúsinu,“ segir Elín Ósk dreymin. Þegar blaðakona biður hana um að leggja mat á söngkonuna sem hóf feril sinn segist hún hafa verið mjög ung og sjaldgæft að söngkonur syngi Toscu á þeim árum. „Þá var ég náttúrulega að stíga mín fyrstu skref og ekki eins þroskuð og ég er í dag. Söngurinn er mikil ögun og æfing og maður þarf að vera meðvitaður um að vera alltaf að gera betur og betur. Fyrir tuttugu árum var ég að vonast til þess að röddin mín þroskaðist út í það að verða dramatískur sópr-

an og ég held að ég hafi fengið ósk mína uppfyllta.“

Árin tuttugu í söngnum hafa verið farsæl ef frá eru talin sjö ár þegar veikindi settu mark sitt á feril Elínar Óskar. „Ég datt alveg út í sjó ár sem ég hefði auðvitað gjarnan vilja nýta mér öðruvísi. En eftir árin sjö kom ég tvíeðfl tilbaka og fannst ekkert annað vera í boði en að halda áfram.“

Elín Ósk hefur líka haldið áfram með stæl og gert „margt, mikið og skemmtilegt“ um starfsævina. „Á þessu ári er alveg ótrúlega margt að gerast sem hefur undið skemmtilega upp á sig. Bæði eru það skemmtileg verkefni sem áttu að tengjast afmælinu og svo önnur sem komu óvænt upp á. Ég verð með afmælistónleika hinn 6. maí sem Kurt Kopecy ætlar að stjórna fyrir mig. Með mér koma fram ýmsir karleinsöngvarar sem ég hef sungið mikið með og svo Óperukórinn og Karlakórinn Stefni. Síðan er bara að taka upp

hljómdisk með eintómum árum með Sinfóníuhljómsveit Íslands.“

Fyrsta verkefnið eru þó tónleikarnir með Sinfóníuhljómsveitinni í kvöld og á morgun þar sem kennir ýmissa grasa. „Ég datt inn í þessa tónleikaröð með stuttum fyrirvara. Við Petri Sakari, hljómsveitarstjórninn, settumst niður og fundum saman efnisskrá. Bæði spilar hljómsveitin forleiki úr hinum ýmsu óperum og síðan syng ég á milli sex stórar dramatískar óperuáriur.“ Á efnisskránni eru bæði þekktari verk og einnig áriur sem sjaldan heyrast hér á landi. „Þetta verður dálítill flugeldasýning, eða ég vona það.“

Aðspurð segist Elín Ósk vonast til þess að verða enn í fullu fjöri eftir tuttugu ár. „Ég er samt búin að ákveða að hætta þegar eitthvað fer að gefa sig og ætla ekki að verða gömul söngkona. Það eru svo mörg önnur verkefni í boði og ef í það fer er ég kjörnámsmaður og fer bara í þá deildina.“



KÁTT Á HJALLA Ungar sýrlenskar stúlkur dansa hér og skemmta fyrir framan húsarústir á ræmu Gólanhæða sem enn tilheyrir Sýrlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kvennahreyfingin um stjórnarskrárbreytingar

Boðað er til umræðufundar um tillögur kvennahreyfingarinnar til stjórnarskrárfundar vegna fyrirhugaðra breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins. Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum boðar til fundarins sem haldinn verður í dag klukkan 12.15 í stofu 132 í Öskju.

Elsa B. Þorkeldsdóttir, lögfræðingur og sérfræðingur Evrópuráðsins, og Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, ætla að fjalla



FYRIRLESTUR Í ÖSKJU Kvennahreyfingin leggur til breytingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um tillögurnar, sem eru í þremur meginliðum. Í fyrsta lagi að stjórnarskráin kveði á um að ná skuli sem jöfnustu hlutfalli karla og kvenna á Alþingi, að stjórnvöld séu skuldbundin til aðgerða til að jafna stöðu karla og kvenna og að allir skuli njóta mannhelgi og verndar gegn ofbeldi á opinberum vettvangi sem og í einkalífi.

Að kynningunum loknum verða umræður en hægt er að vera undirbúinn og kynna sér tillögurnar á veffanginu www.unifem.is.

FM957

R

You know what?
I like the playettes.
No diggity, no doubt.
Play on playette.
Yo Dre, drop the verse.

It's going down, fade to blackstreet.
The homies got rb, collab' creations.
Bump like acne, no doubt.
I put it down, never slouch.
As long as my credit can vouch.
A dog couldn't catch me ass out.
Tell me who can stop when Dre making moves.
Attracting honeys like a magnet.
Giving 'em eargasms with my mellow accent.
Still moving this flavour.
With the homies blackstreet and teddy.
The original rump shakers.

Shorty in down, good Lord.
Baby got 'em up open all over town.
Strictly biz, she don't play around.
Cover much ground, got game by the pound.
Getting paid is a forte.
Each and every day, true player way.
I can't get her out of my mind.
What?
I think about the girl all the time.

East side to the west side.
Pushing phat rides, it's no surprise.
She got tricks in the stash.
Stacking up the cash.
Fast when it comes to the gas.
By no means average.
As long as she's got to have it.
Baby, you're a perfect ten, I wanna get in.
Can I get down, so I can win.

I like the way you work it.
No diggity, I try to bag it up, bag it up!

She's got class and style.
She's managed by the town.
Baby never act wild.
Very low key on the profile.
Catchin' vilians is a no.

Let me tell you how it goes.
Curve's the words, spin's the verbs.
Lovers it curves so freak what you heard.
Rollin' with the phatness.
You don't even know what the half is.
You gotta pay to play.
Just for shorty, bang-bang, to look your way.
I like the way you work it.
Trumped tight, all day, every day.
You're blowing my mind, maybe in time.
Baby, I can get you in my ride.

Hey yo, hey yo, hey yo, hey yo!
Hey yo, that girl looks good.
Hey yo, hey yo, hey yo, hey yo!
Play on, play on playette.
Hey yo, hey yo, hey yo, hey yo!
You're my kind of girl, no diggity!
Hey yo, hey yo, hey yo, hey yo!
Hey!



Birta er komin út!

Klippt og skorið í Hlíðunum



Pastamáltíð með humri
Húmorinn í Sigtínu
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS

STUÐ MILLI STRÍÐA Dagdraumar

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR FERÐAST Í HUGANUM



Sumarið er formlega gengið í garð og ég er strax farin að láta mig dreyma um ferðalög til framandi landa sem ég veit að verða ekki farin í ár. Þessi vitneskja angrar mig samt ekkert sérstaklega því draumórarnir standa alveg fyrir sínu og eru oftast hin besta skemmtun. Síðustu ár höfum við sonur minn stundað það að skoða landakort og ljósmyndir og skipuleggja ferðalög til ýmissa landa sem við förum sennilega aldrei til. Engu að

siður njótum við þess í botn að ákveða hvert við ætlum að fara, hvernig við ætlum að fara þangað og hvað við ætlum að skoða þar. Ferðalög í huganum eru alltaf vel heppnuð ferðalög og dagdraumarnir lífga upp á hversdagsleikann. Dagdraumar eru nefnilega ekki það sama og úppfylltar langanir. Á meðan það getur verið virkilega niurdrepanði að langa alltaf í eitthvað sem ekki er hægt að fá er oft ótrúlega ljúft að láta sig dreyma um eitthvað sem á ekkert endilega að verða að veruleika. Fyrir ekkert svo löngu fór ég í dagsferð á Eyrarbakka og Stokkseyri. Ég fann strax að þarna væri ég til í að búa þó ekki væri nema til

þess að geta annað slagið gengið niður í fjöru og látið mig dreyma um ævintýri í öðrum löndum hinum megin við hafið. Þegar ég sagði vini mínum frá þessu skildi hann ekkert í mér. Honum fannst miklu meira vit í því að búa í Reykjavík og fara bara reglulega til útlanda í staðinn fyrir að láta sig dreyma um það. Ég reyndi að útskýra fyrir honum að þetta snerist ekkert um það að mig langaði til útlanda, þetta snerist um það að mig langaði til þess að láta mig dreyma um að fara til útlanda. Auðvitað er alltaf frábært að gera virkilega það sem manni langar til að gera en stundum getur verið alveg jafn ánægjulegt að láta sig bara dreyma um það. ■

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Överli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Pú og pa

Eftir SÖB



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



visir

VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími
550 5000.



Opnunartími í afgreiðslu

mán.-mið. 8 - 18
fim. og fös. 8 - 19
helgar 11 - 16

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8-22.

DV

FRÉTTABLAÐIÐ

visir

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN PERLUNNI

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR! 7. apríl - 23. apríl

GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR

ROKK-POPP-KLASSÍK-BLÚS-KÁNTRÝ-SLÖKUNARTÓNLIST-ÞÝSK, SKANDINAVÍSK OG ÍRSK TÓNLIST
OG AÐ SJÁLFSÖGDU ALLIR NÝJUSTU TITLARNIR Á BETRI VERÐI EN ÞÚ ÁTT AÐ VENJAST



MIKID ÚRVAL AF
GEISLADISKUM
FRÁ KR. 50

MESTA ÚRVAL AF TÓNLISTAR-DVD Á LANDINU!



Frábært verð
á tónlistar dvd
frá 799 kr

MIKID ÚRVAL AF KARÍÓKÍ

MYNDR
FRÁ
90 KR

GERDU FRÁBÆR KAUP Á DVD, TÖLVULEIKJUM
OG MYNDBÖNDUM



TÖLVULEIKIR
FRÁ KR. 490

Opið alla daga
frá 10-18

Sími: 561-4114

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR



Kl. 21.15

Gítarleikararnir Björn Thoroddsen og Jón Rafnsson leika á Jazzhátíð í Garðabæ ásamt klarinettunillingnum Jörgen Svare. Tónleikarnir verða haldnir í sal Tónlistarskóla Garðabæjar í Kirkjulundi 11.

menning

menning@frettabladid.is

Djöfuls... listsýning

Myndlistarmaðurinn Finnur Arnar Arnarsson opnar sýningu í gallerí Populus tremula í Listagilinu á Akureyri á morgun. Finnur Arnar nam við skúlpúrdeild og fjöltæknideild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 1991 en hefur starfað sem leikmyndahönnuður samhliða myndlistinni og meðal annars séð um leikmyndir fyrir Hafnarfjarðarleikhúsið, Íslensku óperuna og Bergarleikhúsið. Sýningin í Populus tremula ber heitið „Djöfuls...“ en fyrir opnunina mun Finnur Arnar halda fyrirlestur í Deiglnni um samvirkni myndlistar og leikhúss og hefst hann kl. 14.00. Á ferli sínum hefur Finnur Arnar haldið fjölda listsýninga og hannað sýningar og auglýsingar fyrir fjölmörg fyrirtæki, stofnanir og bæjarfélög. Hann hefur auk þess kennt myndlist og haldið fjölda listnámskeiða.



FINNUR ARNAR ARNARSSON Ný sýning á Akureyri

> Ekki missa af...

hláturtíð í Borgarleikhúsinu í næstu viku og síðustu sýningum DANSléikhússins á verkunum I'm FINE og Fallinn engill á sunnudaginn.

kór Langholtskirkju flytja Petite Messe solenne eftir Rossini í Langholtskirkju á sunnudaginn kl. 16.00.

sýningunni AFsprengr HUGSunar Guðjóns Bjarnasonar í Hafnarhúsinu. Sýningum lýkur um helgina.

Hersveitin á leið í tónleikaferð

Útlendingahersveitin, sem er skipuð fimm gamalkunnum djasstónlistarmönnum, er á leið í sína fyrstu tónleikaferð um landið í sex ár.

Í þetta sinn verða haldnir sex tónleikar og um leið verður ný tónleikaplata tekin upp þar sem stærri hlutinn verður frumsamið efni. Hefst tónleikaferðin á Höfn í Hornafirði á sunnudaginn og lýkur í Reykjavík í sal FÍH viku síðar.

„Það er mjög skrítið að hittast aftur,“ segir Árni Scheving, meðlimur hersveitarinnar. „Ekki það að við þekkjum ekki hvern annan orðið



ÚTLENDINGAHERSVEITIN Hersveitin á æfingu í húsi FÍH á dögnum. Þeir félagar eru á leið í tónleikaferð um landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

TÓNLEIKAFERÐIN UM LANDIÐ

- 23. apríl: Höfn í Hornafirði
- 26. apríl: Bífröst - á vegum Tónlistarfélagis Borgarfjarðar
- 27. apríl: Akureyri
- 28. apríl: Hvammstangi
- 29. apríl: Vestmannaeyjar
- 30. apríl: Reykjavík - salur FÍH


vel. Við þekktumst allir vel í gamla daga en menn hafa búið úti um allt undanfarin ár,“ segir hann. Árni Egilsson hefur búið í Los Angeles, Þórarinn Ólafsson á Spáni og Pétur Östlund í Stokkhólmi í Svíþjóð. Ein-

ungis Árni Scheving og Jón Páll Bjarnason eru búsettir á Íslandi. Útlendingahersveitin var stofnuð árið 1992 í tilefni djasshátíðarinnar Rúrek en hittist ekki aftur fyrr en 2000, þá í tilefni Djasshá-

tíðar Reykjavíkur. Þá tók hún einmitt líka upp plötu en sú var unnin í hljóðveri. Sveitin mun spila á Djasshátíð Reykjavíkur sem verður haldin 27. september til 1. október.


Nýjar bækur

Í smásagnasafninu Það sem þú vilt eftir Pál Kristinn Pálsson eru sex sögur þar sem velt er upp áleitnum spurningum um mannfólkið og gjörðir þess. Þetta er nýfundað bók höfundar. Páll Kristinn hefur jafnframt skrifað handrit að kvikmyndum og sjónvarpsmyndum, unnið við dagskrárgerð og ritað greinar og skrifað viðtöl fyrir blöð og tímarit.



SMÁSAGNASAFN PÁLS KRISTINS PÁLSSONAR

Í ritgerðasafni tékkneska rit höfundarins Milans Kundera, Tjöldunum, er fjallað um evrópsku skáldsögunna, allt frá Íslendingasögunum til samtímahöfunda og tengsl hennar við skáldsagnahefð í öðrum heims- hlutum.



EVROPSKA SKÁLDSAGAN KRUFIN

Kundera leggur áherslu á að skáldsagan sé sérstök listgrein, form þekkingarleitar með merka sögu en búi jafnframt yfir ákveðnum séreinkennum eins og til dæmis húmor og kímni.

Þetta er tíunda bók Kundera sem kemur út hérlendis en skáldsögur hans hafa notið mikilla vinsælda.

Metsölsagan Við enda hringsins er komin út í kilju. Þessi spennusaga Toms Egeland hefur hlotið góðar viðtökur og dóma hjá lesendum sem líkja henni við Da Vinci-lykilinn eftir Dan Brown en sagan sú kom út tveimur árum á eftir Við enda hringsins.



LAUNHELGAR VESTRÆNNAR MENNINGAR

Höfundurinn fléttar saman ævafornar gátur menningarsögunnar en í spennusögunni greinir frá leyndardómum gullskráns sem fannst við uppgröft í miðaldaklaustri í Noregi.

Kristín R. Thorlacius og Áslaug Th. Rögnvaldsdóttir þýddu. ■

Draumasmiðjan í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið kynnir:

Viðtalið

eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur og Margréti Pétursdóttur

Ekki missa af Viðtalinu

Síðustu sýningar:

Föstudagurinn 21. apríl kl. 20:00

Fimmtudagurinn 27. apríl kl. 20:00

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu



volare.is

Landsbankinn



Afmælissýning á Akranesi

Myndlistarmaðurinn Kjartan Guðjónsson opnar sýningu í Listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi um helgina og sýnir 25 ný olíuverk. Rúm 60 ár eru liðin síðan Kjartan sýndi fyrstu verk sín hérlandis, þá nýkominn úr listnámi í Bandaríkjunum og því er um eins konar afmælissýningu að ræða.

Kjartan nam myndlist í Chicago í tvö ár en sneri aftur heim og hóf að kenna við Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þar kynntist hann öðrum listamönnum sem höfðu numið erlendis og kynnst stefnum á borð við abstraktið. Þar á meðal voru Nína Tryggvadóttir, Þorvaldur Skúlason, Snorri Arinbjarnar og fleiri, sem síðar mynduðu kjarnann í Septemhópnum svokallaða en



KJARTAN GUÐJÓNSSON LISTMÁLARI Sextíu ára sýningaferill.

hópurinn hélt umdeilda sýningu í Listamannaskálanum í Reykjavík haustið 1945.

Sýningunni lýkur 7. maí en Listasetrið er opið alla daga nema mánudaga frá 15-18. ■

Grimmt gúrkustríð

Hin ógleymanlega frásögn um Uppreisina á barnaheimilinu er komin út á hljóðbók. Þýðandi og þulur er Olga Guðrún Árnadóttir sem varð þjóðkunn af flutningi sögunnar fyrir rúmum þremur áratugum þegar hún var fyrst flutt í Ríkisútlit varpinu. Bókin sjálf, sem Svíinn Gunnar Ohrlander skrifaði undir dulnefninu Dr. Gormander, er löngu uppseld og vandfundið óskemmt eintak af henni.

Í sögunni segir frá barnaheimilinu Kanónunni þar sem börnin fá aldrei að gera það sem þau vilja. Þess vegna gera þau uppreisn og taka völdin eftir grimmeilegt grautar- og súrmjólkurstríð sem enn er mörgum lesendum í fersku minni.

Sagan rúmast á tveimur geisladiskum en kápumyndina hannaði Áslaug Jónsdóttir.



ÓGLEYMANLEG UPPREISIN Tílbúin í spilarann.

Útskriftar-tónleikaröð

Í dag hefst útskriftartónleikaröð tónlistardeildar Listaháskóla Íslands þar sem ungir einleikarar, söngvarar og tónskáld munu koma fram. Alls verða haldnir þrettán tónleikar, þeir fyrstu í kvöld en þá mun Birna Hallgrímsdóttir halda píanótónleika í Salnum í Kópavogi. Á efnisskránni eru verk eftir Haydn, Liszt, Janacék og Debussy og hefjast tónleikarnir kl. 20. Tónleikarnir verða haldnir víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal í Iðnó og Gamla bíói en tónleikaröðinni lýkur 6. maí.

Þetta er þriðji árgangurinn sem útskrifast frá tónlistardeild LHÍ sem nú hefur starfað í fimm ár. Í útskriftarhópnum eru einleikarar á píanó, flautu, selló og fiölu, tveir einsöngvarar og ljúka tveir nemandur almennu tónlistarnámi til BA-gráðu í tónlistarfræði og tónlistarkennslu.

-khh



Eldhús eftir máli
Menningarverðlaun DVI



HJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Fermingargjafir

fyrir poppara, rappara og rokkara...

Hljómborð frá 23.900 kr.

Trommusett frá 36.500 kr.

Kassagítarar frá 10.900 kr.

Gítarmagnarar frá 9.900 kr.

Rafmagnsgítarar frá 15.900 kr.

Mbox með Pro Tools frá 41.500 kr.

HJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahusið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
 LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - Nokkur sæti laus
 Sun. 14. maí kl. 19 - Lau. 20. maí kl. 19
 Lau. 27. maí kl. 19 - Lau. 3. júní kl. 19
 Lau. 10. júní kl. 19 - AÐEINS SÝND Í MAÍ OG JÚNÍ

TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK - MÆRÞÖLL
 Lau. 22. apríl kl. 20 - Sun. 23. apríl kl. 20
 Miðaverð kr. 1.000 - Aðeins tvær sýningar

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Simasala kl. 10-18, þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
 9. sýn. í kvöld fös. 21/4 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 örfá sæti laus, fim. 4/5 nokkur sæti laus, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
 Í kvöld fös. 21/4 uppselt, lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4 örfá sæti laus, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4. **Aðeins þessar 6 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
 Í kvöld fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**, fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Ósöttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
 Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
 AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
 MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið	Nýja svið / Litla svið
RONJA RÆNINGJADÓTTIR	BELGÍSKA KONGÓ
Su 23/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 17:30 Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14 Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14 ÓSÖTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA	Í kvöld kl. 20 Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
KALLI Á ÞAKINU	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 22/4 kl. 14 SÍÐASTA SÝNING UPPS.	Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING Su 30/4 kl. 20 AUKASÝNING ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK
FULLKOMIÐ BRÚDKAUP	HUNGUR
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS. Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS. Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS. Þri 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 AUKAS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20 Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING	Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	NAGLINN
Forsýningar miðaverð 1.500 kr. Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20 Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20 Mi 17/5 kl. 20 Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20	Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20 Fö 19/5 kl. 20 Su 21/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR
MIKE ATTACK	GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Su 30/4 kl. 14 Su 7/5 KL. 14 Su 14/5 kl. 14 MÍÐAVERÐ 1.900 kr.	Fö 28/4 kl. 20 Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR
TYPPATAL	FORDÍST OKKUR
Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20 MÍÐAVERÐ 2.500 Kr	Í kvöld kl. 20 UPPSELT Lau 22/4 kl. 17 & 20 Su 23/4 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR
HLÁTURHÁTIÐ	DANSleikhúsið
Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20 MÍÐAVERÐ 1.000 kr	Su 23/4 KL. 20 SÍÐASTA SÝNING
HLÁTURHÁTIÐ	TENÓRINN
Opunarahátíð fö 28/4 kl. 16-18 Grín til góðs! Til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna. Miðaverð 1.000 kr	Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
HLÁTURHÁTIÐ	HLÁTURHÁTIÐ
Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20 MÍÐAVERÐ 2.500 Kr	Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20 MÍÐAVERÐ 2.500 Kr

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhusid.is

KRINGLUKRÁIN

Lúdó og Stefán
 í kvöld

Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is



MINNINGARSÝNING UM SNORRA HJARTARSON Endurrútgáfa á heildarverkum skáldsins í tilefni afmælisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aldarminning skálds

Á morgun hefði skáldið Snorri Hjartarson orðið 100 ára og að því tilefni verður opnuð minningarsýning um hann í bókasal Þjóðmenningarhússins.

Halldór Ásgeirsson myndlistarmaður er bróðursonur Snorra og einn af aðstandendum sýningarinnar en hann lýsir föðurbróður sínum sem einkar ljúfum manni. „Hann var ákaflega góður maður og ég á fallegar minningar um hann sem manneskju. Við bjuggum í sama húsi, fjölskyldan mín bjó á fyrstu hæðinni en í einni af mínum fyrstu minningum er ég að skrifa upp á loft til hans.“ Halldór minnst þess að Snorri hafi jafnan farið seint á fætur því hann hafi verið náttfráfn eins og faðir Halldórs. „Maður beið stundum heillengi eftir honum og þá gaf vinnukonan hans manni stundum saft,“ segir hann kíminn. Snorri var kvæntur um tíma meðan hann bjó í Ósló en síðar skildi hann og flutti aftur

heim en hann bjó einn hér heima.

Halldór kynntist Snorra fyrst sem frænda og vini en fór að lesa ljóð hans á unglingsaldri. „Hann tók mér alla tíð eins og jafningja, það skipti ekki máli þótt maður væri fimm ára, viðmótið var það sama. Við gátum rætt um heima og geima.“ Seinna fetaði Halldór í fótspor Snorra og fór í myndlistarnám en Snorri nam við Listaakademíuna í Ósló í tvö ár, áður en hann sneri sér að skáldskapnum. „Hann vildi ekki tala um þennan stutta myndlistarferil sinn, hann var svo högvær,“ útskýrir Halldór en bætir við að myndir eftir hann hafi fundist eftir lát hans, upprúllaðar og vel faldar á háalofinu.

„Hann málaði í ljóðunum, sum af seinustu ljóðunum – knöpp og stutt – minna mikið á myndlistina,“ segir Halldór og bendir á líkindi þessa við nútímalist þar sem myndlistarmenn nota eiginleg orð í verkum sínum. „Það er forvitnilegt að sjá hvernig honum verður tekið af nýrri kynslóð. Við lifum á tímum þar sem ofgnótt er af myndum og þá á hann kannski erindi

með sínar tæru og sterku myndir, einfaldar en fullar af merkingu.“

Í tilefni af aldarafmælinu mun ný heildarútgáfa á verkum Snorra koma út hjá Eddu útgáfu en þess má geta að þar verða tvö myndlistarverk eftir Snorra, sjálfsmýnd sem hann málaði á námsárunum í Ósló og uppstilling sem einnig verður til sýnis í Þjóðmenningarhúsinu.

Fjölskylda Snorra hefur veg og vanda af sýningunni í samstarfi við Þjóðmenningarhúsið en þar gefur að líta fjölmarga muni úr einkaeigu fjölskyldunnar, stíla- og skissubækur Snorra og gripi sem hann safnaði á ferðum sínum innanlands og utan.

Rithöfundasambandið mun standa fyrir sérstakri dagskrá við opnun sýningarinnar þar sem Hjörtur Pálsson flytur erindi um skáldið, Þorleifur Hauksson og Ragnheiður Steindórsdóttir lesa kvæði eftir Snorra og Gunnar Guðbjörnsson og Jónas Ingimundarson flytja sönglög við kvæði hans. Sýningin opnar kl. 16.00 á morgun og stendur yfir fram á voríð.

kristrun@frettabladid.is

Nína og Geiri
 söngbók
 Björgvins Halldórssonar
 Leikstjóri: Gunnar Heiðsson

25. mars. Þá borð laus
 22. apríl. Uppselt

6. maí. **AUKASÝNING**
 Ögripiddr mular seldir
 hálfurmannabú fyrir viðburð.

5331100
 Netfang: midasala@broadway.is

BROADWAY **Aðeins þessar sýningar**

HAFIÐ BLÁA
 Í AUSTURBÆ

Sun 23.04 kl: 13.30
 Sun 07.05 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á mid.is.
 Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
 sími: 551 4700

ÍsMedia

Le'Sing

Syngjandi þjónar
 Ein vinsælasta leiksýning landsins.
 Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY
 Sími: 533-1100

VIÐTALIÐ
 eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Föstud. 21. apríl kl. 20.00
 Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

Miðapantanir í síma 555 2222 og á mid.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



UNDRASAMSETNINGAR OG ÓVÆNTIR TÓNAR Spunadagskrá síðdegis í dag

Svimi í Tjarnarsal

Það verður efnt til tónlistarspuna í Tjarnarsal Ráðhússins síðdegis í dag þar sem fjórar spunasveitir munu koma fram og spila óvæntar blöndur af alls konar músík. „Þetta er svolítil breyting úr opnum spuna-kvöldum sem við höfum áður haldið, því nú inniheldur dagskráin fyrirfram ákveðin atriði og þetta eru því meiri tónleikar,“ segir Gunnar Grímsson sem hefur starfað með Magnúsi Jenssyni í Spuna síðan 1993. Þeir félagar hafa staðið fyrir um eitt hundrad spunaupákomum en spuni er ört vaxandi grein í tónlistarsenu Reykjavíkur.

„Þetta er allt fólk sem hefur verið virkt í spunaspilamennsku síðustu árin en hópurinn er mjög fjölbreyttur - allt frá atvinnu-tónlistarmönnum til fólks sem er

meira og minna þekkt fyrir eitthvað allt annað.“ Tónlistarfólkið er á öllum aldri, hátt í tuttugu manns munu taka þátt í dagskránni en spunasveitirnar Strengir Mithra, úþð, Kyrtlarnir frá Kaíró og Svimi munu skipta henni á milli sín en áherslan verður á fjölbreytni og tilurð góðrar tónlistar.

„Það verður spilað á allan skalann og alls konar hljóðfæri, á hefðbundin blásturshljóðfæri, gítar, bassa og trommur og líka furðuleg elektrónísk hljóðfæri sem jafnvel spila sjálf,“ útskýrir Gunnar.

Spunakvöldið er í tengslum við sýningu Arkitektafélags Íslands á útskriftarverkefnum arkitekta sem nú stendur yfir í Tjarnarsal Ráðhússins en tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 17.

-khh

Skinner missir kúlið

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Hvað gerðist? Hvernig er það mögulegt að sami maður og hefur þegar fært okkur tvær skotheldar plötur geti mögulega sætt sig við að gefa út heila breiðskífu af uppfyllingarefni?

Þessi plata er eins og ávaxtasafi þar sem búið er að skipta út öllum safu úr ávöxtum fyrir rotvarnar-efni og sykur.

Það er mjög undarleg upplifun að renna þessari nýju afurð Mike Skinners í gegn. Þetta hljómar eins og The Streets, meira að segja kannski einum um of. Það er eins og Mike nenni ekki að gefa sér tíma til þess að þefa upp ný sömpl eða nenni ekki að gefa sér tíma til þess að finna sér ný tæki til að vinna á. Kannski róast einhverjir aðdáendur við það að heimsækja þennan kunnuglega hljóðheim í Þriðja skiptið. Nema hvað í þetta skiptið sárvantar lög sem hreyfa við manni og textarnir eru orðnir merkilega linir. Skinner virðist geta fundið fátt annað að semja um en kókaín, kellingar og hversu erfitt það sé að vera frægur. Það er ekkert svalt við þessa plötu, sem kemur alveg ótrúlega á óvart miðað við fyrri

sígra. Flestir textarnir hljóma bara eins og bitrar vangaveltur frá manni sem er gjörsamlega búinn að missa allt jafnvægi úr eigin lífi. Það lítur út fyrir að Skinner hafi frekar viljað gefa út plötu strax, til þess að minna á sig og viðhalda glansmynd sinni í stað þess að bíða eftir því að verða fyrir innblæstri. Eina lagið sem ég hef einhverjar taugar til á þessari plötu er Never Went to Church, sem er óður Skinners til látins föður síns. Undirspilið þar minnir nokkuð á Bítlagið Let it Be, án efa viljandi gert af virðingu við minningu pabba. Þar virðist sem hann hafi loksins náð einhverri tengingu við sitt innra sjálf og hann nær að hljóma heiðarlegur. Svo eru ágætir punktar í Two Nation sem fjallar um muninn á Bretum og Könum. Restin er bara rusl.

Ef það er eitthvað að marka textana á þessari nýju plötu, þá er augljóst hvað hefur orðið um hæfileika hans. Þeim hefur verið ýtt út af borðinu til þess að skapa meira rými fyrir kókaínrendurnar. Herra Skinner, persónulega vildi ég óska þess að þú slappaðir aðeins af og gæfir þér tíma til þess að finna sjálfan þig á ný. Að minnsta kosti væri fínt ef þú



THE STREETS: THE HARDEST WAY TO MAKE AN EASY LIVING

NIDURSTADA:

Þriðja breiðskífa The Streets er hrein og klár vonbrigði. Fljótæmisleg útgáfa frá listamanni sem hefði frekar átt að bíða þangað til hann hefði upp á eitthvað áþreifanlegt að bjóða, eins og góð lög og texta.

hættir að röfla um hversu erfitt lífið sé í stöðugu kókaínpartíi og drullaðir þér í meðferð. Þú átt að geta svo miklu, miklu betur en þetta. Ef ég fengi að gefa stjörnur, myndi ég gefa þér hálfu... bara fyrir þetta eina lag.

Birgir Örn Steinarsson

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

18 19 20 21 22 23 24

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 16.00 Fyrsti bræðingur **Jazzakademiunnar í Stúdentakjallaranum**. Framverðir yngstu kynslóðarinnar í íslenskum djassi, þeir **Davíð Þór Jónsson** pianóleikari og **Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson** kontrabassaleikari úr **Flis**, gíra upp mannskapinn. Aðgangur er ókeypis.
- 20.00 **Birna Hallgrímsdóttir** heldur útskriftartónleika í **Salnum** í Kópavogi og leikur verk eftir **Haydn, Liszt, Janacék og Debussy** á píanó.
- 21.15 **Björn Thoroddsen** og **Jón Rafnsson** leika á **Jazzhátíð í Garðabæ** ásamt klarinettusníllingnum **Jörgen Svare**. Tónleikarnir verða haldnir í sal **Tónlistarskóla Garðabæjar í Kirkjulundi 11**.
- Jazzorgeltríóið B-3** leikur á **Hammond-hátíð** á **Djúpavogi**.

LEIKLIST

- 20.00 **Hugleikur** sýnir leikritið **Systur** eftir **Þórunni Guðmundsdóttur** í **Möguleikhúsinu** við Hlemm. Systur njóta sérkjara á sýningarnar, aðeins er greitt fyrir eina á hverja sýningu. Bræður eiga ekki kost á slíku nema þeir kjósi að villa á sér heimildir.
- 20.00 **Leikfélag MH** sýnir **Íslenska fjölskyldusirkusinn** í **Verinu** í Loftkastalanum við Seljaveg. Leikstjóri er **Sigrún Sól Ólafsdóttir**.

SKEMMTANIR

- 23.00 **Halli** og **Kalli** spila í Klúbbnum við **Gullinbrú**.
- Lúdo** og **Stefán** spila á **Kringlukránni**.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 12.00 Málverkasýning **Helgu Egilsdóttur** í gallerí **Animu** í **Ingólfsstræti 8**. Síðasta sýningarhelgi á sýningunni **huginn**.
- 13.00 Síðasta sýningarhelgi í **Gerðasafni**. Á sýningunni **Tæraleikar** eru verk finnsku listakonunnar **Elinar Brotherus**, **Þórs Vigfússonar** og **Rúriar**.

MÁLÞING

- 10.15 Ráðstefna **Norraena fyrirbærafraeðifélagsins** (Nordic Society for Phenomenology) hefst í **Háskóla Íslands**. Um helgina verða flutt fjögur aðalrindi og rúmlega 40 málstofuerindi en ráðstefnan fer fram í **Lögbergi** og **Öskju**. Ráðstefnan er öllum opin.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Starex

2.5L dísel bsk. 140. hö

Kr. 33.940 á mánuði*

- 4x4 með háu og lágu drifi
- Sæti fyrir 7 fullorðna
- ABS bremsur
- 4 Captain snúningsstólar

Með bílinn handa þér

Hann er kominn aftur!

STAREX 4x4

HYUNDAI hefur gæðin

* Bilasamningur til 84 mánaða með 30% úrborgun. Mánabætur greiðslur eru hábar vaxta- og gengisþróun.

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is



Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

Jet Black Joe: Full Circle, Mammút: Mammút, Högni Lisberg: Morning Dew, Deja Vu: A Place to Stand On, CocoRosie: Noah's Arc og The Flaming Lips: At War With The Mystics.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

SMS

UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

The Flaming Lips: At War With the Mystics

„Enn önnur frábær plata frá The Flaming Lips. Þó þessir menn þrammi sinn stig ekki varlega virðast þeir ekki geta misstigið sig. Álika súr og síðasta plata með nokkrum popplögum á milli.“

BÖS

Graham Coxon: Love Travels at Illegal Speeds

„Sjötta breiðskífa Coxon er hrá pönkuð og keyrð áfram með sóðalegum gítarstefjum. Hljómar eins og tilraun til að komast aftur inn í bílskúrinn.“

BÖS

Ghostigital: In Cod We Trust

„Platan sannar sérvísku og snilligáfu Ghostigital með dansvænum og taktföstum hip-hop töktum sem blandast við (ó)hljóð í skreytistíl.“

SHA

Yeah Yeah Yeahs: Show Your Bones

„Önnur breiðskífa Yeah Yeah Yeahs gerir allt sem hún á að gera. Stenst allar væntingar og á bara eftir að auka hróður sveitarinnar.“

BÖS

Isobel Campbell & Mark Lanegan: Ballad of the Broken Seas

„Isobel Campbell og Mark Lanegan ná að fanga sömu töfra og Nick Cave og Tom Waits eru þekktir fyrir. Bæta svo sínu eigin bragði við og framkalla afbragðsplötu.“

BÖS

Internetið skemmdi „undergroundið“

Pungarokksveitin Sólstafir gaf nýverið út sína þriðju plötu, Masterpiece of Bitterness, hjá finnsku útgáfunni Spikefarm.

Platan hefur fengið mjög góða dóma víða um heim og er hún loksins fáanleg heima á Íslandi á vegum 12 Tóna.

Aðalbjörn Tryggvason, gítarleikari og söngvari Sólstafa, segist ánægður með þessa góðu plötudóma þó svo að einhverjir hafi ekki verið svo góðir. „Það finnst mér mjög skiljanlegt því flestir hafa sagt að hún væri svo erfið. Það er ekki auðvelt að hlusta á tuttugu mínútna lag, eins og fyrsta lagið á plötunni er þar sem sami kaflinn er í korter. En það eru engar reglur í þessari tónlist. Doors var að gera ellefu mínútna lag 1970 og eitthvað og af hverju getum við ekki gert 20 mínútna lag í dag,“ segir Aðalbjörn.

Aðalbjörn segir að nafn hljómsveitarinnar hafi verið að krauma lengi í neðanjarðarheiminum



erlendis með tilheyrandi póstsendingum enda varð sveitin til árið 1995, áður en netið hóf innreið sína. „Í dag er þetta allt annað. „Undergroundið“ er samt ekkert dautt. Internetið skemmdi „undergroundið“ en það er ennþá á lífi. Það eru bara færri sem safna frimerkjum núna.“

Útgáfutónleikar Sólstafa vegna nýju plötunnar verða haldnir eftir um það bil tvær vikur.



> Plata vikunnar

Tapes N' Tapes: The Loon „Loksins skilar árið af sér plötu sem maður heldur varla vatni yfir. Frumraun Tapes N' Tapes er afbragð, tært og fullkomið indírokk!“

BÖS

Worm is Green: Push Play

„Frumleikinn er horfinn á nýju plötunni sem hefur engu að síður að geyma mörg áhuga-verð en frekar þunglyndisleg popplög.“

FB

Blindfold: Blindfold

„Fyrsta plata Birgis Hilmarssonar úr Ampop stendur vel fyrir sínu þar sem draumkennd fegurðin skín í gegn víðast hvar.“

FB

Úlpa: Attempted Flight by Winged Men

„Þetta er ágæt plata sem þó nær ekki að halda athyglinni allan tímann. Gítarinn á góða spretti á köflum en því miður dugur það ekki til.“

FB

X-DÓMÍNÓSLISTINN

TOPP TÍU LISTI X-INS 977

1. DR. MISTER & MR. HANDSOME
BOOGIE WOOGIE SENSATION
2. RED HOT CHILI PEPPERS
DANI CALIFORNIA
3. PEARL JAM
WORLD WIDE SUICIDE
4. WULFGANG
MACHINERY
5. THE RACONTEURS
STEADY AS SHE GOES
6. 10 YEARS
WASTELAND
7. TONY THE PONY
ARMY OF THE SUN
8. BULLET FOR MY VALENTINE
ALL THESE THINGS I HATE
9. MAMMÚT
PORKELL
10. THE STROKES
HEART IN A CAGE

Færeysk innrás á Íslandi

Færeyski söngvarinn Högni Lisberg er einn þeirra tónlistarmanna sem koma fram á færeysku tónlistarhátíðinni Atlantic Music Event, AME, sem verður haldin á Nasa annað kvöld.

Högni gaf nýverið út sína aðra plötu sem ber heitið Morning Dew. Platan var gefin út í Færeyjum í fyrra og var kosin plata ársins á Planet Awards þar í landi auk þess sem hún hefur fengið mjög góða dóma í Danmörku, Belgíu, Sviss og víðar.

Fyrsta plata Högna, Most Beautiful Things, kom út árið 2003 og var einnig valin plata ársins. Hún var lágstemmd, en nýja platan er aftur á móti fjórlegri og fjölbreyttari, þótt ekki sé um mikla stefnubreytingu að ræða.

Vel þekktur í heimalandinu

Högni var einn af stofnendum trip-hop hljómsveitarinnar Clickhaze sem Eivör Páldóttir var meðlimur í þangað til hún ákvað að einbeita sér að sólóferli sínum.

Hann er vel þekktur í heimalandi sínu en einnig er hann orðinn nokkuð stórt nafn í Sviss. Þangað fór hann í tónleikaferð árið 2004 við góðar undirtektir. Einnig hefur hann meðal annars spilað á Nibe-hátíðinni í Danmörku og á G!-hátíðinni í Færeyjum.

Nýlega skrifaði Högni undir dreifingarsamning við hið fornfræga útgáfufyrirtæki Rough Trade og því er ljóst að framtíðin er björt hjá þessum efnilega Færeyingi.

Í yfirgefnu kvikmyndahúsi

„Ég hlakka mikið til að koma. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig allt gengur og hvernig það verður að spila á Nasa. Það verður gaman að sjá hvort fólk láti ekki sjá sig á tónleikunum,“ segir Högni um förina til Íslands, sem er ekki sú fyrsta í röðinni. Síðast spilaði hann hér á landi sem trommari Clickhaze með Eivöru



HÖGNI LISBERG Tónlistarmaðurinn Högni Lisberg gaf nýverið út sína fyrstu plötu sem ber heitið Morning Dew.

Páls fyrir nokkrum árum en þetta verður í fyrsta sinn sem hann sjálfur verður í forgrunninum.

Hann segir að nokkur munur sé á fyrstu plötunni og þeirri nýjustu. „Fyrsta plata var ódýr í framleiðslu og tekin upp í yfirgefnu kvikmyndahúsi í Færeyjum. Við eyddum meiri peningi í aðra plötuna, sem var tekin upp í hljóðveri í Danmörku. Á henni er ég meira með hljómsveitina á bak við mig heldur en á þeirri fyrstu,“ segir Högni, sem er búsettur í Danmörku.

Færeysk hlýja

Eitt lag á hinni þrýðilegu Morning Dew er gamla Bob Dylan-lagið All Along the Watchtower sem bæði Jimi Hendrix og U2 hafa tekið í eftirminnilegum útsetningum. Högni segir ákvörðunina um að hafa lagið á plötunni segja mikið um sig sem listamann því hann hafi alist upp við að hlusta á Jimi Hendrix og Black Sabbath. Hann segir að þrátt fyrir tókulagið megi

engu að síður greina sérstæða færeyska hlýju á plötunni.

„Í Clickhaze blönduðum við saman færeyskri þjóðlagatónlist, poppi og rokki og hún hafði yfir sér einhverja hlýju. Á sama hátt heyrir maður alltaf þegar maður hlustar á sænska tónlist hvaðan hún er. Þó svo að það sé minna af færeyskri þjóðlagatónlist á nýju plötunni en í Clickhaze er hún samt til staðar og það má alveg greina þessa hlýju ennþá, ég veit ekki út af hverju.“

Auk Högna koma fram á Nasa annað kvöld hljómsveitirnar Gestir, Déja Vu, Makrel og Marius auk tónlistarkonunnar Lenu sem ólst upp í Kanada en hóf söngferil sinn í Færeyjum sautján ára gömul. Allir flytjendurnir sem koma fram á Nasa eru í fremstu röð færeyskra tónlistarmanna í dag.

Sérstakur gestur AME hátíðarinnar í ár er svo íslenska hljómsveitin Dikta sem stefnir á að halda tónleika í Færeyjum síðar á árinu.

frey@frettabladid.is

550 5000

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

www.vikurverk.is TANGARHÖFDA 1 SÍMI 557 7720

Arnar Kristín

Kóklag á netinu

Laginu sem Jack White, forsprakki rokkdúettsins The White Stripes samdi fyrir gosdrykkjaframleiðandann Coca Cola, hefur verið lekið á netið, aðdáendum sveitarinnar til mikillar hamingju.

Í texta lagsins, sem er á ástkræru nóttunum, segir meðal annars: „It's the right thing to do, and you know it, It's inside of you, just show it, love is the truth.“

Auglýsingunni þykir nokkuð svipa til myndbands The White Stripes við lagið The Hardest Button to Button frá árinu 2003 þar sem meðlimir sveitarinnar eru margfaldaðir.

Jack White sagðist í viðtali fyrir nokkru síðan vera spennur fyrir því að semja lag fyrir auglýsinguna. Hafði hann lítinn áhuga á að nota lag sem hann hafði þegar gefið út. „Að vera bedinn um að semja lag sem á að ná til heimsbyggðarinnar þar sem ástin er aðalþemað þótti



JACK WHITE Jack White úr The White Stripes hefur samdi lag fyrir Coca Cola.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mér heillandi verkefni,“ sagði White.

Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.

Á föstudaginn 21. apríl, laugardaginn 22. apríl og sunnudaginn 23. apríl afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir 21-23. apríl

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Lokaumferð undanúrslita Sigurskáldsins

Í dag birtast tvö síðustu ljóðin í átta ljóða úrslitum Sigurskáldsins 2006, ljóðakeppni Fréttablaðsins og Eddu útgáfu. Nú mætast ljóð Hildar Lilliendahl Viggósdóttur og Helga Hrafn Guðmundssonar

og það kemur sem fyrr í hlut lesenda að gera upp á milli þeirra í SMS-kosningu. Að þessari umferð lokinni standa fjögur ljóð eftir í undanúrslitum sem hefjast á morgun.

Sweet Jane

Jane. Jane ég vil yrkja þér ljóð. Við eigum allskonar drasl sameiginlegt ég og þú Jane. Allavega þykja mér fatalufsumar þínar með hlébarðamunstrinu helvíti töff og svo get ég vel skilið að þú skulir falla fyrir gæja eins og Tarzan. Það er eitthvað einkennilega eggjandi við menn sem sveifla sér hálfnaktir og vöðvastæltir í trjám. Sveifla... hálf... naktir... stæltir... trjám...

Það er tryllingurinn í augum ykkar Jane sem fær mig til að yrkja til þín ljóð. Sjáðu til Jane, ég hef aldrei verið sérlega villt. Það er stafalogn í lífi mínu Jane og ekki endilega vegna þess að ég kæri mig ekki um rok, ekki endilega vegna þess að ég óttist storminn, heldur vegna þess Jane, að breytingar kosta fyrirhöfn. Tíma, orku, peninga. Þess vegna sit ég sem fastast í íbúðinni minni á eylandinu mínu sem ég elska að hata og hata að elska Þess vegna hrist ég hér Jane og hlusta á vindinn fyrir utan gluggann minn. Svárið fýkur í vindinum sagði Dylan. Sennilega fæ ég aldrei að heyra það. Hálsinn á þér er einkennilega kynsandi Jane. Það er eins og hann biðji um að láta narta í sig. Rifbeinin þín eru rimlar í fangaklefa Jane og ég, ég er lokuð fyrir utan hann en ekki inni í honum. Hvað segirðu um það Jane, ha? Þokki konu í frumskógi er áreynslulaus. Þú ert öfundsverð Jane. Ef þú bara vissir hvað vestræn nútímakona leggur á sig til að laða að sér sémilegan karlmann. Ég hef jafnvel heyrt að til séu konur sem geri sér upp kynferðislega fullnægingu! Hugsaðu þér Jane. Allt til þess að karlmanninum líði betur með frammiðstöðu sína í (þarna ætlaði ég að segja rúminu, en sennilega hefur það ekki merkingu fyrir þér, svo ég læt hér við sitja.)

Álit dómnefndar

Kristján Bjarki Jónasson: Nútímakonan hittir frumskógakonuna. Fyndið en um leið tragískt ljóð um von okkar allra um frelsi.

Ragneiður Eiríksdóttir: Popað ljóð, með titli úr popplagi og tilvísun í annað. Hér er hita, frumskógi og ævintýraþrá stillt upp móti íslenskum kynkulda og afborgunum af íbúðarlánum. Sterkar andstæður.

Þórarinn Þórarinnsson:

Rosa „kynjað“ ljóð með skemmtilegu andstæðupari sem virðist þó eiga ansi margt sameiginlegt. Skógarkonan býr með mannapa og borgardaman tekst á við menn sem eru hálfgerðir apar. Ég er hálf-týndur í þessum skógi en flóran er vissulega fjölbreytt.



HILDUR LILLIENDAHL VIGGÓSDÓTTIR
Fædd 1981.



HELGI HRAFN GUÐMUNDSSON
Fæddur 1984.

samfélagið í nærmynd

tárbot borgin
er einmana

er jafn leið og ljónið
í sædýrasafni Hafnarfjarðar

er jafn hvarmablaut og aparnir
í Blómavali

ég set hettuna upp
og kveiki á vasadískó

hrafnar elta strætó

Álit dómnefndar

Kristján Bjarki Jónasson: Sérkennilega níunda áratugslegur blær á þessu ljóði þar sem vasadískó og sædýrasöfn leika lykhlutverk í dularfullri smámynd af borgarlífínu.

Ragneiður Eiríksdóttir:

Póstkort af rigningu í grárrí Reykjavík

þar sem dapurt fólk tekur strætó og fylgist með hröfnum. Gæti verið um mig!

Þórarinn Þórarinnsson:

Það er nettur menntó flíngur í þessu og líkingarnar eru það skemmtilegar að eymdin ristir ekki djúpt. Fila samt krumma sem elta strætó.

HVERNIG VELUR ÞÚ LJÓÐ?

Til að kjósa þitt ljóð sendir þú einfaldlega SMS-skeyti, eitt eða fleiri.

Ef þú kýst ljóð Hildar sendir þú SMS-skeytið JA L7 í númerið 1900*.

Ef þú kýst ljóð Helga sendir þú SMS-skeytið JA L8 í númerið 1900*.
* Hvert skeyti kostar 99 krónur.

Dregið verður úr innsendum SMS skeytum á hverjum degi. Vinningshafni dagsins fær bókina Sólskinshestur eftir Steinunni Sigurðardóttur.



Lordi í vanda

Framlag Finna í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, sem fram fer í Aþenu í maí, hefur átt undir högg að sækja. Finnar tefla fram fimm manna grímuklæddri hljómsveit sem kallar sig Lordi. Sveitin sigraði undankeppnina í Finnlandi með laginu „Hard Rock Halleluja“ en afar skiptar skoðanir hafa verið á sigrinum, ekki bara í Finnlandi heldur einnig erlendis. Ýmsar kjaftasögur hafa verið í gangi um hljómsveitina í heimalandinu, meðal annars sú að hljómsveitarmeðlimir tilheyri rússnesku leyniþjónustunni og hafi verið sendir til Finnlands af Vladimir Putin. Þessi saga, sem hefur verið nokkuð lífs-seig, rökstyðst með þeirri staðreynd að hljómsveitarmeðlimir spila aldrei öðruvísi en í gervi þar sem grímur hylja andlit þeirra. Sveitin hefur ekki síst verið gagnrýnd fyrir hið ógnvekjandi útlit sitt en söngvari sveitarinnar er sagður minna á Satan sjálfan með sínar 15 cm löngu svörtu neglur, trommarinn lýtur út eins og eitthvað óargardýr og hamrar trommurnar innan í rimlaklæddu búi og gítaristinn er klæddur eins og múmía. Ýmis trúfélög hafa bent á að textar sveitarinnar eru heldur ógeðfældir og gætu hvatt til djöfladýrkunar. Þrátt fyrir hörð mótmæli frá ýmsum hópum er það engu að síður staðreynd að Finnar kusu lag sveitarinnar sem sitt framlag í söngvakeppnina og þó einhverjir séu ósáttir við þá ákvörðun þá er bandið á leið til Aþenu í fullum skróða í maí. Finnland hefur hefur átta sinnum verið eitt þeirra landa sem fengið hafa fæst atkvæði í keppninni. Finnst mörgum grand prix-spekúlöntum sem framlagið í ár sé hálfgerð uppgjöf hjá finnsku þjóðinni sem virðist ekki lengur hafa neinu að tapa.

-SNÆ

Lotus Professional Heildarlausn fyrir snyrtinguna

Á tilboði í apríl 2006
Skammtarar og tilheyrandi
áfyllingar frá Lotus Professional



4.778 kr.

Lotus miðþurrku
skápur Marathon RVS

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og statíf úr ryðfríu stáli fyrir Lotus WC pappír.



1.591 kr.

Lotus miðþurrku
skápur Marathon

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og statíf í hvítu fyrir Lotus WC pappír.

3.982 kr.

Lotus enMotion
snertifrir skammtari

Rekstrarvörur

- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Keppt um bestu glæpasmásöguna

Skilafrestur fyrir þriðju smásagnakeppnina sem Hið íslenska glæpafélag stendur að rennur út þann 20. maí. Í þetta sinn verður umfjöllunarefnið glæpasögur eins og í fyrstu keppninni en í fyrria var keppt um bestu hryllings-söguna. Þá var 71 saga send til keppninnar og bar Gunnar Theódór Eggertsson sigur úr bítum.

„Glæpasögur eru vinsælli að mörgu leyti þó að fjöldinn í fyrria sýni líka vinsældir hrollvekjunnar,“ segir Kristinn Kristjánsson, foringi Hins íslenska glæpafélags. „Það eru margir sem eru að fást við þetta og það var skemmtilegt hvað það voru margar og ólíkar sögur í fyrria,“ segir hann.

Sagan sem vinnur í ár og þær sem lenda í öðru og þriðja sæti verða birtar í fylgihefti með tímaritinu Mannlífi í júlí. Jafnframt er búið að semja við nokkra þekktari höfunda um að þeir skrifi smásögur í heftið, þannig að væntanlega verður um skemmtilega blöndu af höfundum að ræða.

Grand Rokk hefur greitt verðlaunafé keppninnar alla tíð. Hljóða sigurlaunin í ár upp á 50 þúsund krónur fyrir efsta sætið, 30 þúsund fyrir það næsta og 20 fyrir það þriðja. Hafa þau lækkað mikið á milli ára, því fyrsta árið voru 300 þúsund veitt fyrir fyrsta sætið og 200 þúsund á síðasta ári. Kann



KRISTINN KRISTJÁNSSON Foringi Hins íslenska glæpafélags á von á skemmtilegri smásagnakeppni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Kristinn enga sérstaka skýringu á þessari lækkan aðra en þá að forsendur hafi breyst. Vonast hann samt sem áður til að fjöldi höfunda muni senda sögur sínar í tölvupósti til Mannlífs. Hámarks-lengd er 2.500 orð.

CLINIQUE

GÓÐ GJÖF



KAUPAUKI 5 HLUTIR!

Ef þú kaupir **tvo hluti eða fleiri** frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

- Dramatically different moisturizing lotion 30 ml
- Superdefense rakakrem 7 ml
- Colour Surge augnskuggi - Disco Pink
- Mini varalitir í veski
- Happy to by body krem

*Á meðan birgðir endast

<p>FRUMSYNING</p> <p>ALFABAKKA</p> <table border="0"> <tr><td>FAILURE TO LUNCH</td><td>KL. 4-6-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>FAILURE TO LUNCH VIP</td><td>KL. 4-6-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 5:30-8-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>V FOR VENDETTA</td><td>KL. 5:30-8-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>WOLF CREEK</td><td>KL. 8-10:10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BASIC INSTINCT 2</td><td>KL. 8:15-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>EIGHT BELOW</td><td>KL. 3:45-6</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>LISSIE</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>BAMBI 2 (id. tal)</td><td>KL. 4</td><td></td></tr> </table> <p>ALFABAKKI S: 587-8900</p>	FAILURE TO LUNCH	KL. 4-6-8-10:10		FAILURE TO LUNCH VIP	KL. 4-6-8-10:10		FIREWALL	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16	V FOR VENDETTA	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16	WOLF CREEK	KL. 8-10:10	B.I. 16	BASIC INSTINCT 2	KL. 8:15-10:30	B.I. 16	EIGHT BELOW	KL. 3:45-6	B.I. 16	LISSIE	KL. 6		BAMBI 2 (id. tal)	KL. 4		<p>HARRISON FORD PAUL BETTANY</p> <p>KEFLAVÍK</p> <table border="0"> <tr><td>FAILURE TO LUNCH</td><td>KL. 8-10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>WHEN A STRANGER CALLS</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>WOLF CREEK</td><td>KL. 10</td><td></td></tr> <tr><td>ICE AGE (id. tal)</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>PINK PANTHER</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>AKUREYRI</p> <table border="0"> <tr><td>FAILURE TO LUNCH</td><td>KL. 6-8-10</td><td></td></tr> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 8-10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>EIGHT BELOW</td><td>KL. 5:50</td><td></td></tr> </table> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	FAILURE TO LUNCH	KL. 8-10	B.I. 16	WHEN A STRANGER CALLS	KL. 8	B.I. 16	WOLF CREEK	KL. 10		ICE AGE (id. tal)	KL. 6		PINK PANTHER	KL. 6		FAILURE TO LUNCH	KL. 6-8-10		FIREWALL	KL. 8-10	B.I. 16	EIGHT BELOW	KL. 5:50		<p>BLÓÐGURÐI OG SPERMANDI TRYLLT</p> <p>KRINGLUNNI</p> <table border="0"> <tr><td>FAILURE TO LUNCH</td><td>KL. 6-8-15-10:20</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 6-8-15-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>WOLF CREEK</td><td>KL. 8:15-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>EIGHT BELOW</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	FAILURE TO LUNCH	KL. 6-8-15-10:20	B.I. 16	FIREWALL	KL. 6-8-15-10:30	B.I. 16	WOLF CREEK	KL. 8:15-10:30	B.I. 16	EIGHT BELOW	KL. 6		<p>HARRISON FORD PAUL BETTANY</p> <p>HÁSKÓLABÍÓ</p> <table border="0"> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 5:45-8-10:15</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>V FOR VENDETTA</td><td>KL. 6-8-10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BASIC INSTINCT 2</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>THE MATADOR</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>LISSIE</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>	FIREWALL	KL. 5:45-8-10:15	B.I. 16	V FOR VENDETTA	KL. 6-8-10	B.I. 16	BASIC INSTINCT 2	KL. 10	B.I. 16	THE MATADOR	KL. 8	B.I. 16	BLÓÐBÖND	KL. 6		LISSIE	KL. 6	
FAILURE TO LUNCH	KL. 4-6-8-10:10																																																																																			
FAILURE TO LUNCH VIP	KL. 4-6-8-10:10																																																																																			
FIREWALL	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16																																																																																		
V FOR VENDETTA	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16																																																																																		
WOLF CREEK	KL. 8-10:10	B.I. 16																																																																																		
BASIC INSTINCT 2	KL. 8:15-10:30	B.I. 16																																																																																		
EIGHT BELOW	KL. 3:45-6	B.I. 16																																																																																		
LISSIE	KL. 6																																																																																			
BAMBI 2 (id. tal)	KL. 4																																																																																			
FAILURE TO LUNCH	KL. 8-10	B.I. 16																																																																																		
WHEN A STRANGER CALLS	KL. 8	B.I. 16																																																																																		
WOLF CREEK	KL. 10																																																																																			
ICE AGE (id. tal)	KL. 6																																																																																			
PINK PANTHER	KL. 6																																																																																			
FAILURE TO LUNCH	KL. 6-8-10																																																																																			
FIREWALL	KL. 8-10	B.I. 16																																																																																		
EIGHT BELOW	KL. 5:50																																																																																			
FAILURE TO LUNCH	KL. 6-8-15-10:20	B.I. 16																																																																																		
FIREWALL	KL. 6-8-15-10:30	B.I. 16																																																																																		
WOLF CREEK	KL. 8:15-10:30	B.I. 16																																																																																		
EIGHT BELOW	KL. 6																																																																																			
FIREWALL	KL. 5:45-8-10:15	B.I. 16																																																																																		
V FOR VENDETTA	KL. 6-8-10	B.I. 16																																																																																		
BASIC INSTINCT 2	KL. 10	B.I. 16																																																																																		
THE MATADOR	KL. 8	B.I. 16																																																																																		
BLÓÐBÖND	KL. 6																																																																																			
LISSIE	KL. 6																																																																																			

Loach og Coppola tilnefnd til Gullpálmans

Leikstjórnarnir Ken Loach, Sofia Coppola og Pedro Almodovar eru í hópi þeirra sem keppa um hinn eftirsóttu gullpálma á kvikmyndahátíðinni í Cannes í maí. Loach er tilnefndur fyrir mynd sína The Wind That Shakes the Barley en þetta er í áttunda sinn sem Loach er tilnefndur til gullpálmans þó hann hafi aldrei fallið honum í skaut.

Almodovar mætir til leiks með myndina Volver með Penelope Cruz í aðalhlutverki en Coppola gerir atlögu að pálmanum með Marie-Antoinette. Bandaríski leikstjórinn Richard Linklater er tilnefndur fyrir mynd sem hann byggir á bókinni Fast Food Nation og ítalska myndin Il Caimano, eftri Nanni Moretti, blandar sér einnig í slaginn en myndin er háðsádeila á Silvio Berlusconi, fráfarandi forsætisráðherra Ítalíu.

Myndin United 93, sem endursegir lokastundirnar í lífi farþega einnar flugvélarinnar sem notuð var í árásunum þann 11. September 2001 verður sýnd utan keppni og sömu sögu er að segja um sumarsmellinn X-Men 3: The Last Stand.

Kvikmyndahátíðin í Cannes hefst þann 17. júní með frumsýningu á The Da Vinci Code. Sam-



SOFIA COPPOLA Etur kappi við gamla jaxla í bransanum á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor.

kvæmt venju er gert ráð fyrir miklum stjörnufrásíningum í Cannes og það þykir næsta víst að Tom Cruise, Bruce Willis, Hugh Jackman og Kirsten Dunst munu spóka sig á hátíðinni í ár. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI

Poppsöngvarinn og leikarinn Nick Lachey telur ekki útilokað að Jessica Simpson, leikkona og fyrrverandi eiginkona hans, hafi verið í tygjum við aðra menn þegar þau voru saman. Hann óskar þess meira að segja að hann hefði komið að henni í rúminu með öðrum manni á sínum tíma, því þá þyrfti hann ekki að glíma við óvissuna og það hefði gert skilnað þeirra endanlegri. Þarið skildi fyrir fimm mánuðum en í viðtali við tímaritið Rolling Stone segist Lachey enn reyna að átta sig á hvers vegna sambandið brást. Popparinn segist líka ekki hafa vitað að úti væri um hjónabandið fyrir en Jessica tilkynnti honum ákvörðun sína.




Breska slúðurblaðið The Sun hefur beðið leikkonuna Teri Hatcher afsökunar fyrir að birta frétt þess efnis að hún hefði sérstakan húsbíl á bílastæðinu heima hjá sér og notaði hann til að stunda kynlíf til þess að trufla ekki dóttur sína. Fram kemur í The Sun í gær að blaðið hefði birt fréttina í góðri trú,



en við athugun hafi komið í ljós að hún væri hreinn uppspuni og er Hatcher beðin afsökunar á ónæðinu sem fréttin kann að hafa valdið henni. Í desember fékk leikkonan háar bætur frá slúðurblaðinu Daily Sport fyrir að birta sömu frétt.

Fyrrum ástkona Angelinu Jolie kveðst hafa litla trú á að samband leikkonunnar við Brad Pitt muni



endast lengi, því Jolie hafi ekki fengið nóg af konum. Jenny Shimizu og Jolie voru elskendur árið 1996. „Ég var fyrsta konan sem hún var með og þótt hún sé að fara eignast barn með Brad, efast ég um að þær verði ekki fleiri. Hún elskar konur of mikið.“ Shimizu segist hafa verið yfir sig ástfangin af Jolie á sínum tíma. Hún á nú í sambandi við bresku sjónvarpskonuna Rebecca Loos sem var mikið í fréttum um árið þegar hún hélt því fram að hún hefði átt í ástarsambandi við David Beckham.

Michael Jackson með plötu í vinnslu

Poppstjarnan Michael Jackson vinnur nú að nýrri plötu sem áætlað er að komi út á næsta ári. Jackson skrifaði undir samning við nýjan útgefanda, 2 Seas Records sem mun gefa plötuna út og segist Jackson vera ánægður með það að vera kominn í hljóðver á ný. Poppgoðið hefur átt í miklum fjárhagsvanda síðan hann stóð í miklum réttarhöldum þar sem hann var sakaður um barnanföngshátt. Í síðasta mánuði varð hann að loka Neverland búgarðinum í Kaliforníu og segja upp starfsfólki til þess að geta greitt kostnað vegna réttarhaldanna en búgarðurinn er

sannkallað ævintýraland. Nýji plötusamningurinn mun svo líklega gefa Jackson einhverjar tekjur en eins og áður sagði þá á platan reyndar ekki að koma út fyrir en í lok næsta árs svo aðdáendur hans þurfa að sýna þolinmæði.



Í BÍÓ

matthew mcconaughey sarah jessica parker

failure to launch

Sumum mönnum þarf að ýta út úr hreidrinu.

KOMIN Í BÍÓ!

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI



Wilkins fylgdist með

Ray Wilkins, hinn gamalreynði þjálfari úr enska boltanum og núverandi þjálfari hjá Millwall, var á meðal áhorfenda á leik KR og Fram í deildabikarnum í gær. Eins og kunnugt er eiga KR og Millwall í samstarfi en Wilkins var á landinu til að ganga frá lausum endum í tengslum við heim-sókn Millwall til Íslands í sumar.

sport
sport@frettabladid.is

FLORENTINA GRECU: MUN LÍKLEGA STANDA Í MARKI STJÖRNUNNAR Á NÆSTU LEIKTÍÐ:

Mig langar að breyta um umhverfi

Markvörðurinn Florentina Grecu, sem leikið hefur með ÍBV síðustu tvö ár, segir að það séu 80% líkur á að hún spili með liði Stjörnnunnar á næstu leiktíð. Grecu hefur ekki enn skrifað undir samning við félagið, öfugt við það sem forráðamenn ÍBV hafa haldið fram, en viðurkennir að hana langi til að breyta um umhverfi.

„Þetta er ekki alveg komið á hreint en það er langlíklegast að ég fari til Stjörnnunnar. Ég er búinn að vera í Eyjum í tvö góð ár og langar til að breyta til og flytja til Reykjavíkur,“ útskýrir Grecu, en samningur hennar við ÍBV rennur út í sumar og er hún því frjáls ferða sinna. Grecu, sem hefur verið í hópi bestu markmanna landsins frá því að hún kom fyrst, hefur fengið fjölmörg tilboð

frá félögum í öðrum löndum, m.a. Þýskalandi, Danmörku, Spáni, Rúmeníu og fleiri löndum. Hún býst þó ekki við að fara af landi brott. „Mér líður vel á Íslandi og svo er maðurinn minn í þeirri



aðstöðu að það er best fyrir hann að vera á Íslandi,“ sagði Grecu. Sem kunnugt er voru forráðamenn ÍBV ekki sáttir við vinnubrögð Stjörnnunnar í þessu máli og sökuðu félagið um að ræða ólöglega við samningsbundinn leikmann. Grecu ítrekar að hún hafi ekki átt samskipti við neinn inn-anbúðar hjá Stjörnnunni. „Ég er með góðan umboðsmann sem vinnur í mínum málum og tala aðeins við hann. Það var frá honum sem ég frétti af áhuga Stjörnnunnar,“ segir hún en kæra frá ÍBV liggur enn á borði HSÍ og verður tekin fyrir á næstunni.

> Heyrst hefur...

... að verulegur skjálfti sé í herbúðum KR-sports enda hefur gengi meistaraaflokks KR verið langt fyrir neðan væntingar. Liðið hefur tapað hverjum leiknum á fætur öðrum á undirbúningstímabilinu og tap gegn 1. deildarliði Fram í gær var síðan sérlega erfitt að kyngja. Stuðningsmenn KR eru því farnir að búa sig undir komu útlandinga rétt fyrir tímabil og fá sumir stuðningsmannanna hroll niður bakið við tilhugsunina enda gleymast menn á borði við Moussa Dagnogo og Sergio Ommel seint.



HART BARIST Það voru engin vettlingatök sýnd í leik IA og Keflavíkur í gær. Hér sækir Hólmur Örn Rúnarsson fast að Dean Martín.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Deildabíkar karla:

Riðlakeppni A-deildar lokið

FÓTBOLTI Riðlakeppni í deildabíkar karla er lokið en fjögur lið komust upp úr tveimur riðlunum í A-deild. Það voru ÍBV og FH sem komust upp úr riðli eitt og Keflavík og Þór komust upp úr riðli númer tvö.

Þórsarar komu mikið á óvart en þrátt fyrir að skora aðeins níu mörk í sjö leikjum leika Þórsarar í undanúrslitum þar sem þeir mæta Íslandsmeisturum FH sem tryggði sér efsta sætið í 1. riðli með 5-2 sigri á Fjölni í gær.

Leikur FH og Þórs verður leikinn á þriðjudaginn í næstu viku en Keflavík og ÍBV mætast í Egils-höllinni á fimmtudaginn. Úrslitaleikurinn sjálfur fer svo fram 1. maí á Stjörnuvelli.

- hph

Handknattleiksdeildin ákvað að segja upp öllum samningum

Handknattleiksdeild FH hefur sagt upp samningum allra leikmanna meistaraaflokks félagsins, bæði í karla- og kvennaflokki. Formaðurinn segir aðgerðina nauðsynlega enda standi handknattleiksdeildin illa fjárhagslega. Talað er um að deildin skuldi 40 milljónir króna en formaðurinn segir það orðum aukið.

HANDBOLTI Stjórn handknattleiksdeildar FH gerði sér lítið fyrir á dögnum og nýtti uppsagnar-ákvæði í samningum leikmanna félagsins. Allir leikmenn félagsins, bæði í karla og kvennaflokki, eru því án samnings og í raun frjálst að semja við hvaða lið sem er.

„Ef við ætluðum að segja upp samningum við leikmenn varð það að gerast fyrir 15. apríl og þetta er varúðarráðstöfun hjá okkur því ef við lendum í neðri hlutanum í karlaboltanum er ljóst að tekjurnar munu minnka stórlega og ekki víst að við getum í kjölfarið staðið við gerða samninga. Rekstrarumhverfið í neðri deildinni er þess eðlis að það væri ekki ábyrg fjármálastjórnun hjá okkur að grípa ekki til þessara aðgerða núna. Ef við hefðum ekki gert þetta þá hefði deildin einfaldlega farið á hausinn næsta vetur að því gefnu að við leikum í neðri hlutanum,“ sagði Örn Magnússon, formaður handknattleiksdeildar FH, við Fréttablaðið í gær en félagið sagði ekki upp samningum við þjálfara



VILJA EKKI HEYRA SLÆMAR FRÉTTIR? Ásdís Sigurðardóttir og stóllur hennar í FH eru allar án samnings rétt eins og leikmenn meistaraaflokks karla.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

liðanna, þá Atla Hilmarsson og Kristján Halldórsson.

„Við verðum að gera hlutina öðruvísi ef við lendum í neðri hlutanum og munum semja á þeim forsendum sem liggja fyrir í lok tímabilsins. Þetta er ekki gert

samt bara fyrir okkur heldur erum við einnig að gera þetta fyrir leikmenn því það er ekkert víst að allir leikmenn liðsins vilji spila í neðri hlutanum næsta vetur,“ sagði Örn sem neitar því ekki að skuldastaða félagsins sé mjög

slæm og að reksturinn sé þungur. Fréttablaðið hefur heyrt að deildin skuldi í kringum 40 milljónir króna en Örn vildi ekki staðfesta þá tölu. „Ég held að það sé orðum aukið en skuldastaðan er vissulega slæm og í endurskoðun. Ég vil ekki segja hver skuldastaðan er nákvæmlega en hún er erfíð.“

Örn segir að það sé enginn dans á rósum að reka handknattleiksdeildina sem sé í samkeppni við Íslandsmeistara Hauka í handbolta og Íslandsmeistara FH í fótbolta um styrktaraðila og annað. Þó staðan sé slæm á Örn samt ekki von á því að stjórnin muni stökkva frá borði fari svo að liðið lendi í neðri hlutanum.

„Það er engan bilbug á okkur að finna en þetta er erfitt þar sem allur tíminn fer í að leita að peningum. Við erum að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni núna en við trúum því að við verðum samt í efri hlutanum. Félag eins og FH á ekki að vera í svona basli og vonandi náum við úrvalsdeildarsæti því FH á heima á meðal þeirra bestu,“ sagði Örn. henry@frettabladid.is

FRUMVARPIÐ UM RÍKISÚTVARPIÐ ER MEINGALLAÐ

„Í frumvarpi menntamálaráðherra er verið að blása til sóknar ríkisrekstrar gegn einkarekstri sem hefur þegar haslað sér völl á markaðnum. Þessi framganga ríkisins spillir heilbrigðum rekstrarskilyrðum á fjölmiðlamarkaði. Þannig liggur í augum uppi að ef frumvarpið fjallaði ekki um RÚV heldur fyrirtæki í einhverri annarri atvinnustarfsemi í landinu sæist glögglega hve frávik frá eðlilegum leikreglum markaðarins eru hrópanði í frumvarpinu.“

Viðskiptaráð Íslands

Úr Skoðun Viðskiptaráðs Íslands á frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið.
24.02.2006



IVANO BALIC Tæpur fyrir úrslitaleikina í meistaradeildinni gegn Ólafi Stefánssyni og félagum í Ciudad Real. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Meistaradeildarúrslit:

Balic tæpur hjá Portland

HANDBOLTI Fyrri úrslitaleikur Ciudad Real, sem Ólafur Stefánsson leikur með, og Portland San Antonio í úrslitum meistaradeildarinnar fer fram í Pamplona á laugardag og síðari leikurinn í Ciudad helgina á eftir.

Lykilmaður Portland og þeirra helsta stjarna, Króatinn Ivano Balic, verður með á laugardag en hann hefur ekki leikið síðustu tvo leiki með Portland vegna meiðsla á hné.

Læknir Portland er ánægður með batann hjá Balic og segir hann verða kláran í leikinn þó hann verði ekki 100% heill. - hbg

Juan Roman Riquelme:

Fer hann til Man. Utd?

FÓTBOLTI Argentínski miðvallarleikmaðurinn Juan Roman Riquelme er ofarlega á óskalista Manchester United og samkvæmt fréttum frá Englandi mun félagið greiða Villarreal átta milljónir punda fyrir þjónustu hans í sumar. Auk þess er landi hans, Aldo Ducher, sterklega orðaður við United.

„Ég fylgist vel með enskum fótbolta í sjónvarpinu. Ég veit allt um úrvalsdeildina og styrk hennar. United er sterkt lið með menn á borð við Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo sem eiga bjarta framtíð fyrir sér,“ er haft eftir Riquelme. - hþh



STEVEN GERRARD Fær ekki að fara til Spánar biðji hann um það. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Rafael Benitez:

Gerrard fer ekki til Real

FÓTBOLTI Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, hefur fullvissað stuðningsmenn Liverpool um að Steven Gerrard sé ekki á förum frá félaginu. Hann sé einfaldlega ekki til sölu.

Ummæli Benitez koma í kjölfar fréttu af því að Real Madrid hafi sett Gerrard efstán á óskalistann hjá sér ásamt Brasilíumanninum Adriano hjá Inter.

„Það þarf ekkert að flækja málið. Hann er ekki til sölu,“ sagð Benitez við breska fjölmiðla í gær. - hbg

Þýskir fjölmiðlar ríða á vaðið í Ballack-málinu:

Michael Ballack búinn að semja við Chelsea?

FÓTBOLTI Þýska sjónvarpsstöðin ZDF hélt því fram í gær að þýski landsliðsfyrirliðinn Michael Ballack væri búinn að skrifa undir fjögurra ára samning við Englandsmeistara Chelsea en samningur hans við Bayern Munchen rennur út í sumar og mun hann því fara til Chelsea án greiðslu reynist fregnirnar réttar.

Þessar fréttir koma ekki beint á óvart enda hefur Ballack verið í viðræðum við Chelsea lengi og í raun hefur verið beðið eftir tilkynningu þess efnis að hann væri búinn að semja við ensku meistarana.

Umboðsmaður Ballacks, Michael Becker, vildi ekki staðfesta þessar fréttir í gær en sagði að viðræðurnar gengju vel og að vonandi myndu samningar nást fyrir HM sem hefst 9. júní.

Ballack hefur sjálfur lýst því yfir að hann vilji spila með Chelsea en hann neitaði að framlengja samning sinn við Bayern þar sem nú væri síðasta tækifæri hans að spila í öðru landi. Ballack er 29 ára og vill eyða sínum bestu árum í boltanum í annarri deild en hann hafnaði þessum fréttum ZDF seinni partinn í gær.

- hbg



MICHAEL BALLACK Mun skrifa undir risasamning við Chelsea ef að líkum lætur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

SONY

Sony Sjónvarp

- og DVD spilari með



40"

KLVS40A10
40" LCD SONY SJÓNVARP

- HD Ready · 1366 x 768 pixla upplausn · Contrast 1000:1
- Svartími 8ms (Grátt í Grátt) · HDMI tengi og 2 x scart · PC tengi

Verð 28.329 krónur vaxtalaust* í 12 mán.
eða 339.950 krónur staðgreitt



32"

KLVS32A10
32" LCD SONY SJÓNVARP

- HD Ready · 1366 x 768 pixla upplausn · Contrast 1000:1
- Svartími 8ms (Grátt í Grátt) · HDMI tengi og 2 x scart · PC tengi

Verð 16.663 krónur vaxtalaust* í 12 mán.
eða 199.950 krónur staðgreitt



26"

KLVS26A10
26" LCD SONY SJÓNVARP

- HD Ready · 1366 x 768 pixla upplausn · Contrast 1000:1
- HDMI tengi og 2 x scart · PC tengi

Verð 13.329 krónur vaxtalaust* í 12 mán.
eða 159.950 krónur staðgreitt



DVPNS52S
Sony DVD spilari

- Spilar R-1 / R-2
- Spilar VCD / SVCD / MP3 / DivX
- Resume Play (man 6 diska)

Kaupauki!
DVD spilari fylgir þessum sjónvörpum að andvirði 14.950,-

Fjarstýringin virkar á Sony sjónvörp!

like.no.other™

Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



HEIMSMEISTARINN Hefur enga trú á Honda en telur að Ferrari og McLaren verði í baráttunni við Renault.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fernando Alonso:

Sigtar út aðal keppinautana

FORMÚLA-1 Spænski heimsmeistariinn Fernando Alonso telur að Ferrari og McLaren verði helstu keppinautar Renault um meistaratitilinn í formúlunni í ár. Um helgina verður keppt á Imola brautinni í San Marino en Alonso er efstur í stigakeppni ókuþóra með 28 stig en félagi hans hjá Renault, Giancarlo Fisichella hefur fjórtán stig líkt og Kimi Raikkonen á McLaren.

„Báðir McLaren-ökumennirnir verða keppinautar okkar, af því þeir eru á Michelin. Bíll McLaren er í stöðugri framför en ef Bridgestone nær að búa til góð dekk fyrir Ferrari þá verða þeir líka inn í myndinni, en ég tel að gengi þeirra verði sveiflukennt á þessu ári,“ sagði Alonso.

„Ég yrði hissa ef Honda næði að landa sigri á þessu ári. Líðið verður með í slag um verðlaunsaæti, en það kæmi mér á óvart ef Button næði að vinna mót. Honda skortir 0.2 sekúndur til að vera í toppslagnum. Mín skoðun er sú að líðið þurfi fyrst að vera í toppslagnum í 2-3 ár áður en það verður í titilbaráttunni,“ sagði Alonso á blaðamannafundi í gær.

- hph

Þakklátur guði fyrir hnefaleikana

Íslandsmótið í hnefaleikum fer fram um helgina. Meðal keppenda er hinn 18 ára gamli Sigurjón Arnórsson sem lærði box af afa sínum, Matthíasi Matthíassyni, sem 81 árs að aldri er enn að æfa hnefaleika.

HNEFALEIKAR Matthías Matthíasson er meðal godsagna Íslands í boxheiminum. Matthías byrjaði ungur að árum að stunda box og æfir enn þann dag í dag þrisvar í viku þrátt fyrir að vera kominn á níraðisaldurinn. Hann kom dóttursyni sínum, Sigurjóni Arnórssyni, upp á lagið með að boxa en Sigurjón er átján ára gamall. Hann er í Hnefaleikafélagi Reykjavíkur og mun keppa í þungavigtarflokki um helgina í Íslandsmótiinu í hnefaleikum sem fer fram í Kaplakrika.

„Ég vildi verða meistari í einhverju,“ sagði Matthías, aðspurður um ástæðuna fyrir því að velja hnefaleika. „Ég byrjaði að æfa rétt fyrir seinni heimsstyrjöldina í leikfímmissal Menntaskólans í Reykjavík með Ármanni þar sem Guðmundur Arason tók mig upp á arma sína. Guðmundur ber höfuð og herðar yfir allt sem kallast hnefaleikar á Íslandi og næstur honum er Þorsteinn Gíslason sem rak fyrsta hnefaleikaskólann,“ sagði Matthías.

„Ég er þakklátur guði fyrir að hafa komist í hnefaleikana. Þetta styrkti mig gríðarlega mikið enda ein erfiðasta íþrótt sem hægt er að stunda. Hnefaleikadansinn er ekki fyrir hvern sem er, ég vona að aðeins reglumenn stundi hnefaleika. Ég hef aldrei drukkið brennivín og ekki reykt heldur, það má ekki skyggja á andann og íþróttahugsjón hnefaleikanna með því. Ég get því farið í hringinn ennþá þrátt fyrir háan aldur. Á meðan heilsan og Guð lofar þá æfi ég box,“ sagði Matthías sem æfir þrisvar sinnum í viku og aðstoðar



GÓÐIR SAMAN Matthías og Sigurjón eru flottir saman í fullum skrudá. Matthías ber hanska, ekki ósvipaða þeim sem hann notaði á sínum fyrstu árum í boxíþróttinni. Sigurjón er með öllu nýtskulegri útbúnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

við kennsluna eftir bestu getu enda margreyndur í íþróttinni.

„Ég geri mitt besta til að hafa góð áhrif. Þessi íþrótt er frábær fyrir ungt fólk að byrja á og ég skora á menn að vakna betur og styðja við þessa íþrótt eins og mögulegt er,“ sagði Matthías sem kenndi Sigurjóni dóttursyni sínum box fyrir fimm árum og þá var

ekki aftur snúið fyrir þennan snjalla boxara. „Ég byrjaði að kenna honum heima í garði fyrir nokkrum árum. Lögreglan kom eitt sinn heim og ætlaði að gera boxútbúnaðinn minn upptækan, þar á meðal spítbolta og fleira, þá sagði ég þeim að þetta væri karatebolti. Þeir urðu að taka það gott og gilt og ég komst því upp með þetta,“ sagði Matthías.

„Sigurjón er samviskusamur og ég er mjög hreykinn af þeim árangri sem hann hefur náð. Hann nýtir tímann sinn mjög vel auk þess sem hann veit nánast allt um heimshnefaleikana í dag,“ sagði Matthías en Sigurjón segist eiga í mikilli þakkaraskuld við afa sinn.

„Ég var eitthvað að leika mér með dótið hans afa úti í skúr áður en hann sýndi mér hvernig átti að gera þetta. Síðan byrjaði ég að mæta á hverjum degi til að æfa hjá honum þar sem hann sýndi mér taktana. Ég æfði vel hjá afa en einnig hjá Guðmundi Arasyni og því hafði ég góða lærimeistara.

Afi hefur alltaf verið við hliðina á mér og öll fjölskyldan styður vel við bakið á mér og okkur,“ sagði Sigurjón sem æfir box á hverjum degi.

„Box er langskemmtilegasta íþrótt sem ég hef stundað. Þetta er frábær íþrótt og þegar maður hefur æft svona lengi og fylgst jafn vel með og ég hef gert þá er ekki hægt að hætta í þessu,“ sagði Sigurjón sem hefur einnig æft fótbolta, körfubolta og frjálsar íþróttir en hann dreymir um að keppa á ólympíuleikum í framtíðinni.

„Það væri draumur að komast á stórmót á borð við ólympíuleika en það er alls ekki hlaupið að því. Það er gríðarlega erfitt en maður veit aldrei hvað gerist,“ sagði Sigurjón sem segir að til að keppa í boxi þurfi menn að vera í mjög góðu líkamlegu ástandi. „Þetta er mjög krefjandi og líkamlega erfitt. Þú þarft að vera í góðu formi og þetta er erfiðasta íþrótt sem ég hef stundað, en þetta er alltaf jafn gaman.“

hjalti@frettabladid.is



ENN Í FULLU FJÓRI Matthías stundar ennþá box þótt hann sé 81 árs gamall. Hann æfir þrisvar sinnum í viku en Sigurjón alla daga vikunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

FRUMVARPIÐ UM RÍKISÚTVARPIÐ ER MEINGALLAÐ

„Samtök atvinnulífsins telja því nú að frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES samningsins um ríkisstyrki, sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggi ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. Með vísan til framanritaðs geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.“

Samtök atvinnulífsins.

Úr umsögn SA um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið.

15.02.2006

365



ROBERT PIRES Hugsanlega að leika sitt síðasta tímabil með Arsenal.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Robert Pires opnar sig:
Með tilboð frá Villarreal

FÓTBOLTI Frakkinn Robert Pires hjá Arsenal greindi frá því eftir fyrri leik Arsenal og Villarreal í undanúrslitum meistaraeildar Evrópu að hann væri búinn að fá tveggja ára samningstilboð frá spænska félaginu.

Pires, sem er 32 ára, er samningslaus í sumar og viðræður við Arsenal hafa gengið illa þar sem enska félagið hefur aðeins viljað bjóða honum eins árs samning.

„Villarreal er til í að bjóða mér tveggja ára samning,“ sagði Pires við spænska blaðið AS. „Það sem skiptir mestu nú er að koma Arsenal í úrslit meistaraeildarinnar. Ef þess verður þörf mun ég tala við forráðamenn Villarreal í kjölfarið.“ - hbg

Lance Armstrong:
Með í NY maraþoninu?

HLAUP Fræknasti hjólaþjafi sögunnar, Bandaríkjamadurinn Lance Armstrong, hefur sett stefnuna á að hlaupa New York-maraþonið sem fram fer 5. nóvember næstkomandi.

Armstrong læsti hjólið inni í skúr eftir að hafa unnið Tour de France sjö ár í röð, en það hefur engum öðrum tekist, og er nú til í nýjar áskoranir.

„Ég hef verið að æfa en ekkert alvarlega,“ sagði hinn þindarlaus Armstrong sem sigraði Tour de France-keppnirnar eftir að hafa sigrað í baráttunni við krabbamein en hann fékk krabbamein í eistun. „Ég er bara að æfa til þess að fylla upp í tómarúm í lífi mínu eftir að ég hætti að keppa.“ - hbg



PAUL SCHOLES Er með sjaldgæfan augn-sjúkdóm.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Paul Scholes:
Horfir til næstu leiktíðar

FÓTBOLTI Paul Scholes, miðjumaður Man. Utd, hefur sett stefnuna á að spila með Manchester United á næstu leiktíð þó hann eigi við sjónvandanámál að stríða. Scholes á það til að sjá allt í móðu án nokkurs fyrirvara og það segir sig sjálft að erfitt er að leika knattspyrnu við slíkar aðstæður.

Hann hefur ekkert leikið síðan í desember er hann var loks greindur en þessi sjúkdómur er mjög sjaldgæfur. „Ég er bara að hugsa um tímabil. Ég er búinn að hvíla í fjóra mánuði og ég veit ekki hvort ég verði fullkomlega góður af þessu en ég ætti að vera klár í slaginn í byrjun næsta tímabils,“ sagði Scholes. - hbg

Tiger Woods tekur sér ótímabundið frí frá golfinu:

Dvelur hjá dauðvona föður sínum

GOLF Besti kylfingur heims, Tiger Woods, hefur tekið sér ótímabundið frí frá íþróttinni svo hann geti eytt tíma með föður sínum, Earl Woods, sem virðist vera að heyja sína lokabaráttu við krabbamein og er honum ekki hugað líf mikið lengur. Tiger hefur engu að síður staðfest að hann muni taka þátt á opna bandaríska meistaramótinu, US Open, sem fram fer í júní.

„Það er allt upp í loft heima hjá mér þannig að ég veit ekki nákvæmlega hvað gerist. Faðir minn berst áfram og er ekki búinn að gefast upp enda mikill baráttu-

jaxl og í raun er hann gangandi kraftaverk,“ sagði Tiger sem er staddur í Nýja-Sjálandi til að vera viðstaddur brúðkaup kylfusveins síns, Steve Williams.

Woods mun væntanlega ekki taka þátt í US Open án undirbúnings og því spurning hvenær hann mætir næst á völlinn en US Open hefst 15. júní.

Tiger hefur unnið tíu risamót á ferlinum og mun eltast við ellefta titilinn í júní en það mót mun eflaust falla í skuggann af HM.

- hbg



NÁNIR FEDGAR Tiger og faðir hans Earl hafa ávallt verið mjög nánir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fallegustu húsin

Þakklæðning sem getur ekki leikið !
Ný framtíð engir naglar frábær arkitektúr

10 ára verksmiðjuábyrgð

Umboðsaðili á Íslandi
Nova Iceland ehf
Hamraborg 7 Hamraborg 7
Sími 5172328 GSM 6931328
freysij@internet.is nova@internet.is

Stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum

Ray Allen hjá Seattle:

Skoraði flestar 3-stiga körfur

KÖRFUBOLTI Ray Allen, leikmaður Seattle, bætti í fyrrinótt metið í skorudum 3-stiga körfum á einu tímabili í NBA-deildinni. Allen skoraði sex þriggja-stiga körfur gegn Denver í síðustu umferð riðlakeppninnar og alls 268 slíkar á tímabilinu. Allen sló þar með met Dennis Scott frá árinu 1996 en þá skoraði hann 267 3-stiga körfur. Þess má geta að Allen skoraði fimm 3-stiga körfur í fyrsta leikhliða.

Þegar Allen sló metið var hlé gert á leiknum til að heiðra skýttuna mögnuðu. Hann fékk að eiga keppnisboltann og var hylltur af áhorfendum í Seattle.

- vig

Teitur Þórðarson fer ekki vel af stað hjá nýja liðinu:

Slæmt gengi hjá KR

FÓTBOLTI „Ég hef ekki áhyggjur af gengi okkar þrátt fyrir að vissulega geti ég ekki verið sáttur með árangur okkar til þessa. Óheppni spilar inn í þar sem við höfum verið að spila með en ekki fengið úrslitin með okkur,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR við Fréttablaðið í gær en liðið tapaði í loka-leik deildabikarsins í gær fyrir 1. deildarliði Fram, 3-2.

KR hefur tapað öllum leikjum sínum í deildabikarnum fyrir liðum í Landsbankadeildinni. KR hefur aðeins unnið tvo leiki, gegn 1. deildarliðunum Þór og KA.

„Við gáfum Fram tvö ömurleg mörk í leiknum og eina vítaspurnu. Einstaklingsmistökun voru ekki að

kosta okkur í fyrsta skipti og ég hef aldrei séð önnur eins mistök og í leiknum gegn Fram. Fram að síðustu tveimur leikjum vorum við að spila mjög vel, við þurfum að finna þann takt aftur. Þá hefur lykilmáður á borð við Grétar Hjartarson ekki verið með og það munar um minna,“ sagði Teitur sem segir að sjálfstraust skorti hjá einhverjum leikmanna liðsins.

„Við þurfum á einum sigri að halda til að fá sjálfstraustið aftur upp hjá nokkrum mönnum. Það eru aðeins þrjár vikur í mót og við megum ekki við því að tapa fleiri leikjum. Það er ekki laust við að fiðringur sé kominn í okkur enda stutt í mót“ sagði Teitur.

- hþ



TAKTAR Viðar Guðjónsson sýnir hér skemmtilega takta í leik Fram og KR í gær. Fram vann leikinn 3-2 í fjögurum leik liðanna í Safamýri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

EKKI MISSA AF ÞESSU!

BLEND SKÓR OG FÖT LAGERSALAN

ALLAR GALLABUXUR 2000 kr.-
AÐRAR BUXUR 1000 kr.-
PILS 1000 kr.-
BOLIR 700 kr.-
PEYSUR 1500 kr.-
SKYRTUR 1000 kr.-
JAKKAR 2000 kr.-
ÚLPUR 3000 kr.-

FULLT AF FLOTTUM MERKJUM

Kaupið tvö stk. og fáðið það þriðja frítt (ódyrasta parið af þremur)

Nóg úrval af dömstigvélum Blend herrafatnaði Golfskóm Blend dömufatnaður ECCO herra og dömuskóm(tísku)

Opnun verður sem hér segir:
 Föstudag 21. apríl frá 15:00 til 19:00
 Laugardag 22. apríl frá 11:00 til 17:00

Vínlandsleið Grafarholti

- Við hliðina á Húsasmíðjunni og Toppskónum
 - Þetta er sama útsala og var í Ákralind hér um árið!



Toppskórinn Outlet

LAGERSALAN ER HÉR

EKKI MISSA AF ÞESSU!



HVER VERÐUR VALINN SÁ BESTI? Körfuboltasérfræðingar ytra spá því að valið á besta leikmanni deildarinnar komi til með að verða á milli þessara leikmanna: Kobe Bryant hjá LA Lakers, Dirk Nowitzki hjá Dallas, LeBron James hjá Pheonix eða Chauncey Billups hjá Detroit. Þó má heldur ekki gleyma Steve Nash hjá Pheonix sem á titil að verja frá því í fyrra.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Hver verður valinn sá verðmætasti í vetur?

Flestir spá því að Detroit og San Antonio eigi tiltölulega greiða leið inn úrslit NBA, en deildarkeppninni lauk í fyrrinótt. Sjaldan hefur verið jafn ómögulegt að spá fyrir um hver valinn verður verðmætasti leikmaður tímabilsins.

KÖRFUBOLTI Úrslitakeppni NBA-deildarinnar er framundan en deildarkeppninni lauk formlega í fyrrinótt þótt að nokkurn veginn hafi verið vitað fyrirfram hvernig liðin myndu raðast saman í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Nokkur athyglisverð einvígi eru á dagskrá og þá sér í lagi rímmur LA Lakers og Pheonix og Chicago og Miami, en þar spá ymsir því að óvænt úrslit geti litið dagsins ljós.

Meistarar San Antonio mæta Sacramento í fyrstu umferðinni og ættu ekki að eiga mikla erfiðleika með að komast framhjá þeirri hindrun en Detroit, sem náði bestum árangri alla liða í deildinni í vetur, mæta Milwaukee og ætti ef allt er eðlilegt að komast taplaust í gegnum það einvígi.

Í raun eru flestir körfuboltaspekingarnir ytra því að baráttan um titilinn muni standa á milli þessara liða og að þau ættu að komast klakklaust í úrslitin. Á góðum degi hafa þó lið á borð við Dallas, Pheonix og Miami öll burði til að velgja sigurstranglegu liðunum undir uggum.

Þó nokkur spenna ríkir um valið á mikilvægasta leikmanni tímabilsins sem tilkynnt verður eftir nokkrar vikur. Ófugt við mörg síðustu ár er nánast ógjörningur að spá fyrir um hver hreppi nafnbótina í ár, en flestir telja að baráttan muni standa á milli Kobe Bryant hjá Lakers og LeBron James hjá Cavaliers. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa borði

lið sín á herðum sér í vetur og leitt þau inn í úrslitakeppnina. Sumir vilja þó meina að Chauncey Billups sé sá sem eigi nafnbótina mest skilið, enda búinn að vera jafnbesti leikmaðurinn í liðinu sem er með besta árangurinn.

Kobe kveðst ánægður með eigin frammistöðu sína í vetur, en hann varð stigahæsti leikmaður vetrarins með næstum 36 stig að meðaltali í leik. „Ánægðastur er ég samt með árangur liðsins. Við spiluðum betur en margir spáðu,“ segir Kobe en Lakers hefur unnið 11 af síðustu 14 leikjum sínum og telja margir að liðið geti komið á óvart í úrslitakeppninni.

Leikmenn Detroit eru staðráðnir í að endurheimta titilinn sem þeir misstu í hendur San Antonio í fyrra en lykilmenn liðsins hafa verið hvíldir mikið í síðustu leikjum. „Það eru allir heilir og tilbúnir fyrir partíið framundan,“ sagði Richard Hamilton hjá Detroit.

- vig

TÖLFRÆÐI VETRARINS

Flest stig

1. Kobe Bryant, LA Lakers	35,4
2. Allen Iverson, Philadelphia	33,0
3. LeBron James, Cleveland	31,4
4. Gilbert Arenas, Washington	29,3
5. Dwayne Wade, Miami	27,2

Flest fráköst

1. Kevin Garnett, Minnesota	12,7
2. Dwight Howard, Orlando	12,5
3. Shawn Marion, Pheonix	11,8
4. Ben Wallace, Detroit	11,3
5. Tim Duncan, San Antonio	11,0

Flestar stoðsendingar

1. Steve Nash, Pheonix	10,5
2. Baron Davis, Golden State	8,9
3. Brevin Knight, Charlotte	8,8
4. Chauncey Billups, Detroit	8,6
5. Jason Kidd, New Jersey	8,4

Flest varin skot

1. Marcus Camby, Denver	3,29
2. Andrei Kirilenko, Utah	3,19
3. Alonzo Mourning, Miami	2,66
4. Josh Smith, Atlanta	2,60
5. Elton Brand, LA Clippers	2,54

Flestir stolnir boltar

1. Gerald Wallace, Charlotte	2,51
2. Brevin Knight, Charlotte	2,28
3. Chris Paul, New Orleans	2,24
4. Gilbert Arenas, Washington	2,01
5. Shawn Marion, Pheonix	1,98

Besta 2-stiga nýting

1. Shaquille O'Neal, Miami	60,0%
2. Eddy Curry, New York	56,3%
3. Tony Parker, San Antonio	54,8%
4. Gerald Wallace, Charlotte	53,8%
5. Andrew Bogut, Milwaukee	53,3%

1. UMFERÐ ÚRSLITAKEPPNINNAR

Austurdeildin

Milwaukee-Detroit
 Chicago-Miami
 Indiana-New Jersey
 Washington-Cleveland

Vesturdeildin

Denver-LA Clippers
 LA Lakers-Phoenix
 Memphis-Dallas
 Sacramento-San Antonio

LEIKIR GÆRDAGSINS

UEFA bikarkeppnin:

STEUA BÚKAREST-MIDDLESBROUGH 1-0
1-0 Nicolae Dica (30.)
Þetta var fyrri leikur liðanna í undanúrslitum.
SCHALKE-SEVILLA 0-0
Þetta var fyrri leikur liðanna í undanúrslitum.

Deildabikar karla: A-deild

VÍKINGUR Ó.-BREIÐABLIK 0-3
ÍBV-PRÓTTUR 1-0
FRAM-KR 3-2
ÍA-KEFLAVÍK 1-1
FH-FJÖLNIR 5-2
VÍKINGUR R.-ÞÓR 0-1

LOKASTAÐAN - RIÐILL 1:

1. FH	7	5	1	1	21-9	16
2. ÍBV	7	4	2	1	11-7	14
3. BREIÐABLIK	7	3	3	1	17-11	12
4. FYLKIR	7	3	3	1	16-10	12
5. FJÖLNIR	7	2	2	3	12-18	8
6. GRINDAVÍK	7	1	3	3	8-10	6
7. VÍKINGUR Ó.	7	1	2	4	7-14	5
8. PRÓTTUR R.	7	0	2	5	8-21	2

LOKASTAÐAN - RIÐILL 2:

1. KEFLAVÍK	7	4	2	1	11-6	14
2. ÞÓR	7	4	2	1	9-9	14
3. VÍKINGUR R.	7	4	1	2	11-10	13
4. ÍA	7	3	3	1	16-10	12
5. VALUR	7	3	2	2	17-7	11
6. KR	7	2	0	5	17-16	6
7. FRAM	7	1	2	4	10-13	5
8. KA	7	1	0	6	8-28	3

FH og Þór mætast í undanúrslitum annarsvegar og Keflavík og ÍBV hinsvegar.

ÚR SPORTINU

Víkingar hafa fengið til sín tvo enska leikmenn frá Stoke City á Englandi. Keith Thomas og Carl Dickinson koma til Fossvogslíðsins fyrir sumarið en ekki er víst að þeir verði hjá liðinu allt sumarið. Dickinson er varnarmaður og hefur verið viðloðinn aðalliðið hjá Stoke en missti af stórum hluta síðasta tímabils vegna meiðsla. Thomas er sóknarmaður sem missti einnig af miklu af tímabilinu sem er að ljúka vegna meiðsla.



Gunnar Heiðar Þorvaldsson var í liði Halmstad sem tapaði á heimavelli gegn Elfsborg í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Hvorki Kári Árnason né Sölvi Geir Ottesen gátu leikið með Djurgarden sem sigraði Kalmar á útivelli. Stefan Batan skoraði eina mark leiksins þegar skammt var til leiksloka og tryggði Djurgarden þriju stig.

Grétar Rafn Steinsson sat á varamannabekk AZ Alkmaar sem lá illa í valnum fyrir Gröningen í umspili í hollensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær, 3-1. Ajax lagði Feyenoord 3-0 af velli í hinum leiknum en þau lið sem vinna einvín mætast í hreinum úrslitaleik um sæti í meistara-deild Evrópu á næstu leiktíð.



Arnar Gunnlaugsson leikmaður ÍA varð markakóngur í riðlakeppni deildabikars KSÍ sem lauk í gær. Arnar skoraði sex mörk í jafn mörgum leikjum, þar af eitt þeirra úr vítaspyrnu. Hreinn Hringsson sóknarmaður KA skoraði einnig sex mörk, en það gerði hann í sjö leikjum auk þess sem tvö þeirra komu úr vítum. Rógvi Jacobsen úr KR og Jakob Spangsberg frá Val skoruðu báðir fimm mörk, Rógvi í fimm leikjum en Jakob í sjö.

Framkvæmdastjóri spænska stórlíðsins Real Madrid, Ramon Calderon, segir að félagið sé að hrúni komið eftir allar mannabreytingarnar sem hafa átt sér stað í æðstu stjórnarstöðum síðustu ár. „Allir sem tengjast félaginu vilja árangur en ekkert gerist. Tveir mánuðir eru síðan nýr forseti tók við en síðan þá hefur ekkert gerst,” segir Calderon um nýja forsetann, Fernando Martin, og vandaði honum ekki kveðjurnar.

Steaua Búkarest vann fyrri leikinn gegn Middlesbrough í undanúrslitum UEFA bikars Evrópu í gærkvöldi:
Steaua í kjörstöðu eftir sigur á Middlesbrough

FÓTBOLTI Steaua frá Búkarest bar sigurorð af enska liðinu Middlesbrough í gær í fyrri undanúrslitaleiknum í UEFA bikarkeppni Evrópu. Það var Nicolae Dica sem skoraði eina mark leiksins með fallegu skoti í fyrri hálfleik. Þetta var eina mark leiksins þrátt fyrir að bæði lið hafi fengið fín tækifæri til að bæta við mörkum. „Þetta var gríðarlega erfiður leikur. Það er alls ekki auðvelt að spila á þessum velli en mér fannst við leysa verkefnið nokkuð vel af hólmi. Við vorum óheppnir að tapa en með heppni hefðum við vel getað skorað mörk í þessum leik. Andstæðingar okkar léku þó gríðarlega vel og líklega áttu þeir sigurinn skilinn,” sagði Steve

McClaren, stjóri Middlesbrough eftir leikinn. „Mark Schwarzer hélt okkur inni í leiknum á tímabili. Hann átti frábæran leik. Það má þó ekki gleyma því að einvíginu er langt frá því að vera lokið. Við eigum heimaleikinn eftir og með stuðningi áhorfenda þá getum við hæglega komist í úrslitaleik keppninnar. Það er ekki nema eitt mark sem skilur liðin að,” sagði McClaren. Í hinna undanúrslitarimmundi mætast Schalke og Sevilla en leikur þeirra í gær var ekki mikið fyrir augað og lauk með markalausi jafntefli í Þýskalandi. - hph

FRÁBÆR TILPRIF Leikmann Steaua sýndu oft á tíðum frábær tilprif á heimavelli sínum í Búkarest. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



FIMMTUDAGUR 27. APRÍL, 20:00

**Mezzoforte
Ife Tolentino (BRA)**

FÖSTUDAGUR 28. APRÍL, 20:00

Soul Jazz Records present:
**100% Dynamite (UK)
Flís & Bogomil Font
Petter Winnberg (SE)**



Vorblót er ný tónlistarhátíð. Þar finnur þú jazz, funk, heimstónlist og óuppgvötaðar leiðir.
www.riteofspring.is

27.-30. apríl

Á NASA við Austurvöll.
Miðaverð á hverja tónleika er 2.900 kr (auk 225 kr miðagjalds)
Miði á alla hátíðina kostar 5.900 kr (auk 400 kr miðagjalds).
Miðasala í verslunum Skífunar, BT Akureyri & Egilstöðum og á www.Midi.is.

LAUGARDAGUR 29. APRÍL, 20:00

KAL (SER)
Stórsveit Nix Noltes

SUNNUDAGUR 30. APRÍL, 20:00

**Salsa Celtica (UK)
Blue Truck**



ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„The horror... The horror...“

Svar: Kurtz úr Apocalypse Now frá 1979.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR ER KOMIN Í SUMARSKAP

Sjónvarpslaust sumar

Jæja, þá er sumarið komið samkvæmt almanakinu og ég velti því alvarlega fyrir mér hvort ég eigi ekki bara að pakka sjónvarpinu niður. Láta það fara sömu leið og skiðin og vetrarúlpán, inn í geymslu. Held þetta sé ekki svo galin hugmynd þar sem allir vita hvort sem er að sjónvarpsdagskráin á sumrin er alls ekki eins góð og vetrardagskráin. Það er líka vont að horfa á sjónvarpskjáinn í sólfylltri íbúð og svo er líka svo margt annað skemmtilegra að eyða tímanum í á sumarkvöldum en sjónvarpsgláp. Sjálf hef ég reyndar aldrei verið mikil sjónvarpskona. Ég er hreinlega með of mikinn njál og of kvöldsvef til þess að ég nái því nokkur tíma að verða forfallinn sjónvarpsjúklingur. Það eru helst sjónvarpsfréttirnar og einstaka þættir sem fá mig til þess að sitja kyrr við tækið. Ég veit því vel að ég get lifað sumarið af án sjónvarps. Í horninu þar sem sjónvarpið er vant að standa er ég að spá í að skella upp gamla plötuspilaranum sem er inni í geymslu. Á sumarkvöldum mun ég setja gömlu Minipops-plötunna á fóninn og draga fram húlahringinn. Þegar hausta tekur mun ég svo líklega taka fagnandi á móti vetrardagskrá sjónvarpsins með örmjótt mitti.

UMSKIPTI Í STOFUNNI Það er kjörið að skipta á sjónvarpstækini í sumar og gamla góða plötuspilaranum og nota sumarkvöldin í dans í stofunni heima í staðinn fyrir sjónvarpsgláp.




▶ 22.15
Spenna

GET CARTER




▶ 20.30
Gaman

TWO AND A HALF MEN



▶ 21.00
Tónlist

BAK VIÐ BÖNDIN



▶ 21.40
Veruleiki

RIPLEY'S BELIEVE IT OR NOT!



▶ 19.00
Knattspyrna

LEIÐIN Á HM (PORTÚGAL OG EKVADOR)

SJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bituð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 My Wife and Kids 10.40 3rd Rock From the Sun 11.05 Það var lagið

SIRKUS

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Sigtíð (e)

SYN

besta sætið

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Ævintýri H.C Andersen (8:26)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Joey 13.55 Arrested Development 14.20 Life After Extreme Makeover 15.05 Night Court 15.30 Tónlist 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

14.50 Ripley's Believe it or not! (e) 15.35 Game tívi (e) 16.05 Dr. 90210 (e) 16.35 Upphitun 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

16.20 UEFA Cup leikir 18.00 Íþróttasjallíð 18.12 Sportíð

18.30 Ungar ofurhetjur (1:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.10 Latibær Textað á síðu 888 í Textavarp.
20.40 Disneymyndin – Ekki gá undir rúmið (Don't Look Under The Bed) Fjöl-skyldumynd um stelpu sem biður imyndaðan vin bróður síns að hrekja burt óvætt sem kennir henni um hrekki sína.
▶ 22.15 Gómunum Carter (Get Carter) Bandarísk bímynd frá 2000. Mafiufantur í Las Vegas fer til Seattle til að vera við jarðarför bróður síns. Þar kemst hann að því að bróðir hans var myrtur og er staðráðinn í að hefna hans. Atríði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
20.05 Simpsons (13:21)
▶ 20.30 Two and a Half Men (3:24) (Tveir og hálfur maður) Charlie uppgötvar að Alan hefur verið að hitta fyrverrandi konuna sína.
20.55 Stelpurnar (13:24) Stelpurnar hafa sannarlega slegið í gegn með nýstárlegu gríni sínu.
21.20 Beauty and the Geek (1:7)
22.05 Beauty and the Geek (2:7)
22.50 My Little Eye (Undir eftirliti) Krassandi hrollveikja. Hópur ungmenna fellst á að láta loka sig inn í afskekktu villu þar sem eru leyndlegar myndavélar í hverju skúmáskoti. Stranglega bönnuð börnum.

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.55 Þrándur bloggar Fyrsta videoblogg-stjarna Íslands
20.00 Sirkus RVK (e)
20.30 Splash TV 2006 (e)
20.55 Þrándur bloggar
▶ 21.00 „Bak við böndin“ Tónlistarþátturinn „Bak við böndin“ mun taka púlsinn á því besta sem er að gerast í íslenskrá jafartónlist. Í þættinum verður leitað við að afhjúpa hljómsveitirnar og tónlist þeirra og opna augu og eyru áhorfenda fyrir nýjum og kraftmiklum tónlistarheimi.
21.30 Tívalí
22.00 Bikinimódel Íslands 2006
22.30 Supernatural (10:22) (e) Bönnuð börnum.

19.00 Cheers
19.20 Fasteignasjónvarpið
19.35 Everybody loves Raymond (e) Margverðlaunuð gamanþáttaröð.
20.00 One Tree Hill
20.50 Stargate SG-1
▶ 21.40 Ripley's Believe it or not! Í þáttunum er farið um heim allan, rætt við og fjallað um óvenjulegar aðstæður, sérkennilega einstaklinga og furduleg fyrirbæri. Farið er með áhorfendur út að endimörkum imyndunarafslins – og teygð á.
22.30 Celebrities Uncensored E sjónvarpsstöðin telur niður þau 101 atvik sem hafa hrist hvað mest upp í heimsbyggðinni á síðustu árum, í máli og myndum.

18.30 Súpersport 2006
18.35 US PGA í nærmynd (Inside the PGA) Vikulegur fréttaröð þar sem fjallað er um bandarísku mótardöna í golfi á nýstárlegan hátt.
▶ 19.00 Leiðin á HM 2006 (Destination Germany) (Portugal + Ecuador) Í Destination Germany er fjallað um liðin sem taka þátt í mótnu og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina. Fjögur lið eru tekin fyrirhverjum þætti.
19.30 Gillette Sportpakkin
20.00 Motorworld
20.30 Meistaradeild Evrópu fréttaröð
21.00 Bikarupphitun
21.30 World Poker

23.55 Í hjartastað 1.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

0.25 Queen of the Damned (Str. b. börnum)
2.05 Kill Me Later (B. börnum) 3.30 Jason X (Str. b. börnum) 5.00 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.15 Þrándur bloggar 23.20 X-Files (e)

23.15 Sigtíð (e) 23.45 Rockface (e) 0.45 The Dead Zone (e) 1.30 The Bachelor VI (e) 2.20 Tvöfaldur Jay Leno (e) 4.30 Óstöðvandi tónlist

23.00 NBA (SA Spurs – Detroit)

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed
8.00 Big Fish 10.05 Triumph of Love 12.00 Win A Date with Ted Hamilton! 14.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed 16.00 Big Fish 18.05 Triumph of Love 20.00 Win A Date with Ted Hamilton! (Stefnumót með stórstjörnu!) 22.00 Taking Lives (Lífsviptingar) Æsispennandi nýr sálfæðitryllir. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Bad Boys II (Stranglega bönnuð börnum) 2.25 Girl Fever (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Taking Lives (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 Pop Stars Gone Bad 13.00 101 Most Starlicious Makeovers 14.00 101 Most Starlicious Makeovers 15.00 101 Most Starlicious Makeovers 16.00 101 Most Starlicious Makeovers 17.00 Pop Stars Gone Bad 17.30 Gasteineau Girls 18.00 E! News 18.30 Child Stars Gone Bad 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 101 Most Starlicious Makeovers 21.00 Rich Kids: Cattle Drive 22.00 Wild On Tara 22.30 Wild On Tara 23.00 E! News 23.30 Behind the Scenes 0.00 Wild On Tara 0.30 Child Stars Gone Bad 1.00 The E! True Hollywood Story 2.00 Guilty 3.00 Guilty 4.00 Guilty 5.00 101 Most Starlicious Makeovers 6.00 Fashion Police


AKSJÓN

Fréttaröðin Kortur er sýndur kl. 18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

7.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 8.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 14.00 Birmingham – Blackburn frá 19.04 16.00 WBA – Bolton frá 17.04 18.00 Man. City – Arsenal frá 17.04
20.00 Upphitun
20.30 Stuðningsmannabátturinn Liðið mitt (e)
21.30 Chelsea – Everton frá 17.04
23.30 Upphitun (e) 0.00 „Liðið mitt“ (e) 1.00 Dagskrárlök

Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta.



Gæðakaffi, nettengd tölva, tímarit og blöð – fyrir þig meðan þú bíður.
– þjónusta í fyrirrúmi.

pitstop

Við gerum þér
SÚPER
TILBOÐ



Dugguvogi 10 (v/Sæbraut) • 104 R.vík • S: 568 2020 og Hjallahrauni 4 • 220 H.fj • Sími 565 2121

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Megastructures National Geographic Kl. 19.00

Stærsta virkjun heims

Nei, hér ekki um að ræða heimildarmynd um Kárahnjúkavirkjun enda fölnar hún verulega í samburði við virkjunina sem þessi mynd fjallar um. Bygging stíflunnar, sem er í raun samansafn nokkurra samstarfandi virkjana, tók rúman aldarfjórðung og í hana var notað jafn mikið stál og járn og hefði þurft í byggingu 380 Eiffel-turna. Virkjunin heitir Itaipú, er á landamærum Paragvæ og Brasilíu og er samstarfsverkefni landanna tveggja. Forvitnilegur þáttur um málefni sem heldur betur hefur verið í umræðunni hér á landi að undanförmu.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	6	7	8	9	4	2	1	5
8	9	5	3	2	1	6	4	7
1	2	4	6	7	5	8	9	3
7	8	3	4	5	6	9	2	1
2	1	9	7	3	8	5	6	4
4	5	6	9	1	2	3	7	8
6	3	2	5	4	7	1	8	9
9	4	1	2	8	3	7	5	6
5	7	8	1	6	9	4	3	2

9	6	8							
					3	5			
5					6	2			
3			9		8		1		
				2					
	8		6		5			7	
		4	1					3	
		6	7						
							8	6	2



▶ 21.10
Fréttir

48 HOURS



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttarfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisdegið – fréttaviðtal 13.00 Íþróttir/lífsstíll 13.10 Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. 14.00 Hrafnáþing 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir

20.00 Fréttir

20.10 **Kompás** Nýr íslenskur fréttaskýringaþáttur sem veður vikulega á dagskrá á samtengdum rásum nýju fréttastöðvarinnar NFS og Stöðvar 2. Fréttarannsókn og umsjón er í höndum Jóhannesar Kr. Kristjánsson en kynnar eru m.a. Sigmundur Ernir Rúnarsson og Logi Bergmann Eiðsson.

21.00 Fréttir

▶ 21.10 **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

22.00 **Fréttir** Fréttir og veður

22.30 **Hrafnáþing/Miklabraut** Hrafnáþing er í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Óskastundin 9.45 Leikfimi 10.13 Sagnaslóð 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlarp

12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.50 Dánarfregnir 13.00 Vilt og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Flakk 16.13 Fimm fjórðu 17.03 Víðsjá 18.25 Spegillinn 19.00 Lög unga

fólksins 19.30 Samfélagið í nærmynd 20.30 Kvöldtónar 21.00 Það er gaman að grúska í orðum 22.15 Lestur Passíusálma 22.21 Pipar og salt 23.00 Kvöldgestir

0.10 Útlarpáð á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunþáttur Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland

16.00 Fréttir 16.10 Síðdegisútlarp 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Geymt en ekki gleymt 22.10 Næturvaktin 0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjami Ólafur / Ivar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTLARP SAGA
FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristlílegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristlílegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

AME REYKJAVÍK
ATLANTIC MUSIC EVENT

Færeysk tónlistarupplifun á NASA í Reykjavík laugardaginn 22. apríl

Sex framúrskarandi færeyskir flytjendur sækja Ísland heim á tónlistarhátíðinni Atlantic Music Event. AME hátíðin sem fóru fram í Vega tónlistarhólinni í Kaupmannahöfn árin 2004 og 2005 hafa gert færeyska tónlistarmenn mun sýnilegrí utan heimalandsins og fært þeim fjölmörg tækifæri til útrásar.

Fyrsta AME hátíðin hér á landi skartar Högna Lisberg, Gestum, Dejá Vu, Makrel, Marius og Lenu en þetta eru allt flytjendur sem eru í fremstu röð færeyskra tónlistarmanna í dag.

Miðaverð aðeins 1500 kr. + 150 kr. miðagjald og forsala aðgöngumiða fer fram í verslunum Skífunnar og á midi.is

Húsið opnar klukkan 20.30 og tónleikarnir hefjast klukkan 21.00
Nánari upplýsingar á midi.is



Tilboð á færeyskri tónlist í öllum verslunum Skífunnar í apríl



Sérstakir gestir: Íslenska rokkveitin Dikta





HRÓSIÐ

... fær Sigurjón Sighvatsson fyrir að sjá möguleikana í Óxinni og jörðinni og tryggja sér kvikmyndaréttinn á þessari sögulegu skáldsögu Ólafs Gunnarssonar.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 andlegt áfall 6 tveir eins 8 pota 9 undir þaki 11 gat 12 lautré 14 galsi 16 tveir eins 17 lágvær niður 18 arinn 20 tveir eins 21 hnappur.

LÓÐRÉTT

1 dreifa 3 tveir eins 4 fugl 5 ósigur 7 ágiskun 10 hæða 13 suss 15 sjá eftir 16 kærleikur 19 belti.

LÁUSN
LÓÐRÉTT: 1 stá, 3 ó, 4 storkun, 5 tap, 6 stá, 7 tilgáta, 8 tta, 9 rís, 11 op, 12 álumur, 14 gaski, 16 á, 17 súð, 18 stá, 20 r, 21 tala.

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á síðu 8

- Lið-aktín
- Hu Jintao
- Hermann Hreiðarsson

Xit

hárstofa

Sími 564 6444
Hlíðasmára 9

OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

REYKJAVÍKURNÆTUR: GLÆPATÍÐNIN HÆKKAR!

Harpa Pétursdóttir setur sig í spor ástarlöggunnar

Ég velti því oft fyrir mér á hvaða leið þessi heimur er. Í þetta sinnið er ég að spá í það hvers vegna fólk parar sig saman í dag. Það virðist sem svo að það skipti engu máli hvort fólk sé í sambandi, gift eða algerlega óskuld bundið þegar kemur að framhjáaldi. Allt gengur og ofsalega mörgum virðist vera hreint alveg sama. Það er ekki fyrr en fólk er gripið glóðvolgt að glæpamennirnir láta það sig varða hvort þeim sé í raun og veru ofaukið í bólinu. Þetta ástand hefur svoltíð þannig yfirbragð að það er eins og fólk pari sig saman eftir einhverri slembilukku eða bara eftir því sem hendi er næst og auðveldast. Margir stökkva beint í tryllingsleg ástarævintýri og opinbera svo ást sína fyrir umheiminum nokkrum vikum eða mánuðum eftir fyrsta stefnumót. Ég á bara erfitt með að skilja hvar fólk fær alla þessa peninga til að spreða í snittur og ísskúlpúta. En það verður víst líka að búa til vinnu fyrir lögfræðingana svo þeir þurfi ekki allir að vera í

því að bera út stefnur. Ég lenti í því um daginn að giftur maður reyndi ítrekað að fá mig til að koma að hitta sig. Ég var að sjálfsgöðu hissa og spurði hann hreint út og í einlægni hvers vegna hann væri eiginlega giftur. Það er svo undarlegt þegar fólk situr óhamingjusamt og óánægt í mörg ár eins og það sé að biða eftir að kraftaverkið hellist yfir stofuna hjá því og heldur svo framhjá af krafti á meðan á biðinni stendur. Er þetta spurning um leti, að hlífa bömunum, spennufíkn eða bara hreina íslenska græðgi? Það er samt nokkuð fyndið að það virðist ekki vera minna um framhjáald meðal þeirra sem hafa ekki sett upp hringana. Þá finnst manni jafnvel enn skrítnara að fólk skuli ekki geta haldið beltinu hertu. Það er nefnilega svo algengur misskilningur að grasið sé grænna hinum megin við girðinguna. Að kona vinarins sé betri eða að félaginn í jakka-fötunum sé örugglega fjörugri í rúminu. Mér finnst

bara svo erfitt að skilja hvers vegna fólk er yfir höfuð saman ef það langar í eitthvað annað. Það sorglega við þetta allt saman, fyrir utan alla litilvirðinguna sem þessu fylgir, er að einhvern veginn virðist glæpurinn framhjáald vera minni glæpur í dag en áður. Eins og það sé bara þekkt stærð að fólk haldi framhjá annað slagið og afsak það fyrir sjálfa sér og öðrum með því að eitthvað sé að í sambandinu hjá sér. Það er nefnilega engin afsökun! Þá á fólk einmitt að gera eitthvað í sínum málum og reyna svo fyrir sér á markaðnum á ný. Að sjálfsgöðu er ég ekki að stimpla alla sem ástar-glæpamenn en það er skelfilegt ef þetta verður að smávægilegum og hversdagslegum hlut. Ég vona svo sannarlega að við förum að skoða betur það sem situr í stofunni hjá okkur og lærum að vanda frekar valið á stofustássinu en að vera alltaf að fá lánuð húsgögn nágrenns.



TÖKUR Á MÝRINNI Í FULLUM GANGI: „LÍK“ Í ÍBÚÐ JÓHANNIS ÞÓRS

Blóðslettur upp um alla vegg

Lík fannst í íbúð Jóhanns Þórs Baldurssonar á Hrefnugötu í Reykjavík um páskana. Ekki var þó um alvörulík að ræða heldur einungis atriði úr kvikmyndinni Mýrinni sem Baltasar Kormákur, leikstjóri, er að taka upp um þessar mundir. Myndin er byggð á samnefndri bók metsöluhöfundarins Arnalds Indriðasonar og óhætt er að fullyrða að aðalpersónan, rannsóknarlögrelumadurinn Erlendur, sé orðin góðkunningi íslensku þjóðarinnar.

Jóhann segist hafa verið að vinna í íbúðinni þegar framleiðendur Mýrarinnar höfðu samband við hann og óskuðu eftir afnotum af henni. Íbúi á efri hæðinni hafði bent á íbúðina sem heppilegan tókustað fyrir myndina og varð hún á endanum fyrir valinu eftir nokkra leit.

„Það vildi svo vel til að hún var ekki alveg tilbúin þannig að þeir gátu vaðið inn og stútað henni eins og þeir vildu,“ segir Jóhann Þór, sem býr í Ólafsvík. Sonur hans býr í íbúðinni og fékk meira að segja að leika í einu bílaatriði myndarinnar, í virðingarskyni fyrir að hafa látið svefnpláss sitt svo góðfúslega af hendi meðan á tókunum stóð.

Jóhann segist vera spennur að sjá hvernig íbúðin, sem er 79 fermetrar, komi út á hvíta tjaldu. „Þeir tóku gröf í stofunni og gröfu þar upp líkið. Ég er nú búinn að sansa hana alla til aftur. Þeir sem voru að vinna að myndinni fengu allir sjokk



GLÆÐAR VIÐ GRÖFINA Birta, dóttir Jóhanns, og eiginkonan Ásta standa við gröfina á Hrefnugötu í Reykjavík. Virðast þær síður en svo vera skelfingu lostnar.

þegar þeir komu aftur til mín til að afhenda húsgögnin sem þeir settu í geymslu,“ segir hann og er ekkert smeykur yfir því að eiga nú íbúð þar sem „morð“ var framið með tilheyrandi blóðslettum upp um alla vegg.

Aðspurður segist Jóhann ekki vera mikill lest-arhestur og hafi lítið sem ekkert lesið eftir Arnald Indriðason. „Konan er aðdáandi, hún les rosa-

lega mikið eftir hann. Hún las Mýrina og sagði mér frá henni.“ Þess í stað segist Jóhann lesa mikið um tónlist enda er hann skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar. Auk þess spilar hann á gítar og hljómborð og hefur gert nokkuð af því að troða upp sem trúbador eða spila á hljómborðið sitt með hljómsveit.

Auk atriðanna í íbúð Jóhanns á Hrefnugötu hafa tókur farið fram að undanförunu í Landspítalanum, Íslenski erfðagreiningu, Lögreglustöðinni í Reykjavík og á Suðurnesjum. Myndin er síðan væntanleg á hvíta tjaldu í haust.

Ingvar E. Sigurðsson leikur lögrelumanninn Erlend en auk hans eru Björn Hlynur Haraldsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Ágústa Eva Erlendsdóttir í veigamiklum hlutverkum.

frey@frettabladid.is

INGVAR E. SIGURÐSSON Leikur lögrelumanninn Erlend sem hefur í mörgu að snúast í Mýrinni eftir að lík finnst undir stofugólfi kjallaírbúðar í Norðurmyri.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, skemmti sér konunglega á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði um páskana. Ráðherrann segir tónleikana vera „gríðarlega gott framtak heimamanna“ með hinn „þekktu Mugison“ í broddi fylkingar. „Yfir tónleikumum er dálítið hrár bragur, en skipulagning algjörlega framúrskarandi,“ segir ráðherrann á heimasíðu sinni en hann skemmti sér best yfir „atriði snillinganna úr Vestfirsku harmónikkulhljómsveitinni og hinnar frábæru hljómsveitar Hússins á sléttunni.“ Einar bætir því við að fyrir „oss miðaldra hljómaði annars tónlistin misvel í eyrum“ en heldur því til haga að sér hafi þó aldrei leiðst. Ráðherrann lýkur síðan frásögn sinni af tónleikaveislunni með því að upplýsa

að það gleðji hans stolta „Vestfjarðahjarta að sjá og heyra vinsæla hljómsveitameðlimi tala af svo mikilli virðingu um það að fá að spila á þessum tónleikum.“

ÞV ritstjórinn fyrrverandi, **Jónas Kristjánsson**, sendir framsóknarmönnum kaldar kveðjur á heimasíðu sinni jonas.is þar sem hann segir kosningaauglýsingar Framsóknarflokksins sýna fram á að markaðsfræðingar telji „að fólk sé mjög vitlaust og hafi þriggja vikna minni í pólitík“. Jónas segir framsóknarmenn „treysta á heimskuna“ þegar þeir slái upp „kosningaloförðum og sjónvarpsauglýsingum, sem gera ráð fyrir, að kjösendur viti ekki, að Framsókn hefur lengi verið í ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta í Reykjavík og ber því fulla ábyrgð á verkum og verkleysum á hvorum stað“. Jónas segir loforðin og auglýsingarnar „gefa í skyn, að Framsókn komi af fjöllum og hafi verið alveg ókunnugt um landstjórn og borgarstjórn í nokkur kjörtímabil“.



DV

Hefur þú séð DV í dag?

Eigendur Stoke þurfa 1,4 milljarða til að koma út á sléttu

Búinn að kenna 300 línudansa

Í vikunni kenndi Jóhann Örn Ólafsson danskennari sinn þrjúhundraðasta línudans í Dansmiðjunni og geri aðrir betur. Jóhann Örn hefur verið ötull boðberi línudansins en hann hefur kennt Íslendingum línudans síðan 1995. „Starfsfélagar mínir höfðu ekki mikla trú á línudansinum og héldu margir að þetta yrði bara tískubóla,“ segir Jóhann Örn en annað hefur komið á daginn því línudansarar eru það margir hér á landi að þeir halda eigið landsmót einu sinni á ári. Jóhann Örn fagnaði tímamótunum í dansskólanum með kaffi og tertu en þrjúhundraðasti dansinn sem Jóhann kenndi nemendum sínum var saminn af honum sjálfum. „Nei ég man ekki alla þessa dansa en ég á þá niðurskrifaða. Ég hef sjálfur samið svona 10% af þeim,“ segir Jóhann Örn. Að hans sögn er endalaust



LÍLFEGUR LÍNUDANSARI Jóhann Örn er ekki orðinn þreyttur á línudansinum þó hann sé búinn að kenna Íslendingum 300 línudansa. Hér er hann ásamt fjölskyldu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hægt að semja nýja línudansa. Grunnsporin séu um 10-20 og

þeim sé yfirleitt raðað upp á mismunandi hátt.

SUMAR tilboð!

GEGNHEILAR FURU

INNRETTINGAR

fyrir heimili og bústaði



ELDHÚS



BADHERBERGI

**VERTU ÞINN
EIGINN
ARKITEKT!**

FJÖLDI
UPPSTILLINGA-
MÖGULEIKA

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15



BAKANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

Af þjóðum

Sinn er síður í landi hverju. Í Ungverjalandi er „NEI“ heil setning. Setning sem er svo öflug, endanleg og þversum að sjálf Dóná drekkir öðrum löndum betur; hellir sér yfir Rúmeníu, Búlgaríu og Serbíu en skammast sín með lágreistan makka framhjá hinni fögru Búdapest. Ungverjar setja þvert nei við því að láta flæða yfir sinn höfuðstað. En það er nú ekki eina neið í því landi.

ÞAÐ MÁ með sanni segja að ungerska gúllasið og gúllassúpan séu „djúsi“ í þvísa landi, en svo einkennilega vill til að allt annað virðist frekar þurrt. Með reyktu svínakjöti fær maður kartöflumús, með grillaðri gæs soðnar hveitipastakúlur, furðu gráleitar, gömlímandi-sig og bragðdaufar. Maður snýr sér að næsta þjóni og spyr hvort hægt sé að fá sósu. Sá horfir á mann af fyrirlitningu og segir NEI. Svo fær maður enga sósu. Til að byrja með heldur maður að hann sé að reyna að vera myndinn, en kemst fljótlega að því að honum er full alvara.

EN, SKÍTT með sósur, maður graðkar bara í sig gúllasi og gúllassúpum í öll mál með öllum þeim paprikuduftum sem ræktast í plássinu og nærsveitum og selt er ferðamönnum í slíkum gámapís á öllum götuhornum að maður skilur ekki hvornig maður hefur komist af þar til maður kynntist þessum lífselexír. Við ættum kannski að athuga hvort ekki er hægt að gera mysuna okkar að slíkri lukkuvöru á þeim raunatímum sem krónan sekkur oní kútinn á sjálfri sér.

EKKI VARÐ nei-ið í Ungverjalandi minna hlægilegt þar sem íslenskir mysuágar mættu ameríkönskum atvinnumönnum í ferðalögum í söluklefa þar sem seldir voru miðar í undirgrundina í Búdapest. Í klefanum sat ein kæst dama sem fæddist einhvers staðar í upphafi rússnesku byltingarinnar og setti þvert nei við að selja þessu sjálfskipaða-veraldarinnar-löggæslu-pakki frá „stór-brotnasta landi heims“ (eins og Bush orðar það af sinni annáluðu hógværd) eitt einasta miðarifrildi úr sínum bás; þau gátu sko bara labbað á sínum merkjavörutúttum. Skipti engu að hjónin höfðu lært utanað orðabókina um algengustu hugtök og setningar í ungersku áður en lagt var upp í ferðina. Ameríska lífsgæðafrúin grét. Við mörlandarnir snerum okkur að þeirri kæstu á íslensku og báðum um tvo þriggja daga miða. Ekkert var sjálfsagðara.

ÞETTA VAR alveg í dúr við uppákomuna sem varð þegar óperuhúsið í Búdapest var opnað, eftir að Frans Jósef fyrsti lét reisa það. Einu fyrirmælin voru þau að húsið mætti ekki vera stærra en óperuhúsið í Vín. Kóngsi mætti á fyrstu frumsýninguna í húsinu og varð brjáláður yfir því að húsið væri skrautlegra en óperuhúsið í Vín og steig aldrei fæti inn í það aftur. Það var alveg sama hvað var reynt að dekstra manninn; hann setti þvert NEI fyrir. ■

STYSTA LEIÐIN Í BANKANN

Fjárhagsleg velgengni byggist á að vita alltaf hver staðan er.

Með Glitni í símanum þínum tryggir þú þér stystu leiðina í bankann.

Glitnir í símanum veitir þér aðgang að öllum helstu fjármálaupplýsingum sem þú þarft. Þar sérð þú stöðuna á reikningunum þínum, helstu kauphallarupplýsingar og gengi gjaldmiðla.

Þú getur líka millifært og fyllt á GSM frelsi.

Farðu á glitnir.is og kynntu þér hvernig þú færð Glitni í símann.

VERKFERI 6 M

„ÆTLI HLUTABRÉFIN MÍN HAFI HÆKKAÐ Í DAG?“

HEIM 4 KM

GLITNIR 53 CM



NETBANKI GLITNIS
Í SÍMANUM ÞÍNUM

nánari upplýsingar á glitnir.is

GLITNIR